

FORNLEIFAR Í SKAFTÁRTUNGU I:

FORNLEIFASKRÁNING Á BÚLANDI, BÚLANDSSELI OG SVARTANÚPI



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2014

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

FS545-13022



*Forsíðumynd er af rústum Erlendsstaða SF-179:010. Horft til ASA.
Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir*

©2014

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur	5
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	7
III. Skráningaraðferðir	9
IV. Fornleifaskrá	11
V. Niðurstöður	127
Heimildaskrá	137

Viðauki

Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)




I. Inngangur

Í skýrslu þessari er að finna niðurstöður fyrsta áfanga skráningar í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu. Í þessum fyrsta áfanga voru skráðar þrjár jarðir, Búland, Búlandssel og Svartinúpur og safnað upplýsingum um 150 fornleifar á vettvangi.

Aðdragandi þess að hafist var handa við skráningu á svæðinu er sá að um árabil hafa verið stundaðar þar umfangsmiklar rannsóknir á gjóskulögum undir yfirskriftinni *Tephrochronology and Landscape Change project*. Verkefnið hafa þeir dr. Andrew Dugmore (Edinborgarháskóli) og dr. Richard Streeter (St. Andrews-háskóli) leitt. Í framhaldi af því var ákveðið að víkka ramma rannsókna og nota skráningu fornleifa og uppgröft til að öðlast betri skilning á menningarlandslagi Skaftártungu og samspili manns og náttúru og reyna þannig að undirbúa umfangsmeiri rannsóknir á sviði fornleifafræði- og umhverfissögu á svæðinu. Auk háskólans í Edinborg og St. Andrews kom dr. George Hambrect frá Marylandháskóla að verkefninu ásamt þeim Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Kristborgu Þórsdóttur sem sáu um skráningu fornleifa. Áður hafði Sólveig Guðmundsdóttir Beck skráð þrjá minjastaði á svæðinu. Um skýrsluskrif,

uppsetningu og kortagerð sá Elín.



*Skaftártunga er merkt inn á kortið með appelsínugulum kassa.
Kortið er fengið af vef Landmælinga Íslands*

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu eða Kristborgu nema að annað sé tekið fram.

Skráningin var að hluta til fjármögnuð með CIE styrk frá Ameríska vísindasjóðnum (the North-American Science Fund - NSF) og að hluta með styrk frá sveitarfélaginu Skaftárhreppi sem styrkti leiðangursmenn með því að leggja til húsnæði fyrir leiðangursmenn og með fæðisstyrk og veittu einnig aðgang að loftmyndum sveitarfélagsins. Loftmyndirnar sem er að finna í aftast í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. Skrásetjarar vilja koma á

framfæri þökkum til sveitarfélagsins fyrir stuðninginn. Að auki vilja þeir færa landeigendum landeigendum og ábúendum þakkir en þeir veitt allir góðfúslegt leyfi til skráningar og miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingskap.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafla 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá, sérheitaskrá í stafrófsröð, hnitaskrá á landshnitaformi og kort.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafla 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-220:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávikum.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá - SF-179 Búland



Minjar á Búlandi. Landamerki eru grófslega áætluð (byggt á RALA) og þau má ekki skal nota sem heimild um merki jarða. Fornleifar eru sýndar með svörtum punktum og blágrænum línur.

Minjakort 2: Heimatún Búlands og næsta nágrenni



Minjar í og við heimatún Búlands. Fornleifar eru sýndar með svörtum punktum og blágrænum línur.

24 hdr 1847. Bændaeign. "1806 segir, að kirkjan eigi 6 h. Í jörðunni, og eru hjáleigurnar þar fyrst nefndar" (JJ, 11). Í nýrri jarðabók fyrir Ísland sem samin var árið 1848 segir að forn hundraðatala sé 18 en ný sé 16.2.

Jarðarinnar er fyrst getið í Íslendingabók, Landnámabók. Þar segir: "Vilbaldr hét maðr, bróðir Áskels hnökkans; hann fór af Írlandi til Íslands ok hafði skip þat, er hann kallaði Kúða, ok kom í Kúðafljótsós; hann nam Tunguland á milli Skaptár ok Hólmsár ok bjó á Búlandi". (ÍF I, 326) en samkvæmt Landnámu kom Ísólfur síðar að landi á þessum slóðum og skoraði á Vilbald til landa eða hólmgöngu en Vilbrandur vildi ekki berjast "ok fór brutt af Búlandi; hann átti þá land milli Hólmsár ok Kúðafljóts. En Ísólfur fór á Búland og átti þá land milli



Bærinn í Búlandi, horft til norðausturs

Kúðafljóts [samkvæmt neðanmálgrein er Kúðafljót líklega Tungufljót] ok Skaptár." (ÍF I, 328-29).

[um 1200] kirkju er getið í Búlandi í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar, (DI XII, 5-6)

[1340] kemur fram í máldaga Þykkvabæjarklausturs að staðurinn á "tuituga hvale oc lengre a bvlandz fiuru vestan af" þ.e. staðurinn hefur átt alla 20 álna hvali og stærri í Búlandsfjöru (DI II, 740)

[1343]. Máldagi Ólafskirkju á Búlandi í Skaptártungu [er Jón biskup Sigurðarson setti] telur upp eignir kirkjunnar. (Máld DI II, 783)

[1367] Olafskirkia á Búlandi getið í Hítardalsbók og í máldaga kirkjunnar er um hana sagt: bulande a prestskylld j heimalande. V. Kyr. Iij ær og xx. Kalek. Messuklæde. Alltaraklæde. Ij. Slopp. Kantara kapu (Máld DI III 235 og 246).

[1487] seldi Ólafur Ásbjarnarson með samþykki Önnu Snjólfsdóttur konu sinnar helminginn af Búlandi (20 hdr) fyrir sambærilegan hlut í Reykjavíkurbjörðinni Vík (DI VI, 610-11).


[1523] gamall maldagi. Kirkia hins helga Olafs kongs a Bulandi a hiiilfft heima land oc vj. kugilldi. hest oc x aura frijda. (DI IX 188).

[1570 og síðar] er kirkjunnar getið í Gíslamáldaga en þar segir "Kirkjan ad Bulande a prestsskyld i heimalandi. Item i frijdu .viii. kugilde. Jtem innan kirkiu ein messuklædi eirn kaleikur. ein bjalla. Thangad liggia iiij. bæier. suo heitande Huammur, Svijnadalur, Borgarfell og Liotastader. Jtem gardurinn XXX c. I máldaganum koma fram sömu skilmálar og áður um eign staðarins á hvalreka í Búlandsfjöru (DI XV, 705). Í ættartali Jóns Arasonar biskups (í Biskupasögum II, 394) er Eiríks Sigvaldasonar frá Búlandi getið.

Í ættartali Odds Einarssonar (í Biskupasögum II, 668) er einnig getið um Eirík Sigvaldason (lögréttumann), son Sigvalda Halldórssonar á Búlandi og Elenar Jónsdóttur.

"Frá 1570 eða fyr mun hún hafa verið í einkaeign. Talið er að Halldór Skúlason sýslumaður hafi keypt hana á efri árum sínum... Kirkja var á Búlandi til 1896 (Sunnlenskar byggðir VI, 275).

Minjar í heimatúni Búlands



Skráðar fornleifar í heimatúni Búlands, kortið byggir á túnakorti fyrir bæinn frá því um 1920

1847 voru Svartinúpur (SF-181) og Búlandssel (SF-180) taldar hjáleigur frá Búlandi og eru þær nú báðar í eyði. Heimilisrafstöð var reist árið 1928 og var í gangi til 1981 (Sunnlenskar byggðir VI, 275).

Túnið er 2.2 ha og matjurtagarðar 760m² árið 1920.

Búland er "langstærsta jörð sveitarinnar" segir í Sunnlenskum byggðum VI, 275. "Kirkjufjara hefur fylgt Búlandi síðan [kirkja var á Búlandi til 1896]. Hagar víðáttumiklir og skjólgóðir". "...skógarlaus og gengur nokkuð af sér við sandfok." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 204.

SF-179:001 *Búland* bæjarhóll bústaður

63°46.519N 18°29.617V

Bærinn í Búlandi er innst í dalverpi norðaustan við Búlandsá, sunnan og suðvestan undir hárrí brekku.

Nokkurt rask hefur orðið á bæjarstæði Búlands vegna 20. aldar húsbýgginga og niðurrifs norðan við kirkjugarð 002 og norðaustan við hann er jarðvegsmön sem virðist vera úr jarðvegi og byggingaleifum gamla útihúsa.

Mikið rask varð við byggingu skemmu vestan við bæjarhúsin en þá var byggingaleifum og jarðvegi ýtt undir hana til að slétta undirlagið fyrir bygginguna.

Ekki sést bæjarhóll á bæjarstæði Búlands en ummerki um gamlar og ungar byggingar á bæjarstæði Búlands sjást á svæði sem er um 65x45 m að stærð og er kirkjugarður 002 þar með talinn (sjá nánar fornleif 002).


Vestan við jarðvegsmön sem er austast á bæjarstæði Búlands taka við útihús úr steypu og bárujárn. Þá íbúðarhús og loks tvær byggingar úr torfi og grjóti; skemma og smiðja. Íbúðarhúsið stendur á sama stað og gamli bærinn stóð áður. Hann var rifinn þegar húsið var byggt árið 1953. Ekki er kjallari undir húsinu. Smiðjan er enn undir þaki en skemman var rifin að hluta þegar vesturhluti íbúðarhússins var byggður árið 1960. Þessar byggingar eru saman um 16x10 m að stærð. Þær eru úr torfi og grjóti. Smiðjan er um 5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Á smiðjunni er bárujárnsþak og bárujárnsklæddur suðurgafli með dyrum. Sitthvoru megin við gaflinn sjást 7 umför í veggjum og eru þeir um 1,5 m á hæð. Skemman er um 7x5 m að stærð, snýr norður-suður. Dyr hafa verið á henni til suðurs en búið er að rífa suðurhluta byggingarinnar. Hæð veggja innanmáls er um 3 m og virðist hún vera niðurgráfin að hluta. Ekki sjást augljós ummerki um öskuhaug við bæinn en ekki útilokað að ösku hafi verið kastað ofan í árgil Búlandsár vestan við bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:002 heimild um kirkju

63°46.522N 18°29.573V

Kirkjugarðurinn í Búlandi er fast ASA við bæ 001 innst í dalverpi norðaustan við Búlandsá,



Bæjarstæði Búlands, horft til VNV

sunnan undir hárra brekku. Árið 2004 fór fram forrannsókn fyrir verkefnið Flúreitrún af völdum Skaftárelda sem unnið var í samstarfi við Háskólann í Cambridge. Markmið verkefnisins var að rannsaka heilsu fólksins sem bjó nálægt upptökum Skaftárelda og athuga hvort það hafi þjást af flúreitrún. Grafir voru könnunarskurðir í kirkjugarðinum á Búlandi og á Eystri-Ásum 175:003 í þeim tilgangi að athuga hversu auðveldlega mætti tímasetja grafirnar og hvort varðveisla beinanna væri nógu góð til að hægt væri að rannsaka þau. Grafir var upp ein gróf í austurenda kirkjugarðsins á Búlandi og í öðrum þrjú skurðir við suðausturhorn garðsins komu í ljós leifar af steinvegg. Það kunna að vera undirstöður kirkjugarðsveggjar. Nokkurt rask hefur orðið á bæjarstæði Búlands norðan og norðaustan við kirkjugarðinn þar sem gerð hefur verið jarðvegsmön sem virðist vera úr jarðvegi og byggingaleifum gamalla útihúsa. Tré vaxa út við girðingu sem afmarkar kirkjugarðinn.

[1343] Máldagi Ólafskirkju á Búlandi í Skaptártungu [er Jón biskup Sigurðarson setti]. AM. 263. Fol. Bls. 15 skr.

[1598] Landsb. 268. 4to bls. 7a skr. 1601. Búlandsmáldagi er ekki í Vilchinsbók. Þó þessi máldagi sé leingri en sá, sem stendr í Hitardalsbók, er þessi auðsjáanlega eldri.

Bvlannð [Gamall maldagi].

Olafskirkia a Bulahdi á prestzskyllid j heima lande. Iij kyr. Iij ær oc xx. Kaleik). Messuklæde ij. Alltaraklæde ij. Slopp. Kantara*

kaapu. Tiolld vmmhuerfis kirkiu. Rodukross med likneskium sæmiligann. Kluckur ij. Oc biollu eina. Merke.

Glodarkier. ;sacrarium. Xij aurar j bokum. Prestur tekur ij merkur. Máld DI II 783

[1367] Olafskirkia a bulande a prestzskyllid j heimalande. V. Kyr. Iij ær og xx. Kalek. Messuklæde. Alltaraklæde. Ij. Slopp. Kantara kapu Máld DI III 246

[1523] gamall maldagi. Kirkia hins helga Olafs kongs a Bulandi a hiiilfft heima land oc vj. kugilldi. hest oc x aura frijda. DI IX 188

Í Sunnlenskum byggðum IV kemur fram að kirkja hafi verið á Búlandi þar til hún var lögð niður 1896 ásamt kirkju á Eystri-Ásum SF-175:004 þegar sóknirnar voru sameinaðar í Grafarsókn og ný kirkja reist í Gröf SF-185:003.



Kirkjugarðurinn á Búlandi SF-179:002, horft til norðausturs

Kirkjugarðurinn á Búlandi er afgirtur og eru steyptir stólpar á hornum hans og við hlið á honum í vesturenda. Girðingin afmarkar svæði sem er um 14x20 m að stærð en bungan sem garðurinn er á er um 17x22 m að stærð og eru mörkin á henni skýr til suðurs og austurs en engin skýr mörk (jarðvegsstallar) eru utan girðingar á hinum hliðunum. Augljóst rask hefur orðið austan við garðinn og eru mörkin á þeirri hlið tilbúin. Það kom berlega í ljós við uppgröftinn 2004 en gröfin sem grafir var upp var að stærstum hluta austan við girðingu og sýnilegan jarðvegsstall. Garðinum hallar lítillega til suðurs en bunga í honum er hæst í

miðjum austurhlutanum þar sem stórum grjóttöplum hefur verið komið fyrir. Engin sýnileg áletrun er á þeim en þeir eiga að marka meinta staðsetningu kirkjunnar. Afar líklegt verður að teljast að kirkjan hafi staðið þar sem bungan í garðinum er hæst en engar leifar af henni eru sýnilegar á yfirborði. Búið er að slétta garðinn og ekki sjást leiði í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Hildur Gestsdóttir og fleiri, FS328-04291, 2-5, 17-18; DI II, 783; DI III, 246; DI IX, 188; SB IV, 253; AM 263 fol., bl. 15; Landsb.^268 4to bl. 7a

SF-179:003 heimild um útihús 63°46.504N 18°29.497V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m ASA við bæ 001. Útihúsið var í brekku innan túns um 30 m norðaustan við stórt útihús. Ekki sést til minja um útihúsið og eru allar líkur á því að það hafi verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

SF-179:004 heimild um útihús 63°46.531N 18°29.544V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 65 m austan við bæ 001. Útihúsið stóð líklega við rætur brekku sem snýr mót vestri. Þar voru gömlu mörk túnsins en síðar hefur það verið fært út og nær upp á brekkubrún. Bíslóði er þar sem útihúsið stóð og vestan við hann er há og breið jarðvegsmön þar sem sést í hleðslugrjót.

Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það líklega verið rífið eða sléttað í tún. Mögulega hefur leifum hússins verið ýtt saman í jarðvegsmönina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Túnakort 1920

SF-179:005 tóft hrútakofi 63°46.536N 18°29.668V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 50 m norðvestan við bæ 001. Tóft þess sést enn og að sögn heimildamanns, Sigurðar Péturssonar, var útihúsið notað sem hrútakofi.

Tóftin er í túni á austurbrún árgils Búlandsár. Bratt er niður af tóftinni til vesturs ofan í gilið.

Tóftin er um 6x6 m að stærð og er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er einföld. Norðurhluti



Hrútakofi SF-179:005, horft til norðurs

tóftarinnar er grafinn inn í aflíðandi halla í túninu. Mesta hæð veggja er um 1,1 m utanmáls og sjást 5 umför í innanverðum norðurgafli. Þakið er hrunið ofan í tóftina og sjást hellublöð og timbur úr því inni í tóftinni. Ekki er veggur á tóftinni til suðurs og hefur líklega verið

timburþil á þeirri hlið og dyr.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-179:006 þúst óþekkt

63°46.126N 18°32.813V

Tvískipt, fornleg tóft er um 170 m SSA við Þorláksstaði 008 og um 2,7 km VSV við



Þústasvæði SF-179:007. Á ljósmynd sést þúst C, horft til austurs

Búlandsbæ 001. Tóftin er um 120 m norðan við aðra tóft 066, í brekkurótum lágrar hæðar sem hækkar til vesturs frá tóftinni en í aðrar áttir er flatlend mýri.

Tóftin er 7,5 x 5,5, m stór og snýr austur-vestur. Hún er mjög ógreinileg og er rofin á kafla en virðist þó hafa verið tvískipt. Hæð veggja er 0,3 m. Eystra hólfið er mun skýrara, er 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op var líklega á austurvegg þess og mögulega einnig á vesturveggnum, yfir í vestara hólfið. Vestara hólfið er vart meira en óljós þúst. Það er um 3 x 3,5 m að innanmáli. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en hún gæti hafa verið stekkur.

Hættumat: engin hætta

SF-179:007 þúst óþekkt

63°47.329N 18°30.638V

Afar ógreinileg, aflöng þúst og þrjár minni og enn óskýrari hringlaga þústir eru um 1,7 norðvestan við bæ 001. Þústirnar eru til móts við fornlegar rústir 027 sem eru norðan við djúpt gil, Hellisgil og tengist þeim líklega. Þústirnar eru á mosavaxinni sléttu norðvestan Hellisgils. Þær eru grónar mosa.

Þústirnar eru nær alveg ógreinilegar og sokknar. Svæðið sem um er að ræða er um 60 x 40 m stórt og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Á því er ein aflöng þúst (hér kölluð D) og fjórar afar ógreinilegar og hringlaga þústir eða hæðir (hér á eftir A-C). Þúst D er frammi á gilbarminum og svo virðist sem norðurendi hennar hafi að hluta brotnað ofan í gilið. Þústin er U-laga og 7 x 6 m stór. Hún er opin til norðurs, þ.e. ekki er hægt að greina norðurhlið hennar, líklega vegna hruns. Þústin virðist einföld og er 4 x 1,5-2 m að innanmáli. Suðurhluti hennar er langskýrastur eða 0,5 m á hæð. Ekkert grjótt sést í þústinni og er hún sigin og algróin mosa. Örfáum metrum norðvestar eru þrjár þústir illgreinilegar þústir í röð á mosavaxinni, lágri hæð. Þústirnar eru mosavaxnar og líklega manngerðar þó ekki sé það afgerandi. Syðsta þústin, A, snýr norður-suður og er 4 x 2 m að stærð. Hún er 0,1-0,2 m á hæð og ekki er hægt að greina

neina eiginlega vegg. Um 5-6 m norðaustan við A er önnur þúst B. Hún er 6 x 4 m stór og snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m á hæð og stendur alveg á brún gilbrún. Ekki er hægt að greina eiginlega vegg. Þriðja þústin, C, er greinilegust af þústunum þremur. Hún er 2-3 m norðvestan við þúst B en rúmum 22 m suðvestan við tóft A. Þúst C snýr NNW-SSA og er 7,5 x 5,5 m að stærð. Ólíkt hinum þústunum er svolítill dæld í henni miðri, um 1,3 x 0,2 m að stærð. Þessi þúst er um 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-179:008 *Þorlaksstaðir* tóft óþekkt 63°46.218N 18°32.848V


Þorlaksstaðafell eða Þorleifsstaðafjall er suðaustan við Réttarfell, beint suður af Krók og merkt inn á Herforingjaráðskort. Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: "Tvær aðrar hjáleigur fylgdu fyrrum Búlandi, þ.e. Þorlaksstaðir, sem í eyði lögðust við Kötlugos 1755 [...]." Í örnefnalýsingu segir: "Neðst vestur af Ellistaðatorfum er gilskorningur, sem heitir Klofningar. Þar vestur af eru Þorlaksstaðir, þar sjást bæjarrústir." Brynjúlfur Jónsson segir eftirfarandi í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909: "Þorleifsstaðir segir síra J. St. (sst.) að eyðst hafi af öskufalli 1755. Það býli byggðist þó aftur og var kallað Þorlaksstaðir. Þar hjelst byggð fram á 19. öld. Enn kallast rústin Þorlaksstaðir, og dálítill fjallás fyrir austan hana er kallaður Þorlaksstaðafjall." Heimildum virðist ekki bera saman um staðsetningu býlisins Þorlaks-/Þorleifsstaða. Sigurður Pétursson, heimildamaður, benti á líklegan stað sunnan við Þorlaksstaðafjall, suðvestur af Klofningum sem nefndir eru í örnefnaskrá. Þar var skráð tvískipt tóft og tvær þústir sem eru um 115 m suðvestan við tóft 066 og um 2,7 km VSV við bæ 001. Umfang minjanna gefur ekki til kynna að þarna hafi verið býli sem síðast hafi verið í byggð á 19. öld en ekki er hægt að útiloka það nema með nánari rannsókn. Verið getur að tóftir 066 og 068 auk þústar 006, sem allar eru í næsta nágrenni, tengist þeim minjum sem hér eru skráðar. Lýsing Brynjúlfs á staðsetningu Þorlaks-/Þorleifsstaða virðist geta átt við um minjar 070 og 072 sem skráðar eru vestan undir Þorlaksstaðafjalli en þær minjar eru mjög fornlegar og örugglega ekki leifar af 19. aldar býli.

Minjarnar eru í harðlendum, aflíðandi brekkum sem eru grasi vaxnar en grasrótin er víða sandi orpin og viðkvæm. Tóftin sem skráð er á svæðinu er ANA undir blásnum klapparhól sem er orðinn mosavaxinn. Efst á hólnum er lítil varta. Sunnan og suðaustan við brekkurnar sem minjarnar eru í eru víðáttumikil mýri, Þorlaksstaðamýri.



Tóft SF-179:008A. Á ljósmynd er horft til norðurs

Minjarnar eru á svæði sem er um 80x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Syðst á svæðinu er tóft A sem er um 12x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Mesta hleðsluhæð er um 1 m en víðast er hún um 0,5 m á hæð. Aðeins sést í grjót á stöku stað og ekki hægt að greina fjölda umfara. Hólf I er um 5x4 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Vesturhlið hólf I, og tóftar þar með, er grafin inn í aflíðandi halla og er ekki hlaðinn veggur á þeirri hlið. Veggir hólf I eru hlaupnir í þúfur. Op er inn í hólfid í suðausturhorni þess. Þar sem komið er inn í hólfid er dálítið rof og grjót sést í því. Frá þessu opi er lítill gangur sem liggur norður-suður. Hann er um 1 m á breidd og 3 m á lengd. Lítilllega sést í grjót í vestanverðum ganginum. Gengið er inn í hólf II til austurs úr gangi og er það um 1x3 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Þúst B með grjóti í er um 55 m norðvestan við tóft A og um 140 m suðaustan við tóft 066. Þústin er um 8x6 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Í suðurhorni þústarinnar mótar fyrir hólf sem er 2x2 m að innanmáli. Norðvestan við norðurhornið eru tveir steinar hálfgrónir ofan í svörðinn. Mesta hæð þústarinnar um 0,3 m. Önnur ógreinileg þúst C er um 25 m norðan við þúst B og um 70 m norðvestan við tóft A. Hún er um 5x6 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m á hæð. Gróið rof er efst í henni. Minjarnar eru sem fyrr segir



Tóft SF-179:007B. Á ljósmynd er horft til norðurs

nærri stórrí myri þar sem ætla má að heyjað hafi verið. Ekki er ósennilegt að þústir B og C séu leifar af heystæðum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:SSsk, 204; Herforingjaráðskort; Ö-Búland, 2 og 1; Árb 1909, 16

SF-179:009 *Granahaugar* kuml legstaður 63°47.142N 18°30.560V

Kuml fundust við Granagil, að sunnanverðu við Meltunguá. Í örnefnaskrá segir um staðinn: "Austan við Meltungugljúfur og norðan við Árgil eru Granahaugar [...] Austan í króknum og niður að Eldvatni er svæði sem heitir Grænugil og austar undir gljúfrunum norðan við Árgilslæk eru Granahaugar; þetta er moldartangi." Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1895 stendur: "[...] hafa þar komið í ljós 4 leiði; vorið 1891 blés moldina ofan af austasta leiðinu, en síðan komu hin leiðin í ljós árið eptir. Þau voru öll hlaðin grjóti að innan og var steinalag þetta nær 1/2 alin á hæð og voru steinarnir víða reistir á rönd og leiðin því tilsýndar eins og stokkur í laginu. Fyrsta eða austasta leiðið virtist hafa verið 3 álnir á lengd að innan og 2 álnir á vídd eins og 2. leiðið er, er var nokkuru framar á rananum heldur en 1. og 3. leiðið, sem var 4 álnir á lengd að innan og 2 álnir á vídd; 4 1/2 álnar bil var í milli þriggja hinna fyrnefndu leiða og sneru þau öll frá norðri til suðurs; 4. leiðið, hið vestasta, sneri frá austri til vesturs, því að þar er farið að halla vestur af rananum; það var á stærð við tvö austustu leiðin, en bilið milli þess og 3. leiðisins var aðeins 2 álnir. Í leiðum þessum hafa fundizt lítillfjörlegar leitar af líkunum, varla annað en hálfþúnar tennur, er voru í norðurenda leiðanna, þeim sem frá

giljunum vissi, fáeinar glertölur og ryðgaðir járnbútar, sem engin sérstök einkenni hafa". Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1909 segir: "Raninn sjálfur er blásinn ofan. Það var þar, að dysjarnar blésu upp. Er þar nú örblásið niður í mól og grjótið úr dysjunum orðið dreif ein. Af beinum sést þar nú ekkert annað, en fáein hestbein, því hestur hafði verið í þeirri dysinni, sem síðast kom í ljós. Það var eftir 1895. Fáum föðmum fyrir neðan bríkina gjörir áin svo snaran krók, að þar myndast sem nes, hæfllega lítið til að vera vígi fám mönnum". Í bókinni Kuml og haugfé er fjallað um kumlið: "fyrir norðan og ofan Búland í Skaftártungu, þar sem heita Granagil eða Grænugil, hefur forna legstaði lengi verið að blása upp. Aldrei hafa þeir verið skipulega rannsakaðir, [...] Kuml þessi voru fjögur alls," Staðurinn telst til friðlýstra minja. Minjastaðurinn er nú merktur með friðlýsingaskilti. Hann er um 1,4 km norðvestan við bæ 001.

Friðlýstar minjar. Dökkt klettagil er beint ofan við staðinn en austan eru tveir stórir hólar og liggja götur á milli þeirra. Mikill uppblástur er á svæðinu og í moldarflaginu sjást steinar hér og þar en ekki sáust augljós ummerki um hvar kumlin hafa verið nákvæmlega. "Guðrún Jónsdóttir frá Skál á Síðu segir, að móðir sín...hafi ætíð sagt Granagil en ekki Grænugil... Oft voru þau börnin að grafa í haugana í Granagiljum til þess að leita þar að perlum. Léku þau sér að perlunum. Einnig þvoðu þau bein, en þau molnuðu fljótt í sundur," segir í ornefnaskrá. "Sagt er frá því í Njálu að Kári hafi drepið Grana Gunnarsson og þá fimm féлага hans rétt fyrir innan bæinn Búland. Síðan hefur sá staður verið kallaður Granagil og eru þar sjáanlegar dysjar."

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Búland 2; Árb 1895, 39; Árb 1909, 18; Ö-Búland 1, aths 1; KEKH, 249-250, Sunnlenskar Byggðir VI, 275.

SF-179:010 *Erlendsstaðir* tóftir óþekkt

63°46.751N 18°32.137V

Í bókinni Svipast um á Söguslóðum segir: "Suðaustan í Þorlaksstaðafelli, sem er vestur frá Búlandi, eru svonefndar Ellistaðatorfur [samkvæmt Sigurði O. Péturssyni heimildamanni eru það ekki Ellistaða heldur Erlendsstaðatorfur]. Ein þeirra heitir Bæjartorfa og er réttnefni, mjög fornleg bæjarrúst horfir þar við þegar að er komið." Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1909 er talað um fornar tóftir sunnantil austan í Þorleifsstaðafjalli (Þorlaksstaðafjall á kortum). Erlendsstaðir teljast til friðlýstra minja. Í Friðlýsingaskrá segir: "Fornar tóftir Erlendsstaða, sunnantil austan í Þorleifsstaðafjalli." Rústirnar sem um ræðir eru enn greinilegar austan í Þorleifsstaðafjalli og 2,1 km vestan við Búlandsbæ 001. Tóftirnar eru 2,5 km suðaustan við Hróðnýjarstaði 180:014.




Friðlýsingarskilti við Granahauga SF-179:009

Tóftirnar eru á mjóum og löngum fláka í aflíðandi halla til suðausturs. Flákinn er á milli tveggja djúpra gilja. Skammt neðan við tóftirnar sameinast gilin tvö og má því segja að tóftirnar séu á tungu. Ljóst er að landslag á þessum slóðum hefur breyst mikið frá þeim tíma þegar tóftirnar voru í notkun og er líklegt að gilin, í núverandi mynd séu yngri en tóftirnar eða



Rústir Erlendsstaða SF-179:010, friðlýsingastaur sést fyrir miðri mynd. Horft til ASA



Erlendsstaðir, SF-179:010

hafi, í það minnsta, dýpkað mikið síðan þær voru í notkun. Uppblástur er ofan við tunguna og í giljunum sem afmarka hana að hluta en lækur rennur í nyrðra gilinu. Sjálfur er flákinn vaxinn snöggu grasi og mosa.

Friðlýstar minjar. Á þessum stað eru fjórar tóftir, þúst og hæð sem líkist öskuhaugi. Minjarnar eru á svæði sem er 45 x 25 m stórt og snýr NNV-SSA. Í lýsingunni sem hér fylgir verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Allar eru tóftirnar vaxnar

snöggu grasi og mosa og allar virðast þær fornlegar. Tóft A er stærst tóftanna og líkist mest mannabústað. Hún er 21-22 x 9-10 m stór yfir miðbikið en um 8 m til beggja enda. Tóftin er vaxin mosa og grasi og snýr norðaustur-suðvestur, eða samsíða hliðinni. Tóftin er örlítið skálalaga og er innanmál hennar 10 x 3 m. Veggir hennar eru mjög verulegir, allt að 3 m á breidd og 0,7 m á hæð. Sjálf tóftin er einföld og op er norðaustarlega á suðausturvegg. Ekki er óhugsandi að op hafi líka verið á hinum langveggnum, suðvestarlega á norðvesturveggnum, en þá hefur verið komið beint út að horni tóftar D sem er beint fyrir ofan A. Suðvestast á tóftarveggnum er nú hundapúfa. Út frá tóftinni til norðausturs má greina óljóst hól sem er talsvert lægra og ógreinilegra en sjálf tóftin eða 0,3 m á hæð. Það er 3 x 6-7 m að utannáli og virðist opið til suðausturs. Til norðausturs frá horni þessarar tóftar má svo greina óljóst garðlag í um 6 m í átt að gilbarminum sem markar svæðið af til norðausturs. Garðlagið er afar óljóst og vart meira en 0,1-0,2 m á hæð. Tóft B er um 10 m suðaustan við tóft A og er alveg á barmi suðvestara gilsins sem markar af rústaþyrpinguna. Tóftin er einföld, um 6 x 6 m stór en gæti hafa náð lengra til suðvesturs áður. Innanmál tóftar er 1,5 x 2-3 m. Tóftin er algróin. Hæð ytri brún veggja er 0,7 en hæð innri brún veggja er 0,2 m. Veggir eru víða 1,5-2 m á breidd. 2-3 m ofan við tóft B, á milli tóftar A og B er áberandi og afgerandi hæð, C, sem gæti verið öskuhaugur. Hæðin er 6 x 3,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3-0,4 m á hæð. Tóft D er fast ofan (norðvestan) við tóft A og er aðeins gangvegur á milli. Tóftin er mjög sigin og er hún 12 x 6 m stór og snýr þvert á hliðina eða norðvestur-suðaustur. Tóftin er tvískipt en norðurhorn hennar er nú alveg orðið ógreinilegt. Syðra hólfið er 5 x 2 m stórt og snýr eins og tóftin. Op er á miðjum suðausturvegg þess og annað til móts við það yfir í nyrðra hólfið. Það er eins og áður sagði að hluta ógreinilegt en hefur líklega verið um 2 x 2 m að stærð. Ekki er ljóst hvort norðurhornið hefur blásið eða hvað hefur valdið því að það er nú að mestu horfið. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og mest um 0,5 m á hæð. Tóft E er 11 x 6 m stór og snýr norðaustur-suðvesturs. Hún er einföld og er 6 x 1,5-2 m að innanmáli. Tóftin hefur hins vegar augljóslega náð lengra til norðausturs áður en hluti hennar hefur brotnað í gilið sem tekur við fast norðaustan hennar. Sökum þessa er enginn norðausturveggur nú greinilegur á henni og ekki er hægt að segja hversu langt til norðaustur hún hefur upphaflega náð. Ekki er nú hægt að greina op á tóftinni. Veggir tóftar eru 1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð. Þeir eru algrónir. Efst á svæðinu, um 12 m ofan við (norðvestan við) tóft E er tóft F. Tóft F er tvískipt og 14,5 x 8 m stór. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Norðausturhlið hennar er að hluta horfin í gilið norðan við en þó virðist enn ekki hafa brotnað mjög mikið af. Tóftin mjókkar til beggja enda. Stærri hólfið hennar er norðaustar. Það er 6 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op hefur verið á suðausturvegg hólfsins miðjum. Suðvestar er minna hólfið sem er 2,2 x 2,5 m stórt og er einnig með opi á suðausturveggmiðjum. Veggir tóftarinnar eru víða 2 m breiðir en 0,5 m háir og algrónir eins og á öðrum tóftum. Tóftirnar voru skráðar í maí 2013 en aftur var farið á staðinn sumarið 2013 og kíkt í þau rof sem eru í tóftir E og F með dr. Richard Streeter, gjóskulagafræðingi. Ekki sást skýr gjóskulög í rofi tóftar F en í rofi tóftar E sást greinilega að gjóskulag frá 1206 liggur yfir veggjatorfinu þannig að ljóst er að tóftin er frá 12. öld eða eldri. Óljós gata liggur ofan í gilið suðvestan við minjarnar og upp úr því aftur. Hún sést á um 45 m löngum kafla og liggur til SSA.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Svipast um á Söguslóðum, 109; Árb 1909, 16, Friðlýsingaskrá bls. 63, Skaftártunga: Archaeological investigations in 2013, 10-11

SF-179:011 álagablettur óþekkt

63°46.560N 18°29.715V

"Í bæjargilinu, rétt innan við bæinn, beint á móti rafstöðinni [059] er torfa, sem sú trú var á, að aldrei brygðist þurrkur á heyinu af henni," segir í örnefnaskrá. Álagabletturinn er í gilinu sem



Álagablettur SF-179:011, horft til suðurs

Búlandsá fellur í, um 110 m norðvestan við bæ 001. Hann er skáhalt til móts við rafstöðina 059 og í beinni sjónlínu þaðan. Umræddur blettur er grasi gróinn hvammur eða lítið nes í Búlandsána. Það er flatt og grasgefið en lítið og varla hefur verið safnað miklu heyi af því.

Á miðjum flatanum er lítil þúfa eða upphækkun, 3 x 1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæðin ris um 0,3 m hærra en umhverfið og er grasi gróin en fremur óregluleg. Ekki er óhugsandi að þarna hafi verið heystæði en erfitt er að fullyrða um tilgang þessarar hæðar.

Heimildir:Ö-Búland, 1

SF-179:012 *Stekkatún* heimild um stekk

63°46.343N 18°29.532V

"Upp með Miðmundartorfu er Mjóatorfa, sunnan hennar er Mjóatorfugil, þar suður af heitir Lákatorfa, en niður af henni er Stekkatún," segir í örnefnaskrá. Stekkjartún er um 220 m sunnan við Búlandsbæ 001. Þar standa nú fjárhús úr timbri og bárujárnri en áður stóðu eldri fjárhús á sama stað. Sigurður Pétursson heimildamaður man hins vegar ekki eftir að hafa heyrt talað um stekk á þessum slóðum. Þegar Stekkjartún var skráð í maílok 2013 var það nýplægt moldarsvað. Engin tóft hefur sést á þessum slóðum lengi en mögulegt er að garðlag 055 hafi girt af Stekkjartúnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Búland, 1.

SF-179:013 *Stöðull* örnefni kvíar

63°46.580N 18°29.609V

"Upp af túninu, beint upp af bæ heitir Stöðull," segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var að líkindum fast norðan við tún í lægð sem afmarkast af túngarði 028A til suðurs og sambyggðum vörslugarði 028A til norðurs. Garður 028C liggur á milli garða A og B og tengir þá saman en skiptir svæðinu norðan við túnið á milli garðanna í tvennt. Stöðullinn var að líkindum um 115 m norðan við bæ 001 en engin ummerki um hann sjást. Grasi gróið og smápýft er í lægðinni þar sem ætla má að Stöðull hafi verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Búland, 1

SF-179:014 *Húsadalur* örnefni óþekkt

63°46.730N 18°30.502V

"En það gil er í Húsadal, sem er svæði norðan við Hjartarfellið," segir í örnefnaskrá. Húsadalur er um 850 m norðvestan við bæ 001 og um 280 m norðaustan við Fjallabaksleið. Ekki eru greinilegar tóftir í dalnum. Svæðið umhverfis hefur blásið og gróið. Sigurður Pétursson heimildamaður kannaðist ekki við að húsatóftir hefðu sést á þessum slóðum í sínu minni.

Heimildir:Ö-Búland, 1

SF-179:015 *Selbreiða* örnefni sel

63°46.057N 18°34.667V

"Þar norðaustur af er stór torfa, sem heitir Selbreiða," segir í örnefnaskrá. Selbreiða er um 4,2 km VSV við bæ 001. Selbreiða er jafnlent og nokkuð flatlent svæði, grasi gróið. Því hallar lítillega til norðvesturs að Selá. Engar minjar um sel sjást á Selbreiðu og er líklegt að nafnið tengist seljabúskap í Búlandsseli. Þar gæti hafa verið beitarland fyrir búsmalann í selinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Búland, 2

SF-179:016 *Miðgötuhellir* hellir fjárskýli

63°47.289N 18°30.298V

"Gil liggur í Árgilið og í því er hellir, sem heitir Miðgötuhellir," segir í örnefnaskrá. Miðgötuhellir var einnig nefndur Ærhellir og var sauðum gefið í hellinum. Ekki er ljóst við hvaða götur hellirinn var kenndur og ekki er þekkt örnefnið Miðgötur í Búlandi og eru því



Miðgötuhellir SF-179:016. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til ASA á mynd til hægri

hinar meintu Miðgötur skráðar hér undir, með hellinum. Hellirinn er í Hellisgili um 1,5 km NNV við Búlandsbæ 001 en 35 m suðvestan við kálgarð 051. Hellirinn er í nokkuð bröttu árgili og er ofan í hraunhól sem er algróinn.

Í raun er e.t.v. meira réttnefni að ræða um hraunborg fremur en eiginlegan helli, í það minnsta er stórt gat er í lofti hellisins og því aðallega skjóla undir hellisloftinu umhverfis opið. Hellinum fylgdi sú sögn að ekki mætti byrgja yfir gatið á hellinum, þá myndi allt fé sem í honum væri farast. Opið er flennistórt eða á að giska um 15 x 4-5 m að stærð. Hellisskjólið er misdjúpt eftir svæðum og á nokkrum stöðum eru litlir skútar inn í bergið innst, sem auka rýmið en þeir eru flestir afar grunnir. Öllu svæðinu hallar skarpt til norðaustur en svolítill stallur er víða í kring um þakopið neðan þess og nýta rollur sér þetta svæði greinilega enn. Beint neðan við hellisopið er grasi vaxið svæði. Ekki virðist hellirinn mjög hentugt gjafasvæði en hann veitir þó svolítið skjól frá veðrum og vindum. Samkvæmt Sigurði Péturssyni heimildamanni var fé stundum gefið þarna frá beitarhúsunum handan lækjarins (sjá 051).

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Búland 2

SF-179:017 Þjófadalur örnefni áfangastaður



Þjófadalur SF-179:017, horft til NNW

dregur mjókkar dalurinn og bílvegur og slóðar sameinast í eins konar skorning til norðurs. Engin merki áningarstaða sjást á þessum slóðum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Búland 3

SF-179:018 Kaplakór heimild um vað

63°46.078N 18°28.293V

"Nyrst í honum [Búlandstanga] er hár höll, Sjónarhöll. Austan við hann niður við Eldvatn heita Lákaslægjur, þar er vað á Eldvatninu, sem heitir Kaplakór," segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 1,4 km suðaustan við bæ 001. Samkvæmt heimildamanni, Sigurði Péturssyni, var vaðið farið á leið með gemlinga á beit í hraunið. Vaðið var norðan eða sunnan við mosavaxið holt austan við Sjónarhól en þar er árbakkinn fremur lágur og sendinn. Engar götur sjást liggja að vaðinu í landi Búlands.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Búland 3

SF-179:019 Árnatóft þúst óþekkt

63°46.308N 18°28.950V



Ummerki eftir Árnatóft SF179:019? Horft til suðurs

63°46.581N 18°29.244V
"Suður af Hellisgili eru klettur, sem heita Þjófadalsklettur, og á milli þeirra er Þjófadalur. Síðumenn áðu alltaf í Þjófadur, áður en þeir fóru yfir Eldvatnið. Það var gott hagkropp fyrir hestana," segir í örnefnaskrá. Þjófadalur er grösugur dalur um 315 m austan við Búlandsbæ 001. Hann snýr norðaustur-suðvestur samsíða veginum heim að Skaftárdal og er afmarkaður af klettum að norðvestan. Grösugar brekkur og dalsbotn. Dalurinn er 10-20 m breiður.

Götur sjást í dalsbotni. Þar eru 4-5 samsíða slóðar. Vestan í klettholtinu er svo ruddur bílvegur á syllu. Þegar norðar

"Norðaustan við Pollamýri er tóftarbrot, sem heitir Árnatóft," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamanni, Sigurði Péturssyni sést óljóst móta fyrir þústinni í óræktarflagi milli ræktaðra túna en ummerkin eru nú orðin mjög ógreinileg. Tóftin var um 650 m suðaustan við bæ 001 en um 320 m vestan við Kaplakór 018.

Árnatóft var þar sem

nú er rótað flag á milli túna. Mjög raskað svæði með ýtuförum út um allt og greinilegt er að jarðvegi hefur talsvert verið ýtt upp þarna.

Ekki sést vel fyrir tóftinni lengur. Á þeim stað sem heimildamaður benti á hefur mikið rask átt sér stað. Ýtuför liggja um svæðið og jarðvegur talsvert verið fluttur til. Á einum stað sjást þó tveir þýfðir hryggir sem gætu verið leifar veggja. Þó að þeim virðist eitthvað hafa verið rutt út. Veggirnir eru varla meira ein hrúgur. Svæðið er 21 x 11 m stór og snýr nálega ANA-VSV. Norðurhryggur er aðeins skýrari en suðurhryggur. Ekki er hægt að sjá hólfaskipan.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Búland

SF-179:020 *Ból* heimild um fjárskýli 63°46.458N 18°29.770V

"Upp af Runkatúni er hæð, sem heitir Ból," segir í örnefnalýsingu. Í Runkatúni voru fjárhús sem ekki sjást lengur enda hafa þau verið sléttuð í tún. Húsin voru um 180 m suðvestan við bæ 001, í túnjaðri. Á þessum stað er flati, rétt ofan við tún þar sem mögulegt er að mannvirki hafi staðið. Neðar (suðaustar) eru tún í halla til suðausturs en ofar grasi gróin órækt.

Húsin sem voru í túninu voru aðeins í notkun af einum bónda samkvæmt Sigurði Péturssyni, heimildamanni. Þau voru rifin fyrir 1950 en jöfnuð alveg við jörðu nokkru síðar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Búland, 1

SF-179:021 heimild um kálgarð 63°46.519N 18°29.604V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Hann var líklega þar sem afgirtur garður er fast vestan við kirkjugarð 002. Innan afgirta garðsins er slétt grasflöt þar sem sjá má rabarbara og rifsberjarunna auk blómabeða. Garðinum hallar litillega til suðurs. Rotþró er sunnan við garðinn og heimreið og hlað austan við hann.


Ekki sjást ummerki um hlaðið gerði í kringum kálgarð og líklegt að það hafi verið sléttuð út. Einnig er líklegt að það hafi raskast við vegagerð og þegar rotþróin var grafin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

SF-179:022 tóft beitarhús 63°45.742N 18°28.655V

Um 330 m vestan við Eldvatn er fjárhús- eða beitarhúsatóft, sunnan við Sjónarhól. Tóftin er mjög greinileg og er í jaðri stórra túna. Hún er um 10 m suðaustan við troðning sem liggur



Beitarhús SF-179:022, á ljósmynd er horft í norður

meðfram túnunum og 1,7 km suðaustan við Búlandsbæ 001. Sléttuð og slegin tún eru bæði austan og vestan við tóftina.

Samkvæmt Sigurði Péturssyni, heimildamanni var þrífýlt á Búlandi um nokkurt skeið og tilheyrði tóftin sem hér er skráð einum af þeim þremur bændum sem þar bjuggu saman. Tóftin er stæðileg og er 17 x 12 m stór en að auki liggur garðlag í um 7 m til vesturs frá henni og beygir svo til suðurs og liggur í 2 m áður en það fjarar út. Sjálf húsin snúa nálega norður-suður. Tóftin er tvískipt. Sunnar eru sjálf fjárhúsin, A, sem er skipt niður með tveimur gördum sem ganga eftir hólfinu endilöngu. Fjárhúsin eru 11 x 7 m að innanmáli og enginn veggur er fyrir suðurhlíð þeirra en þar má ætla að hafi verið þil. Enginn veggur er heldur á milli fjárhúsa og hlöðu að baki (B). Hlaðan er hins vegar 0,8 m dýpri en fjárhúsin. Hún er 8-9 x 4 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin. Norðurveggur er nær alveg hruninn inn í hlöðuna. Tóftin er algróin að utan en grjóthlaðin að innan og í henni er mjög stórt hleðslugrjót.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-179:023 *Köllunarhóll* örnefni ferja 63°46.490N 18°28.574V
"Sunnan við sama gil [Sesseljugil] austast við hraunið er hóll, sem er kallaður Köllunarhóll," segir í örnefnalýsingu. Örnefnið Köllunarhóll bendir til þess að þar hafi verið kallað á ferju yfir Eldvatn. Heimildamaður, Sigurður Pétursson, benti skráningarmönnum á hól sunnan við Kjóa en samkvæmt örnefnaskrá og Örnefnasjá LMÍ eru Litli- og Stóri-Múli þar. Í Örnefnasjá er Köllunarhóll merktur norðan við Sesseljugil og er það stór hóll um 1,2 km norðan við bæ 001. Meintur Köllunarhóll er um 180 m austan við malarveg að Skaftárdal. Hóllinn snýr austur-vestur og fast austan við hann er lítil kvísl í Skaftá en vestan við hann er nokkuð flatlent graslendi. Ekki sjást götur af loftmynd í kringum meintan Köllunarhól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Búland, 3; <http://atlas.lmi.is/ornefnasja/>

SF-179:024 heimild um traðir 63°46.532N 18°29.663V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir frá bæ 001 til norðvesturs út úr túninu, fast sunnan við tóft 005. Fjallabaksleið nyrðri 641:004 lá um túnið á Búlandi. Þar sem traðirnar voru er gróið rof í brekku mót suðri þar sem jarðvegi var ýtt til suðurs til að jafna undirlag undir vélaskemmu.

Engin ummerki um traðir sjást vegna rasks en frá tröðum hefur leiðin legið á gilbrúninni meðfram túninu. Ekki sjást skýrar götur þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-179:025 heimild um kálgarð 63°46.523N 18°29.652V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður um 30 m sunnan við hrútakofa 005 og 15-20 m vestan við bæ 001. Stór vélaskemma er þar sem kálgarðurinn var áður. Engin ummerki um kálgarðinn sjást. Líklegt er að hann hafi verið sléttaður eða horfið við byggingu skemmunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-179:026 *Litla-Nes* heimild um býli

63°45.352N 18°28.758V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Skaftafellssýslu segir um Búland: "Tvær aðrar hjáleigur fylgdu fyrrum Búlandi, þ.e. Þorláksstaðir, sem í eyði lögðust við Kötflugosið 1755, og hin Búlandshjáleiga, Litla-Nes, brann af í jarðeldinum 1783." Samkvæmt lýsingu Jóns Steingrímssonar eyddist Litlanes þann 29. júní. Suðurendi Búlandsjarðarinnar endar í odda eða tanga út í Eldvatn og kallast þessi endi Litlasker. Talið er að Litla-Nes hafi verið á þessum slóðum. Svæðið sem um ræðir er um 2,3 km SSA við Búlandsbæ 001. Á þessum stað gengur tangi út í Eldvatn, hann er mosavaxinn en þar sem hann nær lengst til suðurs er sandtunga út í Eldvatnið.

Bærinn brann í Skaftáreldum og er nákvæm staðsetning óþekkt. Syðst á Litlaskeri gengur sendinn tangi út í Eldvatnið. Syðst á honum er moldarhæð sem er um 26 x 11 m stór og rís mest 0,8 m upp úr sandinum en er víðast 0,2-0,4 m há. Ekki sjást eiginleg mannvirki á þessum stað en vel er hugsanlegt að bærinn hafi verið á þessum slóðum þó e.t.v. sé enn líkleggra að öll ummerki hans séu horfin.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: SSSk, 204 og Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar, bls. 341




Moldartorfan á slóðum Litla-Ness SF-179:026, horft til suðvesturs

SF-179:027 tóftir býli

63°47.363N 18°30.624V

Fimm fornlegar tóftir og tvær þústir eru um 1,8 km norðvestan við Búlandsbæ 001, á sunnanverðu Mosholti, norðan við gil það sem Miðgötuhellir 016 er í. Tóftirnar eru á flata uppi á holtinu og í aflíðandi brekku í holtinu sunnanverðu. Svæðið er gróið mosa og snöggu grasi. Bratt lækjargil er vestan og sunnan við minjarnar. Í austanverðu Mosholti eru stórir rofflekkir sem ógna minjunum.

Minjarnar eru á svæði sem er um 90x35 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á því eru sjö tóftir í 2-3 hnöppum. Suðaustast á svæðinu er tóft A og þústir B og C. Tóft A virðist vera skálalaga. Hún er um 10x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld, gróin og lyngi vaxin. Að innanmáli er tóftin um 3,5x12 m. Norðurlangveggur er mun breiðari en sá syðri. Op virðist vera á syðri langvegg, litlu vestan við miðja tóft. Mesta hæð tóftar er um 1 m í vesturenda. Um 1,5 m austan við tóft A er þúst B. Hún er um 6x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er breiðari í vesturenda en austurenda og er um 0,5 m á hæð. Tóft A og þúst B eru á n.k. stalli sem sést meðfram suðurhlíð minjanna. Aflíðandi halli er niður af stallinum og er hann um 3 m á hæð. Vel er mögulegt að þúst B sé hluti af tóft A og er eins og gróið rof á milli minjanna. Þúst C er um 8 m suðvestan við tóft A. Hún er um 4x4 m að stærð og 0,5-0,6 m á hæð, hæst í suðvesturhluta. Ekki sést móta fyrir hólfum. Þústin er mosavaxin eins og þúst B. Uppsöfnun er á milli tóftar A og þústar C. Líklegt er að þar leynist fornminjar undir sverði. Kanturinn á milli minjanna er 0,4 m á hæð. Brúnin liggur norðaustur-suðvestur en er ekki skýr að ofan. Tóft D er um 25 m norðvestan við tóft A og um 30 m SSV við tóft E,



á brún lækjargils vestan við holtið. Hún er um 8,5x7 m að stærð, snýr SSA-NNV, mjókkar til SSA. Tóftin er einföld og sigin, mesta hæð 0,2 m. Líklega hefur verið op til SSA en það er óljóst. Tóftir E, F og G eru í hnapp á norðvesturhluta svæðisins. Tóft E er um 30 m SSV við tóft D og 5-6 m austan við tóft F. Hún er 12x4 m stór og snýr norður-suður þvert á brekkuna og er hún í svolitlum halla til suðurs. Tóftin er breiðust um miðbikið en mjókkar til beggja enda. Norðurendi tóftarinnar er sémilega skýr en hún verður óljósari eftir því sem sunnar dregur. Tóftin virðist einföld og er 8,5x3,5 m að innanmáli. Tóft F er fast sunnan við tóft G og eru aðeins um 50 cm á milli. Tóft F er í raun gerði, fremur hringlaga í lögun og er 13-14x12-13 m stórt og snýr austur-vestur. Gerðið er einfalt og afar óskýrt og þá sérstaklega suðvesturhlið sem liggur í jaðri lágur hæðar og sést varla. Um 5 m sunnan við gerði F er

dæld sem er um 9 m löng í jaðri lágur hæðar. Dældin er um 2 m breið efst en mjókkar til



Tóftir SF-179:027, á mynd til vinstri er horft til VSV en til suðurs á mynd til hægri

suðurs. Ekki er ljóst hvort dældin er náttúruleg eða alveg sokknar mannvistarleifar. Tóft G er norðvestast á svæðinu. Hún er einföld og 6x4,5-5 m stór. Tóftin snýr austur-vestur og er

2,5x1,5 m að innanmáli. Tóftin er einföld. Þó að hún sé afar sigrin og ógreinileg er hún greinilegust tóftanna þriggja en veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð. Tóftir D-G eru allar alveg signar og að verða ógreinilegar en tóft A er mjög greinileg. Nokkrir borkjarnar voru teknir á svæðinu 2012 án þess að komið væri niður á óyggjandi mannvistarleifar. Árið 2014 var tekinn skurður í tóftina. Hann leiddi í ljós að tóftin er byggð eftir að gjóska úr Eldgjá fellur 934 en gjóska úr Heklu 1104 er yfir öllum mannvistarleifum sem bendir til að tóftin hafi verið stutt í notkun. Á henni eru miklir grjótveggir með torfi inn á milli. Veigalítill góflög fundust nema helst í norðurenda sniðs þar sem einhver góflög var að sjá.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Skaftártunga: Archaeological investigation in 2013, 13 og óútgefin skýrsla um uppgröft sumarsins 2014

SF-179:028 tóft+garðlag túngarður

63°46.505N 18°29.440V

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1933 segir: "Eftir örskamma för, komum við að túngarðinum á Búlandi og stígum af baki við hliðið." Á túnakorti má sjá að túngarður afmarkaði túnið á Búlandi efst vesturhlið og norðurhlið en á austurhlið sýna merkingar að girt hafi verið ofan á lágan túngarð. Túngarðar sjást meðfram austur- og norðurhliðum Búlands en þeir afmarka mun stærra tún en sýnt er á túnakorti 1920 og eru þeir garðar horfnir í tún og þeir garðar sem sjást yngri en túnakortið. Nákvæmur aldur þeirra er ekki þekktur og eru þeir skráðir vegna forns byggingarlags þó að þeir teljist ekki formlega til fornleifa fyrir aldurs sakir. Hesthústóft er sambyggð túngarði meðfram norðurenda túnsins og er hún skráð með garðinum.

Túnið á Búlandi er austan við Búlandsá og afmarkast af árgilinu til vesturs. Lækjargil afmarka



Tóft SF-179:028 sem er sambyggð túngarði, á mynd til hægri er horft til suðurs

það til austurs og hafa líklega einnig gert það til suðurs en þeim hluta túnsins hefur verið umbylt og breytt vegna bygginga og vegagerðar. Norðan við túnið er breið, gróin lægð sem óvíst er hvernig myndaðist.



Túngarður SF-179:028. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til ASA á mynd til hægri

Torfhlaðinn túngarður afmarkar svæði sem er um 100x190 m að stærð og snýr NNV-SSA. Túngarðurinn sést aðeins sem kantur meðfram hluta norðurenda túnsins. Annarsstaðar er hann víða siginn og gróinn. Þar sem hann sést best er hann um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Líklegt er að aðeins hafi verið lágur túngarður sem girt hafi verið ofan á með gaddavír. Hesthústóft er nyrst í túninu, um 100 m norðan við bæ 001. Tóftin er gróin en grjót sést í henni á stöku stað. Hún er um 15x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð tóftar er 0,5 m. Tóftin skiptist í fjögur hólfi. Hólf I er í suðvesturenda. Það er um 1x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því til suðausturs. Hólf II er þar norðaustan við, það er um 2x2 m að innanmáli, op er á því til suðausturs. Óljóst hólf III er í norðausturenda tóftarinnar, er um 4x2,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Túnið hefur verið ræktað yfir hluta tóftar í norðausturenda hennar þannig að suðausturlangveggur hennar er illgreinanlegur. Ekki sést vel hvort op hafi verið á hólfi III til suðvesturs. Hólf IV er norðvestan við hólf II og stendur lægra í landinu, utan við norðurbrún túnsins. Hólfið er um 4x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru mjórri og lægri en annarsstaðar í tóftinni. Líklegt er að hey hafi verið geymt í hólfinu. Ekkert op er á því. Á milli túngarðs og vörslugarðs 067 er garður sem skráður er með vörslugarðinum en hólf IV er byggt utan í hann suðvestanverðan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÁFÍ 1933, 54

SF-179:029 heimild um býli

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir: "51. Grjótmeður fyrir austan Búland í Skaftártungu, þar voru mörg brot af líkum steini (líklega fornt bæjarstæði): Snældusnúður, eitlöttur, flatur. Bæði að ofan og neðan, 40x17. Þjms. 4254". Ekki er lengur vitað hvar brotin fundust og engar upplýsingar eru um mögulegt bæjarstæði austan við Búland. Sigurður Pétursson, heimildamaður hafði ekki heyrt getið um fornmunafundinn og ekki unnt að staðsetja hann.

Heimildir: Árb 1949-1950, 51

SF-179:030 þúst óþekkt

63°46.815N 18°29.296V

Óvenjuleg grjóthlaðin þúst eða grjóthruga er um 650 m NNA við bæjarstæði Búlands og um 200 m vestan og ofan við bakka Skaftár. Þústin er um 40 m suðaustan við áætlað vegarstæði að frárennslisgöngum í Skaftá samkvæmt hugmyndum um Búlandsvirkjun.

Á þessu svæði er flatlendur mosagróinn melur, fast sunnan við djúpan gilskorning. Mikið er um rofabörð á svæðinu austan og ofan við hrúguna. Lítið sem ekkert líkt stórt grjót sjáanlegt á svæðinu nema um 10 m suðaustar á melnum. Grjótið virðist samandregið af mannahöndum en

þó er ekki hægt að útiloka að um náttúrumyndun að ræða. Þústin er um 5 x 4 m stór og <0,2 m há. Hún er sporöskjulaga og snýr norðvestur-suðaustur. Bakkar þústarinnar eru mosagrónir, 0,5-1 m breiðir og <0,2 m háir en miðja þústarinnar er ógróin grjótdreif í dæld sem er um 0,2 m á dýpt og um 3x2 m að innanmáli. Enginn greinilegur inngangur á þústinni en ekki er útilokað að á þessum stað hafi verið einhvers konar skýli sem nú er hrunið saman.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-179:031 gata leið

63°46.725N 18°28.620V

Greinilegar götur eru í norðan- og norðvestanverðum Kjóum, fast sunnan við Kjóalón og um 900 m ANA við Búlandsbæ 001. Kjóar eru þýft graslendi á vesturbakka Skaftár. Í austanverðum Kjóum er nú þverhniptur og hár rofinn árbakki þar sem Skaftáin er smám saman að rífa þá niður. Kjóar enda að norðan við Kjóalón. Þar er grasgróin brött brekka niður af Kjóunum ofan í lónið.

norðurenda Kjóanna koma göturnar fyrst í ljós, upp frá Skaftá ofan og sunnan við Kjóalón. Samkvæmt Sigurði Péturssyni bónda á Búlandi var áður vað 032 í framhaldi yfir Skaftá. Götunum var fylgt á

um 250 m kafla og liggja þær í mjúkum boga í SSV niður í gróið gil milli Kjóa og Múlaskers en þar verða þær óskýrar á ný. Áður en komið er efst upp á Kjóana skiptist leiðin í tvennt en sameinast þó aftur um 200 m suðvestar þegar komið er niður í gilið norðaustan við Múlasker. Í norðaustari kvíslinni eru 5-11 slóðar hlið við hlið á meðan í suðvestari kvíslinni eru 1-6 slóðar. Litlu slóðarnir eru 0,2-0,4 m á breidd og <0,4 m djúpir. Í suðvestari kvíslinni sameinast allir sex slóðarnir í einn sem er þar



Götur SF-179:031, horft til NNA. Ljósmynd Sólveig G. Beck

0,5-1 m breiður og <0,5 m djúpur í norðaustanverðri brekkunni í Kjóunum ofan við Kjóalón. Norðaustan við þessa rás sameinast allar göturnar áður en þær hverfa niður í lónið. Ekki er ólíklegt að leið þessi hafi legið áfram í gilið í suður niður með ánni og/eða beygt fljótlega í vestur heim að Búlandi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:032 frásögn vað

63°46.767N 18°28.585V


Greinilegar götur eru í norðan- og norðvestanverðum Kjóum, fast sunnan við Kjóalón og um 900 m ANA við Búlandsbæ 001. Ummerki um vaðið eru nú ógreinileg. Kjóar eru þýft graslendi á vesturbakka Skaftár. Í austanverðum Kjóum er nú þverhniptur og hár rofinn árbakki þar sem Skaftáin er smám saman að rífa þá niður. Kjóar enda að norðan við Kjóalón. Þar er grasgróin brött brekka niður af Kjóunum ofan í lónið.

Í norðurenda Kjóanna sjást götur 031 upp frá Skaftá ofan og sunnan við Kjóalón. Samkvæmt Sigurði Péturssyni bónda á Búlandi var áður vað á þessum stað oft nefnt Kjóavað sem lá gróflega ANA-VSV yfir Skaftá.

SF-179:033 tóftir beitarhús

63°46.820N 18°29.144V

Tvær grjóthlaðnar tóftir eru á vesturbakka Skaftár um 650 m norðaustan við bæjarhúsin í Búlandi og um 400 m VNV við Kjóalón. Á þessum stað er brött grasigróin brekka sem hallar 30-50° til austurs, undir lágu klettabelti fast ofan og vestan við bakka Skaftár.



Á þessum stað eru tvær tóftir í brekku sem liggur að Skaftá. Þær eru á svæði sem er um 55 x 30 m stórt og snýr nálega norður-suður. Tóft A er um 40 m norðan við tóft B. Tóftin A er nærri því algjörlega niðurgrafin. Utanmál hennar er 9-10 x 5-6 m. Ytra byrði er raunar mjög ógreinilegt en það má merkja sem óljósan kraga sem er víða 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð, nema að austan þar sem hann er allt að 3 m breiður. Innanmál tóftar er um 4,5 x 2,5 m. Hún snýr VNV-ASA og er einföld. Tóftin er grafin inn í brekkuna og þar eru veggir hæstir eða mest 1,3 m í vesturhorni. Austast eru veggir aðeins 0,3 m á hæð en víða eru þeir um 0,9 m. Veggir eru hlaðnir úr mjög stóru grjóti sem er nú mosavaxið og byrjað að hrynja inn í tóftina og mest sjást 3-4 umför af hleðslu. Ekki sést op á tóftinni. Gaddavírsgirðing sem hlaðið hefur verið undir að hluta liggur um hlíðina norðaustur-suðvestur á þessum slóðum og hún liggur þvert yfir tóftina. Þar hefur grjót verið fjarlæggt úr vegg og hlaðið inn í tóft, líklega til að mynda undirstöðu fyrir girðingu. Tóftin er vaxin elftingu, mosa og grasi. Um 2 m sunnan við hana er dæld sem er um 4 x 2,5 m að stærð og gæti torf hafa verið rist á þessum slóðum. Mögulegt er einnig að torf hafi

verið rist á tveimur stöðum norðan við tóftina þar sem er að sjá dældir. Tóft B er einföld og grjóthlaðin, um 9 x 4,5 m stór og snýr ASA-VNV. Tóftin er á aflöngum grasigrónum hól neðarlega í brekkunni. Hann er 20-30 x 10-15 m stór, 6-8 m hár og snýr eins og tóftin ASA-



Tóftir SF-179:033, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til austurs á mynd til hægri

VNV. Op er á tóftina að austanverðu, um 0,5 m breiðan inngang og 0,5 m hátt op en yfir því er stór hella. Líklegast er því að kindur hafi verið reknar inn um þetta op. Innanmál tóftar er um 6x2,5 m. Veggir hennar eru mosa- og grasigrónir, 0,4-1 m á hæð og að mestu um 1 m á breidd, fyrir utan á austurenda þar sem veggur virðist vera 1,5-2 m á breidd. Grjóthleðslur eru enn vel greinilegar. Mögulegt er að jötur hafi verið upp við veggi í tóftinni beggja megin þar sem vel grasigróinn botn hennar hallar inn að miðju frá langveggjum. Samkvæmt Sigurði Péturssyni bónda á Búlandi voru sauðahús á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

SF-179:034 gryfja mógrafir

63°47.358N 18°30.323V

Niðurgroftur sem gæti verið mógrafir eru um 1,7 km norðan við íbúðarhúsið í Búlandi og neðst í Mosholtsmýri. Grafirnar eru innan áhrifasvæðis Búlandsvirkjunar, í jaðri haugsvæðis sem ráðgert er á þessum slóðum. Mógrafir A eru suðaustast innan haugsvæðis en mógrafir B eru fast utan þess. Grafirnar eru nú grónar og óljósar. Nyrðri gröfin er þó skýrari. Mýrin ofan (vestan) við er grasgefin en austar tekur við gróið gil.



Meintar mógrafir SF-179-034A horft til norðvesturs

Mór gæti hafa verið tekinn á a.m.k. tveimur stöðum í jaðri Mosholtsmýrar, allra austast og tekur gil við austan við þær. Grafirnar eru á svæði sem er um 60 x 20 m stórt og snýr NNV-SSA. Syðri grafirnar B, eru um 22 m langar en á bilinu 6-10 m breiðar. Þær eru um 1 m á dýpt, með ávalar brúnir og algrónar grasi og víði. Grafirnar eru þurrar. Um 25 m NNA er svo skýrari grafir, A. Þær eru 11 x 16 m stórar og snúa norðaustur-suðvestur. Til austurs af þeim er dæld og má vera að grafirnar hafi náð lengra til austurs. Austan við dældina tekur svo við nokkurt þverhnípi niður í gilið og rennur lækjarsytra niður þær og ofan í gilið. Grafir A eru 0,5-1 m á dýpt og grasi grónar, deigar en ekki blautar. Báðar grafirnar eru fremur illgreinilegar og vel má vera að mór hafi verið tekinn víðar í giliinu þó að erfitt sé að dæma um það nú.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:035 tóft óþekkt

63°46.282N 18°29.593V

Ógreinileg tóft og renna eru fast sunnan við fóðurkálssækt í brekku norðan við Fjallabaksleið nyrðri þar sem hún hefst og sést rennan einnig sunnan við leiðina. Í brekkunni sunnan við fóðurkálssækt er grasi gróið og allbratt og í henni virðist hafa orðið rask af einhverju tagi, líklega af völdum vatnsaga en hefur gróið aftur. Sunnan við Fjallabaksleið nyrðri er aflíðandi halli til austurs, sléttlent og harðlent.

Minjarnar sjást á svæði sem er um 125x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Nyrst á svæðinu er tóft A sem er að hluta gróin inn í



brekkuna en hlaðinn veggur er meðfram austur-langhlið. Tóftin er einföld, um 2x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðið veggur á norðurgaffli tóftar þar sem líklega var op inn í tóftina en þar er lágur kantur.



Tóft SF-179:035A á mynd til vinstri (horft til SSV) og tóft A og renna B á mynd til hægri horft til norðurs)

Þetta er hins vegar orðið óljóst vegna rofs. Veggjahleðslur eru grónar, líklega úr torfi og grjóti og mesta hleðsluhæð er um 1 m. Þetta virðast vera unglegar minjar og hefur hér líklega verið einhvers konar útihús en nákvæmt hlutverk er ekki þekkt. Fast sunnan við suðausturhorn tóftarinnar er renna B sem sést beggja vegna við bílveg á Fjallabaksleið nyrðri og endar við allbratt gil í suðri. Rennan sést á um 115 m löngum kafla og liggur nálega norður-suður en sést ekki þar sem vegurinn er, á 24 m löngum kafla. Rennan er mjög greinileg sunnan við Fjallabaksleið en þar er hún 0,5-1 m á breidd að innanmáli og dýpst um 0,2 m. Uppkastinu úr rennunni hefur verið hlaðið á vesturbrúnina og er hæst um 0,3 m. Með rennunni er brúnin sem myndast hefur í landslaginu um 0,5 m á hæð. Mannvirkið er allt gróið en aldur þess er ekki þekktur. Hlutverk mannvirkisins er ekki ljós en líklegt er að það hafi verið gert til þess að afmarka svæði og getur verið að girðing hafi verið á brúninni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:036 þúst óþekkt



Þúst SF-179:036, horft til norðausturs

63°46.715N 18°31.090V

Grjótþúst sést um 50 m austan við Fjallabaksleið nyrðri, um 110 m norðan við leið 037.

Þústin er í lægð milli hæða á uppblásnu svæði sem tekið er að gróa að nýju.

Þústin er um 1,2x1 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m á hæð. Í henni er fremur smáir steinar úr grágrýti og eru þeir ekki skófum vaxnir. Ekki virðist hafa verið hleðsla í þústinni og virðist grjótinu hafa verið hrúgað saman á þessum stað í óljósum tilgangi. Ólíklegt er að um sé vörðu að ræða vegna þess hversu lágt þústin er í landinu og sést illa úr fjarlægð. Um 55 m og 75 m norðaustan við þústina eru tvær óverulegar vörðunibbur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-179:037 gata leið

63°46.656N 18°30.944V

Götur sjást beggja vegna við akveg á Fjallabaksleið nyrðri um 1,4 km norðvestan við tóft 035A. Göturnar liggja norðan í lágu felli við austan við Fjallabaksleið nyrðri og áfram til vesturs á flatlendi vestan við veginn.



Götunum var fylgt á um 220 m löngum kafla þar sem þær liggja nálega austur-vestur. Við austurenda svæðisins greinast göturnar og liggja annars vegar til norðausturs og hins vegar til suðausturs. Í vesturenda hverfa göturnar við jarðvegsrof og var hennar ekki leitað utan þess. Þar sem leiðin var skoðuð sjást 2-5 götur saman á svæði sem

Leið SF-179:037 þar sem hún er hvað greinilegust, horft til vesturs

er 1-5 m á breidd. Sumar þeirra eru grónar en aðrar eru ógrónar og virðast vera farnar af sauðfé. Göturnar eru 0,2-0,4 m að breidd innanmáls og 0,1-0,3 m á dýpt. Göturnar eru það margar saman að ólíklegt verður að teljast að hér sé eingöngu um kindagötur að ræða en það er ekki útilokað. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru. Ein djúp gata liggur til suðausturs frá vesturenda þess svæðis sem leiðin var skoðuð á. Líklega er það fjárgata.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-179:038 garðlag óþekkt

63°46.293N 18°29.620V

Óljóst, grasi gróið garðlag er merkjanlegt tæpum 20 m norðvestan við tóft 035A og um 30 m frá Fjallabaksleið eins og hún liggur nú (2014). Í brekkurótum sem hallar til norðausturs að grænfóðursrækt. Til norðvesturs endar garðlagið við stórt gil. Mögulegt er að þar hafi það beygt með túninu til norðausturs en þar er nú hryggur. Hryggur eða torfhaugur er einnig yfir gilið í framhaldi af garðlaginu en ekki sést greinilegt framhald norðan gils.



Garðlagið er grasi gróið. Það var samtals rakið á um 60 m kafla og er syðsti hluti þess um 30 m austan við Fjallabaksleið en þar sem hætt var að rekja það til norðurs var það rúmlega 60 m frá veginum. Garðlagið snýr norðvestur-suðaustur og er mest um 1 m á breidd en víða mjórra. Hæð garðlagsins er mest 0,7 m og norðausturbrún þess er mun greinilegri en suðvesturbrúnin sem fellur víða inn í brekkuna. Ekki er vitað í hvaða tilgangi garðlagið var hlaðið.

Garðlag SF-179:038, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-179:039 frásögn fjárhús

63°46.523N 18°29.646V

Sigurður Pétursson, heimildamaður, greindi frá því að fjárhús og hlaða hefðu verið rétt ofan við vélaskemmu um 20 m vestan við bæ 001 og um 30 m suðaustan við tóft 005. Þar sem útihúsi stóðu er gróið rof í brekku þar sem jarðvegi var ýtt til suðurs til að jafna undirlag fyrir skemmuna.

Útihúsin hafa líklega verið í sömu línu og skemma og smiðja sem skráð eru með bæjarhól 001 eða lítillaga sunnar og 10-15 m vestan við þær byggingar. Engin ummerki sjást um útihúsin og hafa þau líklega horfið við rask vegna byggingar skemmunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:040 frásögn rétt

63°46.513N 18°29.592V

Samkvæmt heimildamanni, Sigurði Péturssyni, var rétt á svipuðum stað og kálgarður 021.

Sunnan við kálgarð 021 er raskað svæði m.a. vegna vegagerðar og rotþróar. Ekki sáust ummerki um réttina á vettvangi og hefur að líkindum verið sléttað yfir hana eða hún horfið vegna rasks.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:041 gata leið

63°46.541N 18°33.568V

Götur eru fast norðan við minjar 072 á milli Kóragilja. Á milli Kóragiljanna tveggja er fremur mjór og aflíðandi halli til suðvesturs. Svæðið er gróið mosa, grasi og lyngi en víða í nágrenninu eru rofsár og uppblástur.



Leið SF-179:041. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri

Götur liggja austur-vesturs norðan við syðra Kóragil. Götturnar sjást liggja frá u.þ.b. miðju syðra gilinu til vesturs. Þar sem götur sjást fyrst við gilið eru þær beggja vegna við djúpan gróinn skorning sem myndast hefur við umferð. Sunnan við skorninginn eru um 8 götur og norðan við það 4-6 götur. Alls sjást götur á um 20 m breiðu svæði. Götturnar eru grónar og flestar eru þær um 0,2 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Leiðinni var fylgt að neðanverðu nyrðra Kóragili á um 350 m löngum kafla en á loftmynd má sjá að götturnar halda áfram meðan við tóftir 070 til norðausturs og sjást á köflum að túngarði Búlandssels 180:019, alls á um 1400 m löngum kafla. Leiðin hefur legið frá Búlandsseli en ekki er ljóst hvert leiðin lá en mögulega hefur hún legið að Búlandi 179:001 eða Hvammi 178:001.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-179:042 gata leið

63°46.150N 18°33.465V

Götur liggja eftir jarðvegstorfu SSV við Kóragil. Þær liggja skáhalt VNV-ASN og eru um 3,2 m vestan við Búlandsbæ 001 og tæpum 500 norðvestan við Þorleifsstaði 008. Svæðið er sundurskorið af giljum og talsverður uppblástur er í þeim og víða ofan við. Á milli giljanna er



Götur SF-179:042. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til norðvesturs á mynd til hægri

gróinn flati og þar sjást götuslóðarnir. Göturnar liggja niður einn þessara flata eða tanga sem er í aflíðandi halla til VNV. Þar sem slóðarnir beygja eru 14-18 slóðar greinilegir þar sem mest er.

Götuslóðarnir eru fyrst merkjanlegir suðaustast þar sem jarðvegstorfu sleppir og uppblástur tekur við. Þær sjást liggja til VNV eftir jarðvegstorfunni og liggja langleiðina að Selá í átt að Grísafelli. Ekki er ólíklegt að göturnar hafi legið í átt að Búlandsseli SF-180:001. Þar sem mest er sjást allt að 15-20 götuslóðar samsíða en stundum liggja þeir saman í 1-3 djúpa slóða sem hafa grafið sig talsvert niður í gróðurhuluna. Leiðin var rakin á um 1,2 km kafla á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-179:043 gata leið

63°46.432N 18°33.163V

Götur sjást liggja norður-suður um 400 m austan við tóftir 007 og um 2,9 km vestan við Búlandsbæ 001. Hluti leiðarinnar var skoðaður á vettvangi en við yfirferð loftmynda eftir að vettvangsvinnu lauk kom í ljós að götur á sömu leið sjást víðar. Á loftmynd sjást götur mjög skýrt á milli Rofamýrar og Slóðamýrar 180:008 um 450 m austan við Hróðnýjarstaði 014 og um 180 m austan við leið 013. Þar sem leiðin var skoðuð liggja göturnar ofan við Kóragil í Þorlaksstaðafelli þar sem



Götur SF-179:043, horft til norðurs

mikill uppblástur og jarðvegsrof hefur átt sér stað.


Göturnar sjást fyrst sunnan við austurenda syðra-Kóragils. Þar eru þær greinilegar á um 100 m löngum kafla og sjást 10-15 götur saman á um 20 m breiðu svæði. Göturnar eru óljósar en sumar farnar af sauðfé og eru þær skýrastar. Flestar eru göturnar um 0,2 m á breidd og dýpt. Er norðar dregur, á milli Kóragilja, eru göturnar óskýrar og spilltar vegna sands og gjallfoks og þar líkjast þær helst fjárgötum. Á milli giljanna sjást götur á um 170 m löngum kafla en svo verða þær mjög ógreinilegar. Alls sáust götur á um 370 m löngum kafla á vettvangi en eftir ítarlega yfirferð loftmynda er hægt að rekja leiðina á um 4 km löngum kafla og liggja þær nálega norður-suður. Greinilegastar virðast þær vera nyrst á um 600 m löngum kafla. Ekki er ljóst á hvaðan eða hvert þess leið lá en hún stefnir á Fjallabaksleið nyrðri 641:004 og er líklegt að hún hafi sameinast henni.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-179:044 gerði kálgarður

63°46.483N 18°29.598V

Kálgarður er við Búlandsá, um 70 m sunnan við Búlandsbæ 001 í grasi gróinni brekku sem hallar að Búlandsá. Kálgarðurinn er í grösugu gili sem er þó fremur aflíðandi þar sem kálgarðurinn var byggður.



Kálgarður SF-179:044. Á ljósmynd er horft til NNA

Kálgarðurinn er stunginn inn í brekkuna, dýpra að ofan. Umhverfis hann hafa þó einnig hafa verið hlaðnir fremur pasturslitlir torfveggir. Kálgarðurinn er 14 x 11 m stór og snýr nálega austur-vestur. Veggir hans eru mest um 1 m á breidd og 0,7 m á hæð en víða þó nokkuð lægri eða um 0,4 m. Rabarbari vex í horni garðsins.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:045 tóft hæsnakofi

63°46.494N 18°29.664V

Lítill hæsnakofi var tæpum 60 m suðvestan við Búlandsbæ 001, í gili Búlandsár og sést tóftin ennþá (2013). Tóftin er á flötu og grasi grónu nesi út í Búlandsá.

Tóftin er 5,5 x 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld kofatóft og eru veggir allt að 1,7 m háir. Veggir eru hlaðnir úr mjög stóru grjóti og sjást 5-6 umför af hleðslu. Veggir eru mosagrónir að utan og ofan en vel sést í grjóthleðslur að innanverðu. Kofapakíð



Tóft SF-179:045. Á ljósmynd er horft til SSA

hefur hrunið ofan í tóftina eða verið fjarlæggt en dyrahellan er enn á sínum stað. Samkvæmt Sigurði Péturssyni var húsið byggt fyrir hans minni.

Hættumat: engin hætta

SF-179:046 tóft óþekkt

63°46.541N 18°29.741V


Um 105 m VNV við Búlandsbæ 001 er tóft í gilinu við Búlandsá. Tóftin er greinileg en sigrin



Tóft og kofi SF-179:046. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðausturs á mynd til hægri

og virðist ekki nýleg. Hún er um 2 m sunnan við lítinn bárujárnskofa þar sem börn eiga sér greinilega bú. Tóftin er á grasi grónum lækjarbakka.

Tóftin er 16 x 13 m stór og sný nálega austur-vestur. Hún er einföld og byggð inn í brekkuna ofan við þannig aðeins sjást fremstu 6 m af ytra byrði veggja. Innanmál tóftarinnar er um 7 x 1,5 m en þó er rétt að geta þess að e.t.v. mætti segja það 8-9 m ef fremsti hluti er meðtalinn.



Tóftin er hlaðin úr torfi og veggir hennar eru allt að 1,5 m á breidd. Op hefur líklega verið á illa förunum skammveg að austan, í öðru hvoru horninu.

Hættumat: engin hætta

SF-179:047 varða óþekkt



Varða SF-179:047, horft til norðausturs

umfara. Hóllinn undir vörðunni er um 6 m í þvermál og um 1 m á hæð. Ef til vill hefur hann hlaðist upp eftir því sem eldri vörður hrundu og nýtt grjót var sótt til að endurhlaða hana. Laust hellugrjót er í hólum norðaustanverðum. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SF-179:048 garðlag vörslugarður



Garðlag SF-179:048, horft til suðurs

tún. Garðurinn er gróinn, um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-179:049 frásögn kvíar

Sigurður Pétursson heimildamaður mundi eftir færíkvíum sem voru fast vestan við heimreið að Búlandi og um 30 m sunnan við bæ 001. Flaturlakki sem lækkar ofan í Búlandsárgilið.

63°45.953N 18°28.740V

Stæðileg varða er á Sjónarhóli. Hún hefur verið endurhlaðin að sögn Sigurðar Péturssonar, heimildamanns. Varðan er um 1,3 km suðaustan við bæ 001. Varðan er á litlum grónum grjóthól uppi á Sjónarhóli. Fyrir utan þennan grjóthól er Sjónarhóll flatur að ofan og þakinn samfelldri mosabreiðu.

Varðan er um 2 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Neðst í hleðslunni er stórt grjót en eftir því sem ofar dregur verður það smærri. Greina má 5-6 umför en hleðslan er fallin saman og því erfitt að sjá fjölda

63°46.084N 18°28.431V

Torfhláðinn vörslugarður er um 1,3 km suðaustan við bæ 001 norðaustan við Sjónarhól.

Garðlagið liggur um nokkuð sléttlent en hæðótt mólendi nærri vesturbakka Eldvatnsins.

Garðlagið sést á tveimur stöðum en búið er að slétta stóran hluta þess í tún. Minjar um það sjást á svæði sem er um 320x40 m að stærð og snýr norður-suður. Það liggur frá grónu jarðvegsrofi á um 130 m löngum kafla til SSA og þar hefur það breytt um stefnu til SSV en sést ekki fyrr en 190 m sunnar á um 18 m löngum kafla. Þar sem garðurinn sést ekki hefur hann verið sléttaður í

Utan í honum er kálgarður 044. Grasi gróið og flatt svæði þar sem vélar og rusl eru nú (2014) geymd. Engin ummerki sjást um færíkviarnar enda þeirra varla að vænta.

Hættumat: engin hætta

SF-179:050 frásögn hæsnakofi

63°46.561N 18°29.236V

Sigurður Pétursson, heimildamaður, greindi frá því að hæsnakofi hefði verið utan við túngirðingu um 320 m austan við bæ 001. Að sögn var kofinn syðst í Þjófadal, austan við gamlan bíslóða. Þar eru grasi grónar dældir og svo virðist sem þar sé gróið jarðvegsrask. Engar minjar um hæsnakofann sáust á vettvangi.

Hættumat: engin hætta


SF-179:051 tóftir kálgarður

63°47.322N 18°30.329V

Kálgarður og meint heytóft eru um 50 m norðvestan við Miðgötuheili 016 og um 1,6 km norðaustan við bæ 001. Minjarnar eru í og við lækjargil sem sameinast Árgilsárgili litlu austar. Gras- og moslendi eru í kringum þær en stutt er í svæði þar sem mikill uppblástur og jarðvegsrof hafa átt sér stað.

Minjarnar eru á svæði sem er um 32x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda svæðisins er tóft

eða gryfja A, meint heytóft. Hún er niðurgrafin og er um 3x3 m að stærð. Tóftin er einföld, um 1,5 m á dýpt. Meðfram innri brúnum tóftarinnar er mjór jarðvegskragi en ekki er um stönduga upphlaðna vegg að ræða. Tóftin er samansigin og er 1,5x1,5 m að innanmáli neðst. Um 10 m suðvestan við tóft A er tóft B sem skiptist í tvö hól. Tóftin er torfhláðin, er um 19x17 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er kálgarður sem er um 14x11 m að innanmáli og snýr norður-suður. Innan hólfins sést beðaskipting. 2/3 hlutar hólfins eru í lækjargilinu í miklum halla. Hólf II er í norðvesturhorni tóftarinnar og virðist það vera lítillaga niðurgrafið. Það er um 2 m í þvermál innanmáls. Ekki sést op á tóftinni eða á milli hólfra. Hólf II er eldra en hólf I og kann að hafa þjónað sem heytóft og ef til vill síðar sem kartöflugeymsla. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m en rof er komið í hluta kálgarðs syðst og í suðvesturhorni.





Tóftir SF-179:051. Á mynd til vinstri er horft til austurs en á mynd til hægri til ASA

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-179:052 tóft óþekkt

63°45.777N 18°28.462V

Tvær tóftir og gerði eða grunnur eru sunnan við Sjónarhól og um 1,7 km suðaustan við Búlandsbæ 001. Tóftirnar eru um 140 m ANA við beitarhús 022. Tóftirnar eru fast utan við sléttu tún, í hálfgerðri syllu utan í hæð sem þar er. Klettadrangar eru efst í hæðinni.

Þarna eru þrjú mannvirki, líklega ekki mjög forn en þau eru þó skráð með á fornleifaskrá enda eru þau byggð að fornri byggingarhefð. Tóftasvæðið er samtals um 60 x 22



Tóftir SF-179:052. Á ljósmynd er horft til austurs yfir tóft A

m stórt og snýr NNA-SSV. Tóft A er stærst eða 14 x 10 m að stærð. Hún snýr nálega NNA-SSV. Tóftin er grafin inn í brekkuna að vestan og er fremur sérkennileg. Op er á henni á tveimur stöðum á suðurvegg. Tóftinni má skipta í tvennt. Að sunnan er stórt hól sem líklega hafa verið fjárhús en í því er hins vegar en L-laga stallur sem er 0,2 m hærri en svæðið

handan hans. Stallurinn er 8 m langur en styttri armurinn er 2,5 m langur. Dýpra svæðið er í norðvesturhorni hólsins og er það 5,5 x 3 m stórt. Að baki er hólf sem er 4 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Það er opið til austurs og kann að hafa verið heytóft. Veggheðslur tóftarinnar eru úr stóru grjóti og sjást mest 5-6 umför. Um 8 m suðvestan við tóft A er lítil tóft, B. Hún er alveg niðurgráfin í brekkuna en er 5 x 2 m að innanmáli og er opin til suðurs. Tóftin snýr NNA-SSV. Um 11 m norðaustan við tóft A eru ummerki eftir hús C. Um er að ræða e.k. húsgrunn, 14 x 10 m stóran og snýr hann norður-suður. Ekki er hægt að greina eiginlega veggi en hryggir marka af stærðina og eru þeir 0,5 m á breidd en 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SF-179:053 gerði kálgarður

63°45.818N 18°28.617V

Torfhlaðinn kál- eða kartöflugarður er um 260 m sunnan við vörðu 047 á Sjónarhóli og um 1,5 km suðaustan við bæ 001. Kálgarðurinn er í aflíðandi halla í norðvestanverðum Fagurhól, fast norðan við tún.



Ljósmynd og teikning af kálgarði SF-179:053. Á ljósmynd er horft til ASA

Kálgarðurinn er um 12x21 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hann er einfaldur og eru veggir hans um 1 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Aðeins er farið að hrynja úr veggjum inn í gerðið úr norðausturlangvegg.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-179:054 gata leið

63°47.204N 18°30.656V

Frá Granahaugum 009 sjást miklar götur á Fjallabaksleið nyrðri 641:001. Göturnar greinast og heldur Fjallabaksleið áfram upp á hæð til norðvesturs en götur á óþekktri leið sem hér er skráð liggja í sveig meðfram brekku til norðurs. Göturnar sjást fyrst um 1,4 km norðvestan við bæ 001. Göturnar liggja um mólendi sem er sundurskorið af lækjargiljum. Uppblástur og jarðvegsrof er víða á svæðinu.



Gata SF-179:054, horft til suðausturs

gilið, beygt með því til austurs. Kannski er þó líklegra að þeir hafi legið áfram til norðurs e.t.v. ofan við hæðina þar sem rústir 027 eru. Alls sjást ummerki um leiðin á um 280 m löngum kafla sem liggur nálega norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-179:055 garðlag óþekkt



SF-179:055 horft til suðausturs

Þar sem leiðin greinist er hægt að fylgja leiðinni sem liggur af Fjallabaksleið á um 60 m löngum kafla. Framhald leiðarinnar má aftur greina um 140 m norðan við þar sem hann hvarf. Þar sjást göturnar liggja til norðurs, og verða skýrari eftir því sem að nær dregur Hellisgili. Göturnar liggja að gilinunni og næst því er hægt að greina allt að 10 óljósa slóða. Þeir liggja ofan í gilið nálega til móts við fornlegar tóftir 027. Ekki er hægt að sjá afgerandi framhald af þeim handan gilsins og er jafnvel mögulegt að þeir hafi legið ofan í

63°46.404N 18°29.724V

Garðlag liggur úr plægðu túni um 250 m SSV við bæ 001 og að öðru túni norðar en hverfur þar í tunkraga. Garðlagið var skráð á milli tveggja sléttra túna þar sem er lækjargil á milli þeirra. Svo virðist sem framhald þess hafi verið sléttað í tún.

Garðlagið sést á 40-50 m kafla. Það er 1-1,2 m breitt en 0,2-0,4 m á hæð, algróið og líklega torfhláðið. Það snýr NNW-SSA.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-179:056 gata leið

63°46.508N 18°29.452V

Götur sjást á stuttum kafla um 120 m austan við bæ 001. Göturnar liggja um tún og í djúpu lækjargili austan við túnið.

Leiðin liggur ANA-VSV og sést á um 120 m löngum kafla. Leiðin sést fyrst í túni. Þar liggur leiðin í miðri brekku og sést sem brún í sléttu túninu. Þegar komið er út fyrir girðingu sem afmarkar þann hluta túnsins sem enn er sleginn beygir leiðin lítillaga til austurs og liggur um skarð sem myndast hefur á brún djúps lækjargils og áfram til austurs upp úr gilinu.

Utan nýtts túns hafa götur á leiðinni grafist niður í djúpan skorning sem er allt að 2 m á dýpt og 1 m á breidd neðst en víkkar út er ofar dregur. Þegar komið er upp úr lækjargilinu hverfur leiðin í jarðvegsrofi. Ekki er ljóst hvert leiðin lá en hún kann að hafa sameinast götum í Þjófadall 017.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:057 þúst óþekkt

63°46.427N 18°29.765V

Um 220 m suðvestan við bæ 001 er þúst, fast ofan við Runkatún. Þústin er í hálfgerðu dalverpi, grunni sem þar myndast fast ofan túnanna.

Hæðin er 14 x 8 m stór og snýr austur-vestur.

Ekkert tóftalag er að sjá í henni en hún sker sig þó vel frá umhverfi sínu og rís hærra en það. Helst er að giska á að þústin sé töluvert

röskuð, ekki er ólíklegt að hún hafi blásið og svo grúíð upp aftur. Mögulegt er að það móti fyrir vegg að norðaustan um 5 m löngum. Þústin er líklega manngerð en þó er ekki hægt að



Gata SF-179:056, horft til austurs



Þúst SF-179:057, horft til austurs

fullyrða það.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-179:058 garðlag vörslugarður

63°45.758N 18°28.994V

Stutt garðlag liggur frá Búlandsá, upp hlið í átt að Sjónarhóli um 1,5 km suðaustan við bæ 001. Garðurinn er í bratta í mólendi, litlu norðvestan við gilskorning.



Garður SF-179:058. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til suðvesturs á mynd til hægri

Garðurinn er um 115 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Garðurinn liggur frá grónu rofi í norðaustri, niður brekku niður að Búlandsá. Frá norðausturenda er garðurinn nánast útflattur á um 60 m löngum kafla en verður svo skýrari. Þar er hann um 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Norðvestan við garðinn sést hvar pælan í hann var stunginn upp. Garðurinn er unglegur og hefur líklega verið girt ofan á hann með gaddavírsstrengjum.

Hættumat: engin hætta

SF-179:059 hús

63°46.580N 18°29.788V

Gömul rafstöð úr blönduðu efni er í Bæjargilinu að vestan, um 175 m norðvestan við bæ 001. Rafstöðin var reist árið 1928 og var í gangi til 1981. Hún er því ekki nógu gömul til að teljast til fornleifa í laganna skilningi en var þó tekin með á fornleifaskrá enda minnisvarði um merk vatnaskil í sögu svæðisins. Rafstöðin er í kverkinni vestanvert við Bæjargil. Upp frá henni er nokkur bratti og vestan við er þurr og grýttur farvegur.



Rafstöð SF-179:059. Á mynd til hægri er horft til VNV en til ASA á mynd til hægri

Húsið er enn undir þaki en þakið er byrjað að falla inn upp við brekkurætur. Húsið er 5 x 3,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Það er úr blönduðu efni (tímbri, bárujárni, steypu, grjóti og torfi og er byggt inn í brekkuna að VNV. ASA hlið er úr tímbri og er enn gluggi á

stafninum með gleri í. Efsti hluti veggjar hefur haldið sér en sigið yfir neðri hluta timburhússins þannig að mænið er aðeins 1,5 m hátt þar sem mest er. Veggir eru annars úr torfí og grjóti og eru mest 1,5 m á hæð. Þak hússins er mosavaxið að utan en bárujárnsþil að innan. Vatn hefur verið leitt að húsinu úr norðvestri. Í húsinu er steipt plata og túrbína. Fyrir framan og umhverfis tóftina er talsverð spýtna- og bárujárnsdreif.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sunnlenskar byggðir VI, 275

SF-179:060 gata leið

63°46.357N 18°29.397V

Vegarslóði liggur frá veginum að Skaftárdal og til suðurs og er hann samsíða veginum heim að Skaftártungu nyrst, um 115 m austar. Fast vestan við þennan bíslóða og um 340 m sunnan við bæ 001 má greina fjölmarga götuslóða á stuttu um kafla og liggja þeir fyrst til suðurs en sveigja svo til austurs, í átt að Eldvatni. Liggja að mestu yfir snöggvaxið en gróið hólasvæði.

Slóðarnir eru fyrst merkjanlegir fast vestan við veginn og um 80 m sunnan við þar sem vegurinn að Skaftárdal liggur. Þeir liggja í um 100 m en beygja svo til austurs og halda áfram í svo í beygju til svæði um 80 m til viðbótar. Þá liggja þær yfir hól en hverfa í rof austan hans. Þar austan eru svo tún og er líklegt að göturnar hafi legið þar en horfið við túnrækt. Göturnar gætu hafa legið frá Búlandsbæ 001 að vaðinu Kaplakór 018 eða að Árnatóft 019. Þar sem mest er sjást 10-15 slóðar saman.

Hættumat: hætta

SF-179:061 tóft óþekkt

63°46.514N 18°29.699V

Torfhleðsla, líklega grunnur af litlu húsi, er um 60 m vestan við bæ 001, fast á lækjarbakka Grunnurinn er alveg á lækjarbakka Búlandsár, vestan við á, umhverfis er grasi gróinn árbakki. Á þessum stað hefur greinilega staðið kofi en líklega var byggingin ekki mjög forn. Eftir



Götur SF-179:060, horft til SSA



Torfhleðsla SF-179:061. Á mynd til vinstri er horft til ANA en til austurs á mynd til hægri


stendur torfundirstaða sem er 5-6 x 4m stór, ferhyrnd. Innan veggja er flati. Í norðausturhorni er þúfa, 20 x 10 cm stór þar sem krossmark hefur verið myndað úr smásteinum og má telja líklegt að gæludýr hvíli. Veggir eru óverulegir, 0,2-0,3 m á hæð og svipaðir að breidd. Ekki er víst að staðurinn teljist til fornleifa samkvæmt laganna hljóði en hann var látinn njóta vafans.

Hættumat: engin hætta

SF-179:062 tóft óþekkt

63°46.403N 18°29.453V

Leifar af tóft eru um 230 m SSA við bæ 001en innan við 20 m suðvestan við kálgarð 069. Tóftin er um 5 m norðaustan við veg að Skaftárdal. Tóftin er á litlum grasfláka milli vegar og grasi gróinnar hæðar.




Tóft SF-179:062. Á ljósmynd er horft suðvesturs

Tóftin er 10 x 7 m stór. Hún er grafin inn í brekkuna að hluta og myndar brekkan norðvestur langvegg hennar. Suðaustur langveggur hennar er horfinn og sömu sögu er að segja um norðaustur skammvegg þannig að aðeins sjást tveir veggir. Veggir eru úr grjóti og mest 1,2 m á hæð. Um miðbik tóftar er mikil grjóthrúga sem gæti verið samsafn úr þeim veggjum sem hafa vikið. Engin skipting sést í tóftinni. Ekki er ólíklegt að hún hafi verið e.k. heimarétt en ekkert verður fullýrt um það.

SF-179:063 hús óþekkt

63°46.474N 18°29.610V

Agnarsmár kofi úr blönduðu efni (timbri, bárujárni, torfi og grjóti) er á vesturbakka Búlandsár, um 80 m sunnan við bæ 001 og til móts við kálgarð 044 sem er austan ár. Kofinn



er byggður inn í nokkuð bratta brekku vestan við læk. Svæðið er grasi gróið.

Samkvæmt Sigurði Péturssyni, heimildamanni var kofinn notaður sem leikstaður þegar hann var barn en ekki er

Kofi SF-179:063. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

ljóst hvert hlutverk hans var áður. Húsið er agnarsmátt eða 3 x 3 m að utanmáli og byggt inn í brekkuna. Veggir þess eru úr grjóti og með torfþekju en austurgafi er úr timbri og á honum eru dyr og gluggi. Gólf kofans er hellulagt að hluta. Kofinn er undir þaki og grjóthleðslur eru hæstar um 0,7 m en timburstafn er 1,5 m hár.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:064 tóftir beitarhús

Tvær tóftir eru suðaustan í Þorlaksstaðafelli um 2,2 km vestan við bæ 001 og um 125 m norðan við Erlendsstaðatóftir 010. Tóftirnar eru ofarlega í sléttlendu graslendi í hliðum fellsins. Graslendið er harðlent og hallar því til suðausturs.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 20x12 m að stærð og snýr norðvesturs-suðaustur. Í suðausturhluta svæðis er tóft A. Hún er torfhláðin og gróin en skýr og virðist ekki mjög forn. Tóftin er um 9x9,5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún skiptist í fjögur hólf. Í austurhorni er hólf I. Það er um 2,5x2,5 m að innanmáli og er op á því á suðausturhlið. Veggþútar ganga úr út langvegg tóftarinnar beggja vegna við opið til suðausturs. Þeir eru um 1 m á lengd og breidd. Einnig er op á hólfi I í norðvesturenda inn í hólf II. Það hólf er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestan við hólf I er hólf III. Það er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því á suðausturhlið tóftar. Inn af hólfi III til norðvesturs er lítið hólf IV sem er um 1x1 m að innanmáli. Óljós veggur skilur á

63°46.836N 18°32.192V



Tóftir SF-179:064. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs, yfir tóft A en til austurs yfir tóft B á mynd til vinstri

milli hólfa III og IV. Mesta hæð tóftar er 0,5 m og eru ummerki umhverfis hana eftir efnistöku, aðallega meðfram norðvestur- og suðvesturhliðum. Tóft B er um 2 m VNV við tóft A. Það er einföld torfhláðin tóft, líklega heystæði. Hún er um 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á henni. Norðausturhlið hennar er útflött og sést ekki

gjörla. Meðfram öðrum hliðum tóftarinnar sjást ummerki um efnistöku. Mesta hæð tóftar er 0,5 m utanmáls en er 0,1-0,2 m innanmáls.

Hættumat: engin hætta

SF-179:065 varða óþekkt

63°45.808N 18°28.083V



Sigin varða er á mosavöxnum hól neðan eða suðvestan við Sjónarhól og um 1,43 m SSA við bæ 001. Ávalur mosahóll sem er talsvert ofan við veginn heim að Búlandi.

Varðan er um 1,2 m í þvermál en sjálf varðan er aðeins 0,3-0,4 m há. Ofan á henni hefur hins vegar myndast hundapúfa og sé hún talin með er varðan um 0,7 m. Varðan virðist hlaðin úr fremur smáu grjóti en er vandlega hlaðin og vel gróin. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.


Hættumat: engin hætta

Varða SF-179:065, horft til SSA

SF-179:066 tóft óþekkt

63°46.300N 18°32.796V

Lítill tóft er um 115 m norðaustan við tóftir 008 og um 2,6 km VSV við bæ 001. Tóftin er á grónu svæði suðaustan við Þorlaksstaðafell og eru miklar grasbreiður til suðurs og austurs og enn sunnar er Hjartarfellsmýri. Uppblástursbrún er skammt norðan og norðvestan við tóftina og ógnar uppblástur varðveislu hennar. Tóftin er í aflíðandi halla til suðausturs.



Tóft SF-179:066, á ljósmynd er horft vesturs

Tóftin er nokkuð hringlaga og er um 6 m í þvermál. Hún er einföld og líklega torfhlaðin. Hún er sigin og er 0,2 m á hæð. Óljóst op er á henni til suðurs. Innanmál tóftarinnar er ekki reglulegur hringur, hún er 3 m á breidd norðvestast en mjókkar lítillaga til

suðausturs. Ytri brún tóftar á norðvesturhlið sést nánast ekki og hefur hliðin sigið undan halla inn í tóftina og aflagað hana.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-179:067 garðlag óþekkt

63°46.421N 18°29.341V

Garðlag liggur utan við túngarð 028 að norðan- og austanverðu og hluti af sama garði sést einnig suðaustan við gamla heimatúnið. Garðurinn sést fyrst um 140 m norðan við bæ 001. Líklega hefur garðurinn gegnt hlutverki vörslugarðs. Garðurinn liggur um svæði sem hallar mót suðri og suðvestri og er að miklu leyti grasi gróið en um það liggur vegur að Skaftárdal sem slítur garðlagið í sundur. Á nokkrum stöðum er garðurinn horfinn þar sem er gamalt gróið jarðvegsrof og á kafla er það horfið í tún.



Garðlag SF-179:067. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til suðurs

Garðurinn afmarkaði svæði sem er um 430x220 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er horfinn á löngum köflum vegna vegagerðar, rofs og túnræktar. Garðurinn er 1,5-2 m á breidd í botninn en mjókkar upp. Hann er hæstur um 1 m í norðvesturenda svæðisins en víðast er hann um 0,4 m á hæð. Við norðurenda túnsins er stuttur garðbútur á milli garðsins sem hér er skráður og túngarðs 028. Garðbúturinn er um 32 m á lengd og liggur nálega norður-suður. Víða sjást ummerki meðfram vörslugarðinum þar sem torf í hann hefur verið stungið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-179:068 tóft óþekkt

63°46.063N 18°32.762V

Um 120 m sunnan við tóft 006 er önnur tóft á gilbarmi. Hún er um 300 m sunnan við Þorlaksstaði 008. Hún er um 2,7 km VSV við bæ 001. Tóftin er í "horni" talsverðs flatlendis þar sem skiptist á þurrlandismói og mýrarflákar. Sunnar og vestar eru hæðir grasi grónar en litlu fjær tekur við umfangsmikill uppblástur.

Tóftin er 10 x 8 m stór og er tvískipt. Hún virðist hlaðin úr torfi en er sigin og úr lagi gengin þannig að erfitt er að átta sig á upprunalegu lagi hennar. Norðvestara hólf tóftarinnar er greinilegra. Það er 2,5 x 2 m að innanmáli og virðist hafa verið opið til suðausturs. SSA er



Tóft SF-179:068, á ljósmynd er horft til austurs

annað hólf sem er þó orðið nær alveg ógreinilegt. Það hefur líklega verið stærra og gæti hafa verið 5 m austur-vestur en erfiðara er að segja um lengd þess. Vegghleðslur er víða ógreinilegar en ná mest 0,5 m hæð. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi. Lag hennar minnir á stekki en staðsetning hennar við mýri gæti allt eins bent til að hún væri heystæði.

Hættumat: engin hætta

SF-179:069 gerði óþekkt

63°46.414N 18°29.427V

Aflangt gerði, líklega kálgarður er um 240 m suðaustan við bæ 001. Gerðið er í grasi gróinni brekku í aflíðandi halla til suðurs. Vegurinn að Skaftárdal er um 10 m austur og annar eldri vegur hefur legið vestan við gerðið.



Gerði SF-179:069, á ljósmynd er horft til SSV

Gerðið snýr NNA-SSV, eins og brekkan. Gerðið er 21 x 13 m stórt en báðir

skammveggir fjara út til austurs. Ekki sést austurlangveggur fyrir gerðinu en vegurinn að Skaftárdal liggur þar sem hugsanlegt er að hann hafi verið, um 10 m austar. Veggir eru óverulegir. Mest 0,8 m en víða lægri eða um 0,4 m á hæð en um 1 m á breidd, alveg torfhláðnir og grónir. Innangerðis er grasi gróið og flatt. Í halla til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SF-179:070 tóftir óþekkt

63°46.609N 18°33.938V

Fornlegar tóftir eru um 3,5 km vestan við bæ 001 og um 240 m norðvestan við tóftir 072, milli Kóragilja. Minjarnar eru 30-40 m norðan við Kóragil á flatlendri tungu suðvestan undir grasi gróinni brekku við rætur Þorláksstaðafells. Annað gil er sunnan við minjarnar. Túnið er vaxið mosa, lyngi og litlu grasi. Sandur og vikur sem berst með vatni niður úr rofaskörðum í brekku úr norðaustri spilla túninu og ógna minjum auk annars rofs í giljum og fellshlíðum.

Minjarnar eru á svæði sem er um 165x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á því eru tvær tóftir A og B, tvær þústir C og D og meintur garður E. Tóft A er suðaustast á minjasvæðinu. Hún er um 22x12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í henni er greinilegt eitt aðalhólf en einnig sjást þrjú önnur óljósari hólf. Hólf I er nokkuð skálalaga, er um 11x3 m að innanmáli, snýr eins og tóft, og mjókkar lítillega til beggja enda. Op er á hólfinu til suðurs. Á u.þ.b. miðjum utanverðum norðurlangvegg tóftarinnar er þúst II sem er um 8x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hér er mögulega um ógreinilegt hólf að ræða. Þústin er 0,4-0,5 m á hæð, jafnhá langvegg tóftar á þessari hlið. Fast vestan við hólf I eru hólf III og IV en þau eru mun ógreinilegri en hólf I. Hólf III er um 2 m í þvermál innanmáls. Ekki sést op á því en líklega hefur verið op til suðurs í hólf IV sem er afar ógreinilegt en virðist vera um 2x3 m að



Á ljósmynd til vinstri er meint garðlag E, horft til norðurs en á mynd til hægri er rúst A, horft til norðausturs

innanmáli og snýr norður-suður. ekki er veggur á því hólfi á suðurhlið. Mesta hæð tóftarinnar er um 0,7 m. Hún er mosavaxin og sigin en vel greinileg. Tóft B er um 52 m norðaustan við tóft A, í brekkurótum. Sandskörð eru sitthvoru megin við tóftina sem er sigin og ógreinileg,

aðeins 0,3 m á hæð. Tóftin er einföld, vaxin mosa, grasi og lyngi. Ekki sést grjót í veggjum. Tóftin er um 8x6 m að stærð og snýr VSV-ANA. Í ANA-enda er ytri brún veggjar óský. Op er á henni til VSV. Þúst C er um 8 m VNV við tóft A. Hún er um 6 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Þykkur mosi vex á þústinni. Ekki er víst að fornminjar leynist í þústinni. Önnur sambærileg þúst D er um 30 m norðvestan við þúst C og um 15 m suðaustan við gil sem afmarkar svæðið til norðvesturs. Þústin er um 6x7 m að stærð, snýr VSV-ANA, mjókkar lítillaga til VSV. Þústin er mosavaxin og er um 0,2 m á hæð. Fleiri svipaðar mosapústir en minna afgerandi eru á milli garðlags E og þústa C og D. Þeim er ekki lýst nánar hér enda óvíst að um fornminjar sé að ræða. Neðan við tóftasvæðið er hryggur sem gæti verið sigin og löngu aflagður garður. Hryggurinn liggur eftir flata sem er um 100 m vestan við tóftirnar. Hann snýr NNV-SSA og er 60-70 m langur, 3-4 m á breidd en 0,2 m á hæð. Hann minnir um margt á fornan garð en ekki er þó hægt að útiloka að hann sé náttúrulegur og gæti þá hafa myndast í uppblæstri, þ.e. Verið uppblástursbrún sem hefði þá gróið aftur. Hryggurinn sker sig þó talsvert úr umhverfinu, á honum vex meiri grámosi og lyng en umhverfis. Ofan við hann er dæld, að brekkurótum en þangað eru 4-5 m að brekkurótum. Norðarlega er um 4 m langt skarð í hrygginn en norðan þess heldur hryggurinn áfram og beygir í átt að gili norðan við. Ekkert framhald sést handan við gil.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-179:071 frásögn hesthús

63°46.503N 18°29.443V

Samkvæmt Sigurði Péturssyni, heimildamanni, var hesthús rétt innan við túngarð 028 og um 140 m austan við bæ 001. Hesthúsið var innan túns á brún gilskornings þar sem er flatur blettur og brött brekka er til suðurs. Leið 056 liggur fast norðan við staðinn þar sem hesthúsið var. Engin ummerki sjást um hesthúsið og hefur verið sléttað úr minjum um það eða það rífið. Eina vísbendingin um að það hafi staðið á þessum stað er flati á brúninni

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-179:072 tóftir býli

63°46.497N 18°33.648V

Talsvert umfangsmiklar og mjög fornlegar tóftir eru við Kóragil. Rústirnar eru 3,3 km vestan við Búlandsbæ 001. Syðra gilið er reyndar nefnt Króksgil í örnefnavefsja Landmælinga Íslands. Rústirnar líkjast mest fornu býli eða seli.

Landflákinn milli Kóragiljanna tveggja er í raun fremur mjór og í aflíðandi halla til suðvesturs. Á því svæði sem tóftirnar eru á eru aðeins um 180 m gilja á milli. Sjálfur flatinn er gróinn mosa, grasi og lyngi en víða umhverfis hefur talsverður uppblástur herjað. Sunnan syðra Kóragilsins tekur hins vegar við nokkuð víðfeðm, grasi gróin slétta og nokkrar sléttur eru einnig norðan við nyðra Kóragil.



Á mynd til vinstri er rúst A, horft til suðvesturs en á mynd til hægri gerði E (horft til norðvesturs)

Rústasvæðið er 100 x 70 m stórt og snýr NNV-SSA. Á því eru sex misskýrar tóftir A-

F, dæld H og mögulegt garðlag G. Tóftir A og B eru á gilbrún þess gils sem markar rústasvæðið af til suðausturs. Tóft A er ein stærsta tóftin á svæðinu og er 5 m frá gilbrúninni. Hún er mjög fornleg og sigin eins og aðrar tóftir og er aflöng. Hún er 22 x 8 m stór og mjókkar til beggja enda. Tóftin er mosavaxin og algróin mosa. Veggir eru mest 0,5 m háir en eru víðast

mun lægri eða um 0,1 m. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í þrjú hólfi. Hólf I er suðvestast. Það er 1,5 x 1,5 m að innanmáli og stendur aðeins hærra en hin hólfín tvö. Það virðist vera op á hólfinu, að gili eða á suðausturvegg. Miðjuhólf II er stærst. Það er 7 x 2 m að innanmáli. Veggir hólfins eru breiðir og þó sér í lagi norðvestur-langveggur

sem er alveg 3 m á breidd. Op virðist hafa verið á hólfinu suðvestast á suðausturvegg en einnig er mögulegt að annað op hafi verið úr hólfinu og yfir í það hólf sem er norðaustast (hólf III). Hólf III er 4 x 3 m að innanmáli. 6-7 m suðvestan við tóft A er tóft B. Frá henni eru um 10 m að gilinu. Hún er mjög ógreinleg en virðist hafa verið 6,5 x 4 m að stærð. Í raun er varla hægt að tala um tóft á þessum stað og væri eðlilegra að kalla B þúst enda er aðeins að sjá óljósa dæld í miðri hæðinni. Þústin rís um 0,3 m upp úr umhverfinu og greinilegt er að þarna leynast mannvistarleifar undir sverði. Um 1 m ofan (norðaustan) við enda tóftar A er flatt og sporöskjulaga svæði, C. Svæðið er mjög óljóst en þó virðist sem að e.k. gerði kunnri að hafa verið á þessum slóðum. Gíska má á að gerðið hafi verið um 16 x 11 m stórt og snýr NNA-SSV. Gildrag gengur inn í gerðið og hefur líklega brotið af því og má vera að allt að helmingur hafi brotnað af. Veggir eru mjög signir, hvergi hærri en 0,2 m á hæð en 1,5 m




breiðir. Þeir eru mosavaxnir. Ekki er hægt að sjá hólfaskipan á þessu svæði. Tóft D er ein stærsta tóftin á svæðinu. Hún er tæpum 60 m norðvestan við tóft A. Tóftin er löng og mjó og snýr þvert á hlíðina. Hún er 25 x 6 m stór. Veggir hennar eru breiðir eða allt að 3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Veggir tóftarinnar eru vaxnir mosa og grasi og eru mjög signir. Tóftin skiptist í tvö hólf. Annars vegar er hólf I sem er suðvestar. Það er mjög stórt eða 16 x 1,5 m að innanmáli. Þetta hólf er í svolitlum halla til suðvesturs en efra hólfíð er nokkuð flatt. Efra hólfíð (hólf II) er 2,5 x 1,5 m að innanmáli. Á milli hólfanna virðist vera op og einnig er op á skammvegg stærra hólfins til VSV. Vel má hugsa sér að tóftin sé af fjósi þó að frekari rannsókn sé þörf til að staðfesta það. Tóft E er nyrst á svæðinu, um 80 m norðvestan við tóft A en tæpum 20 m norðvestan við tóft D. Tóft E er í raun gerði. Það er nálægt því að vera hringlaga og er 12 x 12 m stór. Þústin er mosavaxin og stendur fremur hátt upp úr umhverfi sínu. Hún er mest 0,4 m á hæð. Rof er í þústinum nálægt suðausturhorni hennar og þar sést glitta í einn, nokkuð stöndugan hleðslustein. Veggir gerðisins eru 3 m á breidd og mjög stöndugir. Innanmál gerðis er 6-7 m í þvermál. Gerðið er á svolitilli hæð sem er aflíðandi og á henni eru einnig tóft D og þúst F. Þúst F er um 5 m sunnan við gerði E. Hún er neðar en skagar svolítið fram í landið. Þústin er í raun hæð sem er um 6 m í þvermál. Hæðin rennur saman við brekkuna að ofan en þegar staðið er fyrir neðan hana er um 1 m upp á topp suðvesturveggjar. Ekkert rústalag er á þústinum og ekki er dæld í hana miðja. Mögulegt er að þarna hafi verið öskuhaugur eða einhverju efni safnað upp. Þústin er vaxin mosa og lyngi og svolitlu grasi framan í hæðinni. Mjög óljós hryggur ofan við tóftarsvæðið. Hryggurinn er vart merkjanlegur en ekki er ólíklegt að hann gæti verið alveg sokknar leifar garðlags og er hann hér skráður undir heitinu garður G. Garðinn má fyrst greina suðaustan undan miklum götuslóðum sem liggja til vesturs niður Kórágil fast norðan tóftasvæðis (sjá 041). Hryggurinn er sem fyrr segir afar ógreinilegur og í raun má segja að hann sé vart merkjanlegur lengur. Hann var rakinn frá götunum og í 20-25 m til suðausturs áður en hann hvarf alveg í mosabreiðuna. Garðurinn er alveg mosavaxinn. Hann er um 2 m breiður en varla nema 0,05 m á hæð. Á milli tóft A og D er afgerandi dæld, H. Hún er rúmum 20 m frá tóft A. Hún er um 10 x 2 m að stærð og er 0,3 m lægra en umhverfið. Dældin snýr norðaustur-suðvestur mögulegt er að þarna hafi verið bygging sem nú er alveg sokkin. Um það verður þó ekki fullyrt en dældin er hér höfð með til öryggis. Teknir voru nokkrir borkjarnar á svæðinu 2012 án þess að afgerandi niðurstöður fengjust. Sumarið 2014 var tekinn skurður í norðurvegg rústar A. Í skurðinum mátti sjá að tóftin var byggð eftir að gjóska úr Eldgjá 934 fellur en áður en gjóska úr Heklu 1104 fellur. Aðeins var tekinn skurður ofan á vegg tóftarinnar og meint gólfslag.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Skaftártunga: Archaeological investigation in 2013, 42 og óútgefin skýrsla um uppröft sumarsins 2014


SF-180 Búlandssel



Minjar í Búlandsseli. Landamerki eru gróflega áætluð (byggt á RALA) og þau má ekki skal nota sem heimild um merki jarða. Fornleifar eru sýndar með svörtum punktum og blágrænum línur.



Minjar í heimatúni Búlandssels. Fornleifar eru sýndar með svörtum punktum og blágrænum línur.



Minjar í heimatúni Búlandssels. Ekki er til túnakort frá því um 1920 fyrir Búlandssel eins og fyrir flestar jarðir hreppsins þannig að upplýsingarnar á kortinu byggja alfarið á fornleifaskráningu

Jarðarinnar er fyrst getið í Manntali 1801. Hjáleiga frá Búlandi 1847 (JJ, 11). Samkvæmt Nýrri Jarðabók fyrir Ísland er forn hundraðatala 6 en ný 6.4.

"...fór alveg í eyði árið 1933. Síðasti ábúandi þar var Magnús Benediktsson (f. 1885). Árið 1919, eftir Kötlugosið, varð Páll Pálson þá búandi þar að flytjast burt af jörðinni. Hún var þá öll undirlögð af öskusandi. Eftir 3 ár byggði þar aftur Einar Gísli Sigurðsson og bjó þar til ársins 1932. Hann druknaði í sjóróðri frá Vík árið 1932. Búlandssel var 6.4 ábúðarhundrað. Jörðin er nú notuð til sumarbeitar fyrir sauðfé af hreppsþúum." (Sunnlenskar Byggðir VI, 252). Árið 2009 tóku Hildur Gestsdóttir og Richard Streeter skurð í gegnum túngarð (sem var yngri en frá því um miðja 19. öld) og hreinsuðu snið norðan í bæjarhóli sem voru að falla í

ána. Þar kom í ljós öskuhaugur milli 1918 gjósku og gjósku úr Eldgjá (934). Í honum fundust nokkrir gripir sem allir bentu til 19. aldar. Borkjarnasýni voru tekin á nokkrum stöðum og bentu í flestum tillfellum til 18. eða 19. aldar en á einum stað fundust óljós ummerki um mannvist (viðarkol) milli Heklulags frá 1104 og Kötlulags frá 1206 og er það eina vísbendingin um eldri búsetu en á 18. öld á staðnum.


Ekki fylgir túnakort jörðinni þar sem hún er í eyði og hefur verið lengi. Mikill uppblástur er sunnan, vestan og norðvestan við heimatúnið.

SF-180:001 *Búlandssel* bæjarhóll bústaður 63°46.998N 18°35.012V

"Bærinn stendur skammt upp frá Selá," segir í örnefnaskrá. Búlandssel. "Vestan við [Lambatunguháls] er Selárgljúfur, sem er meðfram Selá," segir í örnefnalýsingu Svartanúps og í athugasemdum og viðbótum við sömu skrá segir: "Selá mun vera kennd við Búlandssel". Miklar rústir bæjartóftar, útihúsa, túngarðs og gerða eru enn mjög greinilegar í túni Búlandssel. Bærinn er á vesturbarmi Selár, tæpum 5 km vestan við Búland 179:001.


Túnið í Búlandsseli er fremur stórt og því skipta mörg gil niður í búta. Stærsta túnið er á hæð sem afmörkuð er af Selá til norðausturs en öðru gili til norðvesturs. Sjálft túnið er flatt, þurr og vaxið snöggu grasi.

Sæmilega greinilegur bæjarhóll er í Búlandsseli. Fast norðaustan við bæjarhól tekur við þverhnípt gil og hefur það aðeins brotið af norðausturjaðri bæjarhóls. Frá hólnum og niður að Selá eru tugir metra. Bæjarhóllinn nær allt frá gilbrúninni sem bærinn er byggður á og um 47 m til suðurs. Samtals er því bæjarhóllinn 47 x 43 m stór og snýr norður-suður. Hann er mest um 1 m hár. Bæjartóftin er nyrst á honum en sunnarlega, sunnan við hana eru hæðir og



Bæjarstaði Búlands og heimatún sem er í mikilli hættu vegna landbrots

dældir og má vera að öskuhaug sé að finna á því svæði. Talsverðar öskuhaugsleifar er einnig að finna norðan bæjarhóls, í gílinu sjálfu þar sem talsvert er að brotna af bæjarhólnum.



Búlandssel SF-180:001

Bæjartóftin er 45 x 12-13 m stór og snýr austur-vestur. Hún stendur á bæjarhól sem er mest um 1 m á hæð en dreifist yfir stórt svæði. Lýsingin á bæjartóftinni byrjar austast í tóftinni þar sem hólfið A er. Um 0,4 m eru upp í hólfið A en vesturveggur þess stendur enn sémilega og er mest 0,7 m á hæð. En frá jafnsléttu og upp á topp veggjarins eru mest 1,5 m en þar með talið er sjálfur bæjarhóllinn. Hólfið sjálft er 5-6 X 2 m að stærð og snýr norður-suður en austurveggur þess er nær alveg hruninn inn þannig að nú sést í raun bara mjór inngangur eða renna í mitt hólfið, um 50 cm á breidd. Hólfið er opið til suðurs. Hólfið B er næstaustast í tóftarröðinni. Hólfið er nokkuð sérkennilegt. Það er mjög djúpt og í raun sést ekki veggur fyrir suðurhlíðinni en af jafnsléttunni fyrir vestan bæjarsamstæðuna er um 0,7 m niðurgröftur niður í botn þessa hólfs. Vesturveggur hólfsins er talsvert mikið hruninn inn þó austurveggur sé það einnig að hluta. Það glittir í grjóthleðslu á einstaka stað en það er mjög takmarkað. Ekkert op sést á tóftinni. Ekki er ólíklegt að hólfið hafi verið hlaða. Hólfið C er fast vestan við B en

stendur mun hærra en B. Hólf C er lítið og er bæjartóftin aðeins um 8 m djúp þar sem það er en dýpri bæði austar og vestar. Hólf C er 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op hefur líklega verið á miðjum suðurvegg hólfsins þó að sá veggur sé í raun of ógreinilegur til að hægt sé að staðhæfa um það. Norðurveggur hólfsins er lang greinilegastur eða mest um 1,2 m á hæð og er hægt að greina a.m.k. þrjú umför af hleðslu. Þarna virðist hafa verið kofi. Vestan við hólf C er hólf D. Hólf D er mjög djúpt, það er 4 x 2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er 0,7-0,8 m djúpt niður frá bæjarhlaðinu. Miklir veggir marka af hólfið í aðrar áttir. Austur- og vesturveggir eru um 2 m á hæð en norðurveggur nærri því 3 m hár. Grjóthleðslur sjást í neðsta hluta veggjanna, víða 2-3 umför. Vestan við hólfið er svolítill stallur í miðjan vegginn og er líkt að þar hafi e.t.v. verið timburgólf og að tóftin hafi þannig verið á tveimur hæðum, kjallari og ris. Svæðið milli hólfs D og hólfs F er um 10 m langt en mjög ógreinilegt. Aðeins er hægt að greina ógreinilegan stall E, um 2 m vestan við hólf D en greinilega hafa fleiri hólf verið á þessu svæði en nú er hrunið yfir þau. Það er 5 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Það er sem fyrr segir eins og hálfgerður stallur eða pallur um 1 m ofar en gólfhlötur D. Mögulegt er að D hafi verið fjós og að baðstofuloft hafi verið yfir. Um það er þó ekkert hægt að fullyrða án frekari upplýsinga. Um 4 m eru frá vesturhliðar hólfs E og að hólfi F og ljóst er að þar hefur verið hólf sem nú er komið á kaf í hrun. Hólf F er 4 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inn í henni er enn timburgrind þó hún sé talsvert hrúin og sömu sögu er að segja um þakþekjuna (þaksperrur og þakhellur) sem hvílir nú nærri alveg inni í tóftinni og fyllir hana að talsverðu leyti. Í gegnum þakhrunið má sjá op í hólfinu, bæði til vesturs yfir í hólf G en einnig til austurs en ekki er hægt að sjá hvert það hefur legið þar sem þar er yfirgróið svæði vestan við hólf/stall E. Veggheðslur eru talsvert stæðilegar þar sem sést í þær og eru veggir mest tæpur 1 m á hæð og um 8 umför af hleðslu sjást. Vestan við hólf F er hólf G sem er næst vestasta hólf bæjarraðarinnar. Hólf G er nokkuð djúpt og eru 0,7 m niður í það frá bæjarhlaðinu. Austurveggur þess er 2-3 m hár frá botni tóftar en vesturveggur er um 1,5 m hár. Hólfið hefur verið um 7 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir hólfsins eru að talsverðu leyti hrundir inn þannig að ekki er lengur hægt að sjá útlínur hólfsins vel, þess í stað er mjó dæld í mitt hrunið eftir hólfinu miðju. Ekki er greinilegt op á hólfið lengur þó að áður hafi verið op til austurs í því nyrst, yfir í hólf F. Hólf H er austast í bæjartóftinni. Það er 6 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Talsvert stæðilegar jötur eru meðfram austur- og vesturveggjum og á milli þeirra er um 1 m. Veggir hólfsins eru um 1,3 m á hæð og sjást mest um 5 umför af hleðslu þótt þér séu víðast grónir. Ekki er veggur fyrir suðurhlið og líklega hefur þar verið þil. Fyrir framan bæinn (sunnan hans) að austan eru tvær dældir, I og J. Dæld I er ferhyrnd og 4 x 4 m að stærð og 0,7-0,8 m á dýpt. Ekkert ytra birgði sést í tóftinni. Hún er um 3 m sunnan við bæ. Um 1,5 m austar er svo dæld J. Hún er L-laga og 4-5 x 3 m stór en 0,7 m á dýpt. Líkt og dæld I er ekkert ytra birgði á tóftinni. Bæjarhóllinn liggur að hólfi J en hólf H er í bæjarhólnum sjálfum. Um 15 m austan (eða SSA) við bæ er lág hæð. Hún er 0,2-0,3 m á hæð og um 5 m í þvermál. Hæðin er á milli bæjarins og útihúss 006. Ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið öskuhaugur þó að raunar séu fleiri hæðir í túninu sem kæmu til greina og e.t.v. er hæðin ekki líklegri staður en margir aðrir. Sumarið 2009 hreinsuðu Hildur Gestsdóttir og Richard Streeter upp snið norðan við bæjarhól, þar sem rof er í hann og land hefur verið að brotna í Selá. Í sniðinu sáust leifar af öskuhaugi, allt að 40 cm þykkum sem var innsiglaður af Kötlugjósku frá 1918 en lág nærri því beint ofan á gjósku frá Eldgjá frá 934. Nokkrir gripir fundust í haugnum svo sem leirkersbrot og virtust þeir allir 19. aldar gripir. Ekki fundust því leifar af eldri öskuhaugi á þessum stað en hann kann að hafa hrunið í ána.



Bæjartóft Búlandssels SF-180:001, á mynd til vinstri er hól A en hól G til hægri. Á báðum myndum er horft til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Búlandssel, 1, Ö-Svartignúpur, 1; Ö-Svartignúpur ath og viðb, 4, Skaftártunga: Archaeological investigation in 2013, 35-38

SF-180:002 *Bæjarhóll* varða óþekkt

63°46.912N 18°35.343V



Varða SF-180:002, horft í NNA

"Norður af Grísfelli er eða aðeins til norðausturs er hól, sem nefndur er Bæjarhóll," segir í örnefnaskrá. Stór hól er 270 m suðvestan við bæ 001 og norðvestur af Grísafelli og er hann líklega umræddur bæjarhóll. Á hólnum er vörðubrot í toppinn. Líklegt er að umræddur Bæjarhól hafi verið kenndur við bæinn í Búlandsseli fremur en að bæjarrúst hafi einhvern tíma verið á honum. Ekki er þó hægt að fullyrða um þetta og því voru hnit tekin á hólnum og hann og vörðubrotið skráð undir sama númeri. Stór hól, ber í toppinn. Landgræðslugirðing liggur vestarlega yfir hann.

Varðan á hóltoppinum er 1,5 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð. Hún er mosavaxin. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:003 *Enni* tóft fjárhús

63°47.001N 18°35.280V

"...og vestast í túni er torfa sem heitir Enni, þar voru fjárhús," segir í örnefnaskrá. Tóft er á hæsta punkti túnsins í Búlandsseli um 220 m vestan við bæ 001. Fast norðan við hana tekur við bratt gil. Túnrani sem er gróinn mosa og snöggu grasi og er í talsverðum halla til austurs. Sjálft húsið er á hæsta hluta túnsins, s.k. Enni.

Tóftin er einföld, 10 x 5 m stór og snýr nálega norður-suður. Op er á vesturgafli hennar. Þakhellur hafa fallið ofan í tóftina og sjást víða innan hennar en innanmál hennar er 7 x 2 m. Mikið vegghrun er inni í tóftinni en veggir hennar standa þó ágætlega og eru mest 1,2-1,4 m á hæð. Í þeim sjást mest 5 umför af hleðslu. Stallur er við vegginn innst á gafli hússins en ekki er ljóst hvort þar var jata.



Ennishús SF-180:003, á ljósmynd er horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:004 *Sortugilsbotnar* örnefni

63°46.949N 18°33.859V

"Sunnan við Slóðamýrina eru Sortugilsbotnar, norðvestan við Keldnamýrarendann," segir í örnefnaskrá. Örnefnið bendir til þess að þar hafi verið sorta sem notuð hafi verið til litunar. Ekki er vitað með fullri nákvæmni hvar Sortugilsbotnar eru en ef farið er eftir lýsingu örnefnaskrár er sennilegast að þessi staður sé um 960 m austan við bæ 001 og um 640 m norðan við fornlegar tóftir 179:070 í landi Búlands.

Sortugilsbotnar eru norðvestast í Keldnamýri, blautri og stórri mýri á milli Þorvaldsstaðafells og Selár. Norðvestast í mýrinni er breitt og djúpt gil, líklega Sortugil, sem liggur austur-vestur frá Keldnamýri að Selá. Gilið er gróðurlaust að sunnanverðu en gróið að norðanverðu. Sortugilsbotnar voru ekki skoðaðir á vettvangi en litlar líkur eru til þess að mannaverk séu þar að finna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Búlandssel, 2.

SF-180:005 gata leið

63°47.112N 18°35.300V

Götur sjást liggja yfir Stekkatún 007, um 290 m norðvestan við bæ 001. Göturnar liggja milli Djúpagils og Bæjargils yfir smápýft tún sem hallar til austurs.

Göturnar sjást á um 140 m löngum kafla og liggja þær norðvestur-suðaustur yfir túnið. Þær hverfa við Bæjargil annars vegar og hins vegar við Djúpagil. Ekki er ljóst hvaða leið þetta er. Mest sjást 8-9 götur á um 10 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar. Þær eru flestar um 0,1 m á dýpt og 0,2 m á breidd.




Götur SF-180:005, horft til suðausturs

SF-180:006 tóft fjárhús

63°47.012N 18°34.964V

Tóft er á gilbarmi Selár um 40 m sunnan við bæ 001, í heimatúni Búlandssels. Hún virðist af fjárhúsum. Túnið í Búlandsseli er fremur stórt og því er skipt niður með mörgum giljum. Stærsta túnið er á hæð sem afmörkuð er af Selá til norðausturs en öðru gili til norðvesturs. Sjálf tóftin er flatt, þurrt og vaxið snöggu grasi. Tóftin er á gilbarminum og í raun er annað gil grýnnra og grónara vestan hennar. Hluti tóftar er fallinn í ána.



Fjárhústóft SF-180:006, á ljósmynd er horft til norðausturs

Tóftin er 8 x 7 m stór en talsvert virðist hafa brotnað af henni til norðvesturs og má í gilbarminum sjá hleðslur og steina sem fallið hafa niður hlíðina. Tóftin er einföld og snýr NNV-SSA. Veggir eru sámilega stæðilegir eða mest 1,2 m á hæð og talsverðar grjóthleðslur sjást í þeim. Eftir tóftinni endilangri gengur garði. Hún er opin til suðurs og hefur þar væntanlega verið timburpíl. Vestan undir tóftinni eru óljós ummerki, e.t.v. eftir heystæði eða eldra byggingarstig. Sú þúst er nærri alveg ógreinileg en er 7 x 5-6 m að stærð og snýr eins og sjálft fjárhúshólfið.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Búlandssel, 2.

SF-180:007 *Stekkatún* tóft+garðlag stekkur

63°47.149N 18°35.231V

"Milli Bæjargils og Djúpagils heitir Stekkatún..." segir í örnefnaskrá. Ofarlega í Stekkatúni er stórt gerði og sambyggð tóft en óvíst er að hún sé af stekk. Tóftin er um 330 m norðvestan við bæ 001. Minjarnar eru á suðurbrún Djúpagils í smápýfðu túni sem hallar til austurs. Allt í



Stekkjartún SF-180:00

kringum gerðið sést hvar efni í það hefur verið tekið.

Gerðið er um 80x55 m að stærð og snýr NNA-SSV. Í NNV horni þess er stór, tvískipt tóft sem er um 21x9 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðurenda tóftarinnar er hólfi I sem er 3,5x10 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er úr því til suðurs í hólfi II. Það er um 3,5x6 m að innanmáli og snýr eins og hólfi I. Op er á hólfi II til suðurs inn í gerðið. Tóftin og gerðið eru hlaðin úr torfi og eru hleðslur orðnar signar og rof komið í þær á stöku stað. Mesta hleðsluhæð er 0,5-0,6 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Búlandssel, 1.



SF-180:008 *Slóðamýri* gata leið

63°47.077N 18°34.438V

"Vestur af Kóragili er Slóðamýri í Búlandsselslandi," segir í örnefnalýsingu Búlands. Allmiklar götur liggja frá Búlandsseli 001 til austurs yfir Slóðamýri. Leiðin liggur um mýrlendi og heiðarlendi sem víða er sundurskorið af lækjargiljum.

Leiðin var skráð af loftmynd eftir að vettvangsvinnu lauk. Hún sést á köflum á um 3

km löngum kafla frá Búlandsseli, norður fyrir Þorvaldsstaðafell og langleiðina að Búlandi 179:001 til suðausturs eða áfram til austurs. Í Slóðamýri verður leiðin ógreinileg en sést þó að mestu leyti þar sem leiðin þræðir þær hæðir sem í mýrinni eru. Úr Slóðamýri liggur leiðin norður fyrir Þorvaldsstaðafell en ekki er hægt að rekja hana lengra en að Dvergasteinshálsi með nægilegri vissu. Þar sem leiðin var ekki skoðuð á vettvangi er ekki hægt að lýsa leiðinni nánar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Búland, 2

SF-180:009 *Seltangi* örnefni sel 63°45.877N 18°34.812V
"Suður af Grísfelli heitir Seltangi," segir í örnefnaskrá. Í landi Búlandssels er einnig örnefnið Seldalur. Seltangi er tangi við ármót Tungufljóts og Selár, um 2,1 km sunnan við bæ 001. Hvorki fundust ummerki um sel á Seltanga né Seldal. Seltangi er hár og grasi gróinn að mestu leyti en uppblástur er á norðurenda hans, á milli tangans og Grísafells.

Ætla má að selörnefnin séu í tengslum við seljabúskap í Búlandsseli en þó er ekki hægt að slá því föstu. Í landi Búlands er einnig örnefnið Selbreiða 179:015 fast austan við Seltanga - austan við Selá. Engar minjar um sel eru sýnilegar þar.

Heimildir: Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:010 tóftir óþekkt 63°47.370N 18°34.954V
Tvær tóftir eru á miðri jarðvegstorfu við Þrígil og um 700 m norðan við bæ í Búlandsseli 001. Tóftirnar eru á tungu á milli tveggja djúpra gilja. Tungan er í halla til austurs og er vaxin snöggu grasi og mosa. Þar sem tóftirnar eru er tanginn 40-50 m breiður og er rof í hann 5-10 m vestan við efri tóftina.



Tóftir SF-180:010. Á ljósmynd er horft yfir báðar tóftir og til suðausturs

Á svæðinu sem er 27 x 21 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur eru tvær tóftir, A og B. Tóft A er austar (neðar). Hún er 12 x 6 m stór og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og op er vestast á suðurvegg hennar nálægt horni. Veggir tóftarinnar eru nú um 0,4 m á hæð en talsverðar grjóthleðslur sjást í henni, þó aðeins 2-3 umför. Stuðlaberg hefur verið notað í hleðslur að talsverðu leyti. Veggir eru nú grónir og 2-3 stuðlabergsdrangar eru í opi tóftarinnar. Innanmál tóftar er 8-9 x 2,5 m. Um 12 m ofan eða vestan við tóft A er tóft B. Hún er 7 x 6 m að stærð og snýr eins og tóft A. Tóftin B er einnig einföld og 4 x 2 m að innanmáli. Hún er algróin. Hæð veggja er mest 0,3 m. Op kann að hafa verið í austurhorni tóftar en það er nú orðið óljóst. Niður undan tóft B er þúst eða hæðarkragi til vesturs. Ekki er ljóst hvort

þar var heystæði eða þar sjást merki um eldra byggingarstig. Kraginn er 5 x 4 m stór. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en ekki er ólíklegt að þarna gæti hafa verið stekkur eða beitarhús.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:011 *Seldalur* heimild um sel 63°47.142N 18°36.586V

"Vestur af Grísfelli er Seldalur, sem liggur inn milli Vörðufells og Tungufljóts," segir í örnefnaskrá. Seldalur er vestur af Grísfelli og var gengið um töluvert stórt svæði á þessum slóðum en engar tóftir fundust. Seldalur er á milli tveggja, stórskorinna gilja. Mosabemba er ráðandi gróður en neðar eru grösugar áreyrar.

Ofan giljanna er land nokkuð blásið en er nú tekið að gróa aftur fyrir tilstuðlan Landgræðslunnar. Gengið var um stórt svæði án þess að rekist væri á tóftir en erfitt er að leita af sér allan grun. Staðsetning minjastaðarins er því ónákvæm og í raun á örnefninu Seldalur.

Heimildir:Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:012 *Lambabyrgi* heimild um fjárskýli

"Norður af Mosunum er Dimmagljúfur og fremst í því heitir Lambabyrgi. Þegar fært var frá, voru lömb höfð þarna í 1/2 mánuð," segir í örnefnalýsingu. Sigurður Pétursson heimildamaður kannaðist ekki við Lambabyrgi á þessum slóðum. Gengið var um nokkuð stórt svæðið án þess að komið væri auga á byrgi. Svæðið sem um ræðir er flennistórt og ómögulegt að þaul leita á því án frekari upplýsinga.

Heimildir:Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:013 gata leið

63°47.720N 18°33.956V



*Eldri slóðar SF-180:013 sjást beggja vegna við bílslóða að Búlandsseli.
Horft til suðvesturs*

Götuslóðar liggja meðfram bílslóða sem liggur að Búlandsseli. Slóðarnir sjást víða og eru víða 6-7 samsíða slóðar og sjást víða beggja vegna við akslóða. Slóðarnir eru t.d. vel merkjanlegir neðan við Hróðnýjarstaði. Að norðan sjást slóðarnir um 1 km vestan við Fjallabaksleið þar sem hann liggur frá grunnu gili. Vestar gilsins hefur talsverður uppblástur herjað og ekki er að sjá skýra slóða þar. Norðaustar gætu slóðarnir hafa sameinast Fjallabaksleið 641:004 eða leiðinni heim að

Svartanúpi 181:001.

Leiðin liggur um svæði sem er sundurskorið að giljum. Svæðið er víða vaxið mosa og snöggu grasi. Ef gatan er rakin frá því að hún sést fyrst að norðan má rekja hana nokkuð samfelld, framhjá nýlegri rétt eða hólfi, Hróðnýjarstöðum 180:038 á svipuðum slóðum og gamall jeppaslóði sem liggur að Búlandsseli. Þar sem jeppaslóðinn beygir ofan í gil og fer

norður yfir á verður erfðara að rekja götuna en líklega hefur hún haldið áfram sunnan árinna og legið um norðvesturjaðar Slóðamýrar. Norðurhluti gatnanna, að Slóðamýri er nálega í stefnuna norður-suður. Þar sem Slóðamýri sleppir má aftur greina slóða til VSV og gæti hann hæglega verið framhald götunnar þó ekki sé hægt að fullyrða um það. Slóðinn liggur rակleitt af Selá til móts við Búlandssel 001. Leiðin var rakin á ríflega 2 km löngum kafla en í honum eru nokkrar eyður þar sem slóðarnir hurfu. Þar sem mest er sjást 5-10 götuslóðar samfelld.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Búlandssel, 1.

SF-180:014 *Hróðnýjarrústir* tóftabyrping býli 63°47.807N 18°34.451V

Milli tveggja gilja austan undir Réttarfelli í og ofan við Hróðnýjarmýri sem er austan við Selá. "Þá er Réttargil, en norðan við það neðst er Hróðnýjarmýri. (Hróðnýjarstaðir nefnast tættur ofan við Hróðnýjarmýri. Páll Sigurðsson ber svo fram.)," segir í örnefnaskrá Búlandssels. Rústir Hróðnýjarstaða eru friðlýstar. Þær eru um 4,6 km VNV við Búland 179:001 en um 1,5 km norðaustan við Búlandssel 001. Tóftirnar eru neðan við (suðaustan í) mosagrónu og lágu holti. Garðurinn sem markar af efri jaðar túna (norðvesturhlið) er ofan holtsins.

Í Jarðabók Sveins Pálssonar rekur hann þá almennu "sögn að þar hafi verið 18 hurðir á hjörum, og má af því marka húsakostinn." Samkvæmt Sveini var þarna kirkjan fyrir eyðibýggð þá er nefndist Tólfahringar á Réttarfelli. Friðlýstar minjar. "Nedan undir svo kölluðu Réttafelli í Búlands Landi, eru Rústir miklar, og auðsjáanlegt að þar hefur bær verið og mikil Bygging og Túngardur í kríngum - Lítur Líklega út að úr Bæar Tóttunum, hafi síðar bygd verið Fjarrétt. Seigja sumir að Búland hafi þar fyrst bygt verið, enn síðar flutt þángad hvar það er nú". Brynjúlfur Jónson fjallar um Hróðnýjarmýri undir Réttarfelli í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909: "Hróðnýjarmýri heitir sunnan undir Réttarfelli. ... Þar sjást talsverð garðlög og bæjarrúst eigi all litil. Hún snýr mót suðri. Gil rennur ofan bak við hana. Aðal tóftin skiftist í 3 herbergi, hvert um sig 5 fðm. langt. Hið vestasta er rúml. 3 fðm. breitt, hin eru hálfu mjórri. Útidyr hafa verið á stærsta herberginu við miðgaflinn. Áföst við það vestanmegin er útihússtöft, rúml. 4 fðm. á hvern veg og dyr mót suðri. Við enda austasta herbergisins er óglögg tóft, er hefir dyr á suðurenda. Hún er 2 1/2 fðm. á lengd, en 1 1/2 fðm. á breidd. Frálaus en þó í sömu röð, er hringmynduð tóft, um 3 fðm. í þvermál. Dyr hennar snúa mót austri eða frá bænum. Það mun hafa verið fjarrétt eða hestarétt. Andspænis bæjarröndinni, eigi langt frá, virtist vera fjós og hlöðutóft og þó fleiri tóftir. - Þetta býli mun að líkindum hafa haft sama land til afnota, sem Búlandssel hefur nú." Jón Jónsson, jarðfræðingur skoðaði staðinn og birti athuganir sínar í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1989. Þar segir: "Um mýrina þvera er garðlag, nú allmjög sokkið í jörð, en þó vel greinanlegt. Annað garðlag er á sama hátt gilja milli eftir ... Hjalla [í austurhlið Réttarfells, grasi grónum]. Á þennan hátt hefur þarna verið allstórt, afgirt svæði. Ofan við mýrina, austan undir hjallanum, eru rústir allmiklar. Aðalrústin er rétt við nyrðra gilið og tekur yfir svæði sem er um 70 x 45 m. ... Þarna eru margar hringlaga rústir ... A.m.k. 12 og sem næst í röð austan undir hjallanum. Sumar ná því að vera allt að 2 m yfir umhverfið og eru 5-7 m í þvermál. Út frá einni þeirra má greina tvö lítið eitt bogadregin garðlög, sem gætu hafa verið byggð sem aðhald þegar fé var rekið inn í borgina hafi þetta fjárborg verið. Við syðra gilið er rúst sem er 10 m löng og 4-5 m breið og við hana lítill hringlaga rúst,". Jón Jónsson gróf í annað garðlagið og taldi að garðurinn hefði verið hlaðinn eftir að gjóskulag sem hann tímasetur til fyrri hluta 12 aldar féll, en yfir því er grátt lag sem Sigurður Þórarinsson kenndi við Sólheimajökulsgos 1245. Sama syrpa var í einum tóftarveggnum. Samkvæmt þessu áætlaði hann að byggð hefði ekki verið þarna nema innan við öld c. 1150-1250. Endurskoðun á lýsingu Jóns Jónssonar á gjóskulögum í skurðinum sem hann tók á svæðinu bendir til að bærinn hafi verið byggður eftir 934 og kominn í eyði fyrir 1206 samkvæmt Richard Streeter. Í bókinni Svipast um á Söguslóðum segir: "Í henni [Hróðnýjarmýri] eru mikil mannaverk í

ævafornum garðlögum og norðan hennar miklar og áberandi rústir, sumar hringlaga og stórar ummáls. Austast er mikil fjárrétt."

Geysimiklar rústir eru á þessum stað. Minjastofnun Íslands mældi upp allar tóftir á Hróðnýjarstöðum árið 2009 og setti niður friðlýsingarstaur. Rústirnar eru afmarkaðar af giljum til norðausturs og suðvesturs en af miklum garðlögum til suðausturs og norðvesturs, gilja á milli. Rústasvæðið er samtals um 330 x 380 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Auk



garðlaganna sem afmarka svæðið eru ýmis fleiri gerði og garðlög á svæðinu og ganga flest þeirra frá gördunum. Auk gerða eru innan rústasvæðisins um 14 rústir af margvíslegum toga. Stærstur er bæjarhóllinn A, þar sem skilarétt virðist hafa verið byggð þegar bærinn féll úr byggð en fjölmargar einfaldar eða tvískiptar tóftir er að finna um tónið suðaustanvert, þar á

meðal nokkrar hringlaga tóftir. Hér verður öllum minjum lýst og hverri einingu gefinn bókstafur til aðgreiningar. Lýsingin hefst á því garðlagi sem markar af svæðið að ofan (N). Garðlagið var rakið frá því gili sem markar af svæðið til suðurs. Garðlag N er ofan við holtið og markar af norðvesturhlið rústasvæðisins. Garðlagið var ekki mælt inn þegar Minjastofnun skráði svæðið. Garðlagið nær gilja á milli, en er víða mjög óljóst þó hægt sé að rekja það nær samfelld. Garðlagið liggur í um 30-40 m frá gílinu sem markar tún Hróðnýjarstaða að suðvestan og kemur þá utan í efri brún holtsins/fellsins sem er efst á rústasvæðinu. Garðlagið er fornlegt og vaxið lyngi og mosa. Það er mest 2 m á breidd og víða 0,3 m á hæð. Þar sem garðlagið liggur utan í holtinu er það aðeins stæðilegra, um 1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð en nokkuð kræklótt. Svo virðist sem mögulega hafi blásið að garðlaginu, líklega þar sem torfið var stungið norðan eða ofan við garðlagið, utan túns. Garðlagið er samtals um 310 m langt og er örlítið bogadregið en nær gilja á milli en nyrsti hluti þess er afar óskýr. Á einum stað, um 80 m SSV við þar sem það endar til SSV virðist annað garðlag ganga frá því. Garðlagið liggur til NNV í átt að gildragi sem liggur ofan í gilið sem markar af Hróðnýjarstaðatungu til norðaustur. Garðlagið er um 27 m langt en verður fljótt óljóst. Það garðlag sem markar af suðausturhlið túna er hér nefnt F. Það er tvöfalt á kafla og við það er gerði og verður hver garðangi nefndur í lýsingu þessari. Aðal garðurinn F1 liggur gilja á milli. Frá




Tvær af tóftunum á Hróðnýjarstöðum SF-180:014. Á mynd til vinstri er horft til austurs yfir tóft ANA en á mynd til hægri til norðurs yfir gerði G

norðvesturgílinu, í gegnum mýri þar sem það er víða mjög óskýrt og endar svo í suðurhorni gerði F2 við norðausturgilið. Frá gerði F1 gengur svo annar garður F3 til suðvesturs, frá norðvesturhorni þess, 70-80 m norðvestan við aðalgarðinn. Garður F3 beygir að lokum í 90° og endar við gerði og garðþyrpingu E sem síðar er lýst. Garðlögin sem hér eru skráð undir bókstafnum F ná samtals yfir svæðið sem er 315 x 130 m stórt. Stærsta garðlagið er sem áður segir F1 sem nær gilja á milli ef gerðið F2 við enda þess er með talið. Sjálfur garðurinn er 300 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er beinn suðvestast en endar í boga að gerði F2. Gerðið er ferhyrnt og marka garðlög af allar hliðar nema hvað norðausturhliðin er óljós og mörkuð af gílinu sem afmarkar Hróðnýjarstaðatún. Gerð F2 er 37 x 40 m stórt og er næstum fimmhyrningslaga. Veggir eru mosa- og lyngivaxnir og víða sundurskornir. Innan í gerðinu vex svolítið gras. Veggir þess eru signir og 2 m á breidd en aðeins 0,2 m á hæð. Frá norðvesturhorni gerðis F2 liggur beint garðlag í um 125 m til suðvesturs en beygir þá 90° og annað garðlag F4 liggur frá því til NNV. Garðlag F3 er mjög ógreinilegt á kafla enda liggur það yfir mýrlendi. Garðlag F4 er um 46 m langt og snýr austur-vestur. Það liggur í svolitla sveigju en endar við suðurhorn gerðis F2. Garðlög F3 og F4 eru sign og fornleg.

Gerði/garðlög E eru um 50 m ofan við (vestan við) vestasta hluta gerðis F (F3). Í raun má segja að gerði E samanstandi af tveimur stórum, ferhyrndum gerðum (E1 og E2) og tveimur litlum gerðum eða tóftum sem eru sambyggð gerði E1 við norðaustur og suðaustur hliðar þess. Samtals eru gerðin á svæði sem er 80 x 40 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Gerði E1 er stærsta gerðið, það er 40 x 55 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið er ferhyrnt

og frá suðurhorni þess gengur garðlag F4. Gerðið er sigið og vaxið mosa og lyngi en norðvesturhlið þess er byggð inn í brekkurætur og þar er innri brún garðlagsins nokkuð áberandi eða 0,8 m á hæð en ytri brún, sú sem er inn í brekkuna er aflíðandi. Frá því ganga garðlög til norðvesturs sem mynda gerði E2 og er norðausturveggur E1 sameiginlegur báðum gerðum. Gerði E2 er 27 x 34 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Til norðausturs endar það við suðvesturhorn bæjarhóls A. Enginn norðausturveggur er merkjanlegur á því og er gerðið sjálft mjög ógreinilegt á kafla, sér í lagi þegar nær dregur bæjarhól. Fast við suðvesturvegg E2 (sem er norðausturveggur E1) er byggð stór tóft eða gerði, E3. Gerðið er um 16-17 x 5,5 m stórt en aðeins 11 x 2 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur. Það hefur líklega verið opið til suðausturs. Ekki er hægt að sjá skiptingu á gerðinu. Veggir þess eru um 1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð. Tóft/gerði E4 er byggt suðvestan við suðvesturhlið gerðis E1. Tóftin er 12 x 4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til suðausturs. Tóftin er ógreinileg en líklega hefur hún verið tvískipt. Þá er austara og ytra hólfið um 4,5 x 1,5 m að innanmáli en svo er um 2 m breiður veggur í tóftinni. Vestan við hann er innra hólfið sem er 3,5 x 2 m að innanmáli. Tóftin gæti verið af kvíum eða rétt. Veggir eru víða 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Tóftin er í aflíðandi halla til vesturs.



Til vinstri tóft D, horft til SA og á mynd til hægri er tóft B, horft til austurs

Tvær tóftir, L og M, eru á mosavaxinni hæð allra suðvestast í heimatúninu, við gilið sem markar það af til suðvesturs. Tóft L er mosavaxin þúst um 100 m ofan (norðvestan) við túngarð F1 en um 220 m SSV við bæjarhól A. Tóftin er 11,5 x 5,5 m að stærð og er nokkuð greinileg. Hún snýr VNV-ASA. Eftir henni miðri gengur dæld sem er 8-9 x 1,5 m stór en hún er varla nógu djúp til að hægt sé að tala um eiginlegt hól. Ekki sjást ummerki um að tóftinni hafi verið skipt upp. Tóftin er að mestu vaxin mosa en lyngivaxnir blettir eru í henni hér og þar. Hún er í svolitlum halla að mýrinni sem er suðaustar og norðaustan við hana. Frá tóftinni eru um 12 m að gilinu sem markar túnstæði Hródnýjarstaða til norðvesturs. Um 4 m VNV við tóft L er önnur lítil tóft, M, sem snýr þvert á hana. Hún er 5 x 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og 2,5 x 1,5 m að innanmáli. Veggir hennar eru 1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð. Op virðist hafa verið á miðjum skammvegg, að gilinu en þar er mosinn nokkuð frábrugðinn öðrum mosagróðri. Tóftin stendur hærra en umhverfið á hápunkti þeirrar hæðar sem L og M eru á. Frá opi að gili eru um 5-6 m og bratt er niður í gilbotn á þessum stað (6-8 m).

Tóft K er byggð í jaðrinum á litlu gerði sem gæti hafa verið hring- eða sporöskjulaga en suðurhlið þess er alveg horfin. Frá enda austurveggjar og að enda vesturveggjar eru um 20 m. Veggir gerðisins eru vaxnir grasi og mosa. Breidd þeirra er 1,5 m en hæð 0,2 m. Líklega hefur suðurhliðin blásið í burtu frekar en að garðurinn hafi aldrei verið eldri. Tóftin virðist byggð ofan á gerðisveggnum og svo virðist sem hún sé yngri. Hæð hennar er 0,8-0,9 m. Tóftin er alveg mosavaxin, hún er 7,5 x 7 m stór og innanmál hennar er þríhyrningslaga og 3 x 3 m að

stærð. Líklega hefur verið op á suðvesturhlið tóftar, að gili, a.m.k. Virðist rof í mosabreiðuna þar. Tvær óljósar tóftir O1 og O2 eru er tæpum 40 m suðaustan við suðurhlið túngarðsins en hvorug þeirra var mæld þegar Minjastofnun Íslands rannsakaði Hróðnýjarrústir. Tóft O11 er 11 x 6 m stór og snýr skáhalt eða norðvestur-suðaustur. Hún virðist hafa skipst í tvö hólfi og er það syðra greinilegra. Ekki er greinlegt op á því en mögulegt er að það hafi verið í suðausturhorni. Óljóst sést móta fyrir veggjum sem eru mest 0,4 m á hæð utanfrá en 0,2 m eru frá innri brún veggja og niður í gólf. Syðra hólfi tóftarinnar er 3 x 2 m stórt en hið nyrðra vart meira en dæld sem er um 1 m í þvermál. Um 2 m ofar eða norðvestan við O1 er O2. Hún snýr eins og O1 og virðist hafa verið einföld. Tóftin er 10 x 6 m stór og er mjög óskýr en suðvesturhluti hennar virðist alveg hafa blásið þótt svæðið hafi gróið aftur. Líklega hefur verið op á miðjum suðausturskammvegg. Tóftin er mjög sigin og eru veggir 1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er 5 x 2 m. Tóft G er nyrst af þyrpingu af sjö tóftum sunnarlega í túni Hróðnýjarstaða. Tóft G er 85 m norðvestan við túngarð en 100 m norðan við gilið sem markar af Hróðnýjarstaði til suðurs. G er hringlaga gerði sem er fremst í lágri hæð ofan við mýrina sem nær inn í túnið að suðaustan. Annað hringlaga gerði, H er 5-6 m ofar (vestar). Gerði G er 11-12 x 12 m stórt en er 8,5 x 7 m að innanmáli og snýr örlítið lengra norður-suður en á þverveginn. Hæð veggja er 0,1-0,2 m frá innri brún og í botn en þar sem mest er rís ytri brún veggja í allt að 0,7 m hæð. Veggir eru víða um 1,5 m á breidd. Tóft J er 14 x 6 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er tvískipt og er vestara hólfið stærra eða 4 x 2,5 m að innanmáli. Austara hólfið er 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr þvert á hólfi I eða NNA-SSV. Hólfi I er mun lægra en hólfi II eða aðeins 0,1 m á hæð og mjög óljóst. Veggir II hólfs eru 0,4 m háir. Bæjarhóll A er um 30 m suðvestan við gilið sem afmarkar minjasvæðið til norðausturs. Bæjarhóllinn virðist vera um 65x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er um 2 m á hæð og á honum og suðvestan við hann er réttartóft sem er gríðarstór og greinileg. Tóftin er um 50x50 m að stærð. Tóftin skiptist í þrjá hluta. Suðvestast í tóftinni eru fimm greinileg hólfi I-V hvert upp af öðru í röð sem snýr norðvestur-suðaustur. Norðaustan við þennan hluta er stór almenningur, eitt stórt hólfi VI sem er um 34x13 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Við utanvert norðurhorn þess er hólfi VII utanvert við almenning. Þriðji hluti tóftarinnar er svo norðaustan við almenning. Hann stendur hærra en aðrir hlutar tóftarinnar, uppi á bæjarhólnum. Í þeim hluta eru sex hólfi VIII-XIII og eitt til viðbótar XIV sem er fast við og líklega samtengt hólfi VII í norðurhorni almennings VI. Hleðslur í tóftinni eru signar en greinilegar. Tóftin er vaxin mosa og lyngi en litlu af grasi. Víðast eru veggir 3-4 m á breidd og hæstir eru þeir um 0,7 m. Við utanvert norðurhorn tóftar er hólfi XV sem ekki virðist hafa verið mælt upp. Það er í halla til og er gróið grunnt skarð til vesturs frá því. Hólfi þetta er um 15x8 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Aðeins sést skýr veggur á vestur- og norðurhliðum en þeir eru umfangsminni og signari en í tóftinni, eru 0,2-0,3 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Annað óljóst hólfi XVI er við austurhorn tóftar og var það ekki heldur mælt upp. Það er um 16x3 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Þetta hólfi er mun signara en aðrir hlutar tóftarinnar og kann að vera eldri en hún. Fast SSV við suðurhorn réttartóftar er dæld R sem er um 10x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Fast austan við hana er garðlag sem er hluti af gerði E2 en ekki sjást aðrir greinilegir veggir meðfram mannvirkinu. Dældin er um 0,2 m á dýpt og er í aflíðandi halla til austurs. Tóft P er neðarlega í brekku í halla mót suðri, um 10 m norðan við viðbótarhólfi XV í tóft A. Tóftin var ekki mæld upp 2009. Tóftin er um 6x5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún virðist vera einföld en óljós dæld er í henni miðri, um 2x1,5 m að innanmáli. Líklega hefur verið op á henni til suðausturs undan halla en ekki er hægt að segja til um það með vissu. Fjárgötur liggja yfir vesturhorn tóftarinnar. Mesta hæð er 0,3 m. Tóft D er fast suðaustan við tóft A. Hún er stæðileg og sést mjög vel. Tóftin er hringlaga og er um 11x12 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er um 6 m í þvermál innanmáls. Innri brún veggja er óskýr á suðausturhlið tóftar og þaðan er hátt niður af henni enda er hún í dálitlum halla til suðausturs. Líklega hefur

verið op þar sem innri brún er sem óskýrust. Veggir eru 2-3 m á breidd og hæstir um 0,7 m. Tóftin er gróin og lögun hennar minnir á fjárborg. Um 12 m austan við tóft D og um 10 m suðaustan við viðbótarhólf XVI á réttartóft er lítil tóft og þúst Q. Minjarnar voru ekki mældar upp 2009. Tóftin Q1 er á fremur flatlendu svæði innan gamla túnsins. Hún er nokkuð hringlaga, um 6 m í þvermál. Í henni er óljós dæld sem er um 1 m í þvermál, nær norðausturhorni en miðju. Mesta hæð er um 0,2 m. Um 2 m sunnan við tóft Q1 er þúst Q2 sem er um 3x4 m að stærð, snýr norður-suður, er um 0,2 m á hæð. Fjárgötur liggja á milli þessara minja og tófta A og D.

Tóft B er um 10 m VSV við tóft A. Hún stendur aðeins hærra en tóft A, neðarlega í brekku. Tóftin er um 13x7 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Mesta hæð veggja er um 0,3 m. Þykk mosaáabreiða er yfir tóftinni. Útlínur tóftarinnar eru nokkuð skýrar og í austurenda hennar er allskýrt hólf sem er um 4x2 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Vesturhluti tóftarinnar er óljós. Líklegt er að a.m.k. Tvö hólf hafi verið í tóftinni. Þúst C er um 6 m SSV við tóft B. Hún er um 10x6 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Þykkur mosagróður er yfir þústinni. Þústin er hæst í vesturenda, 0,2-0,3 m á hæð, en lækkar til austurs. Í austurhluta er tóftin um 0,1 m á hæð. Sá hluti er um 4x6 m að stærð, snýr norður-suður. Ekki sést skýr hólfaskipting en hæðarmunur í þústinni kann að gefa hólfaskiptingu til kynna. Tóft I er um 140 m sunnan við tóft B. Hún er um 15x6 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf, ámóta stór. Tóftin er breiðust um miðbikið og mesta hæð er 0,2-0,3 m. Tóft H er um 13 m ANA við I. Hún er m 11 m í þvermál, sigin og hringlaga. Kindagata liggur fast meðfram henni að austanverðu og ýkir ytri brún veggja. Tóftin er um 7 m í þvermál innanmáls. Veggir eru 1,5-2 m á breidd og 0,2 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: FSP, 159-60; Árb 1909, 16; FF, 98; Árb 1989, 130; Ö-Búlandssel, 1; Svipast um á Söguslóðum, 108-109, Ö-Búlandssel, 1, Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, 159-160, 259-60 og 549, Skaftártunga: Archaeological investigation in 2013, 13.

SF-180:015 tóft+garðlag fjárhús

63°47.093N 18°35.101V

Meint fjárhústóft og túngarður eru um 190 m NNV við bæ 001. Tóftin og túngarðurinn eru í



Tóft og garðlag SF-180:015. Á ljósmynd er horft til NNA

smáþýfðu túni á gróðurtorfu milli Djúpagils og Bæjargils.

Minjarnar eru á svæði sem er um 170x20 m að stærð og snýr norðausturs-suðvestur. Í norðausturenda svæðisins er tóft A. Hún er úr torfi og grjóti og skiptist í fjögur hólf. Tóftin er

um 14x9 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og mest sjást 6 umför. Tóftin er gróin en stendur allvel. Hólf I er í austurenda tóftarinnar. Það er um 2x6,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Hólf II er vestan við hólf I. Það er eins og hólf I en ívið mjórra eða 1-1,5 m á breidd. Hrunið hefur inn í það efst úr veggjum eða þekju. Einnig er op á því til suðurs. Hólf III og IV eru grónari og signari en aðrir hlutar tóftarinnar og er líklegt að þau séu hluti af eldra byggingarstigi. Hólf III er um 4x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs en suðurveggur þess er orðinn óskýr. Hólf IV er norðan við hólf III. Óljóst op er á milli hólfanna og veggurinn sem skilur þau að sömuleiðis óljós. Hólf IV er um 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en gerð hennar bendir til þess að þarna hafi verið fjárhús. Torfhlaðinn túngarður B er áfastur suðvesturhorni tóftarinnar og liggur í hlykkjum til suðvesturs. Hann er um 200 m á lengd. Við tóft A er garðurinn 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð en er víðast um 1 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Innan við garðinn sést hvar torf hefur verið stungið í hann og er óvanalegt að það hafi verið gert innan við garðinn en ekki utan við hann. Ógreinilegt garðlag C liggur frá horni á túngarði B, um 10 m suðvestan við tóft A. Garðurinn virðist hafa verið rifinn en sést óljóst á um 20 m löngum kafla og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,6 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Frá sama horni á túngarði B er röð torfhláðinna þúfna D í annað horn á túngarði B. Þúfnaröðin er um 45 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Í þessari röð sjást 11 þúfur sem eru 0,5-1 m í þvermál og 0,2-0,4 m á hæð. Víðast eru 4-5 m á milli þúfnanna. Á milli þúfnaraðarinnar og túngarðs B er svæði sem er um 45x15 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það mjókkar í suðvesturenda þar sem það er um 5 m á breidd. Vír hefur væntanlega verið strengdur á milli þúfna eða staura á þúfunum til að afmarka hólf í túnjaðrinum.

Hættumat: engin hættu

SF-180:016 varða óþekkt

63°48.229N 18°36.140V

Tvær óverulegar vörður eru norðvestan í Réttarfelli en norðaustan við Rásgljúfur. Þær eru nálega til móts við tungu þá er afmarkast af Þorvaldsá að norðaustan, Þvergljúfursá að suðvestan og Tungufljóti að suðaustan. Syðri varðan, A er 15-20 m ofan við lónstæði



miðlunarlóns á Þorvaldsárum en varða B er í lónstæðinu.

Vörðurnar eru báðar óverulegar en þó er greinilegt að í báðum tilfellum hafa steinar verið settir saman af mannhöndum.

Greinilegri varðan, A, er sunnar.

Varða SF-180:016A á mynd til vinstri (horft til norðausturs) en varða B á mynd til hægri (horft til norðurs)

Hún er á uppblásnum melhól en í kring er annars mosaþemba. Varðan samanstendur af einum stórum steini og um 8 litlum. Smágrýti er í hólnum en steinarnir í vörðunni eru stærri og greinilega aðkomnir. Steinarnir eru ekki sérstaklega fornlegir en svolítill mosagróður er í kringum vörðuna. Svæðið er rúmlega 1 m á lengd en 0,8 m á breidd en varðan er ekki upphlaðin heldur aðeins steinadreif á jörðinni. Varðan B er um 50 m norðan við vörðu A. Hún er er enn óverulegri en varða A. Varðan er í raun aðeins óverulegur samtíningur af grjóti og samanstendur af tveimur stórum steinum og þremur smærri ofan á. Lengd er 1,4 m og breidd 0,7-0,8 m og snýr norðvestur-suðaustur. Steinarnir eru vaxnir skófum og mosa. Frá vörðunum er góð yfirsýn yfir tunguna á móti og til norðausturs og austurs. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi steinar hafa verið settir saman á þessum stað en mögulegt að vörðurnar tengist slóða 025 sem er greinilegur sem tveir paldrar á milli varðanna en er víða greinilegri á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:017 *Sprengisandur* gata leið 63°46.838N 18°35.068V

"Austur af Grísfelli er sandur [...] og heitir hann Sprengisandur. Eftir honum var oft sprett úr spori," segir í örnefnaskrá. Miklar götur sjást þegar komið er norður fyrir Sprengisand og sjást þær á kafla á milli sands og bæjar 001 annars vegar og hins vegar á Seltanga 009.

Á kaflanum þar sem leiðin er sýnileg liggur hún um nokkuð jafnlendan, harðlendan móa sem er mosa- og lyngivaxinn.



Göturnar um Sprengisand SF-180:017. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til SSA á mynd til hægri

Miklar götur sjást á tveimur stöðum á svæði sem er um 2,3 km á lengd. Göturnar liggja norður-suður. Fyrst verður fjallað um göturnar sem sjást frá bæ 001 og fá þær bókstafinn A til aðgreiningar frá götum B sem sjást á Seltanga. Götur A sjást frá Sprengisandi að bæ á um 710 m löngum kafla. Þar sem best lætur eru sýnilegar götur á um 30 m breiðu svæði og á því sjást 33 götur þétt saman. Göturnar eru langflestar grónar. Þær eru um 0,2 m á breidd og flestar 0,1-0,2 m á dýpt. Þegar nær dregur bænum greinist leiðin og liggur hún annars vegar beint að tröðum 018 og hins vegar áfram til norðurs en þær hverfa skammt frá túngarði 019. Leiðin sem liggur að bæ breytist í djúpa, gróna götu á kafla sem víkkar út til norðurs og hefur komið rof í hana næst túninu. Ógróin vatnsrás er meðfram túninu sem sker leiðina í sundur. Á leiðinni sem liggur framhjá bæ fækkar götunum til mun og þar eru þær 10-12 saman. Ekki sjást ummerki um leiðina á Sprengisandi en þar er hins vegar óljóst bílslóði. Um 1,2 km sunnan við götur A eru götur B á um 340 m löngum kafla. Þar eru allt að 18 götur saman á um 15 m breiðu svæði. Göturnar eru mjög áþekkar götum A. Þessi hluti leiðarinnar endar til suðurs í djúpri rás þar sem farið er niður af tunganum að vaði á ánni yfir að Ljótastöðum á Selvaði 184:021.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Búlandssel, 2.

SF-180:018 gata traðir

63°46.982N 18°35.027V

60-70 m langar traðir liggja frá túnjaðri í Búlandsseli og heim að bæ 001. Göturnar sjást vel þangað til eftir eru 3-4 m að bæ 001. Túnið í Búlandsseli er fremur stórt og því er skipt niður með mörgum giljum. Stærsta túnið er á hæð sem afmörkuð er af Selá til norðausturs en öðru gili til norðvesturs. Sjálft túnið er flatt, þurrt og vaxið snöggu grasi.

Traðirnar eru mjög greinilegar og um 1,5 m eru á milli traðarveggja. Frá traðarbotni og upp í topp eru um 0,6 m þar sem minnst er en 1,5 m þar sem þær standa best. Traðirnar eru samtals um 4-5 m á breidd en um 60 m á lengd og liggja NNA-SSA.

Tröðunum sleppir í túnjaðri en breið dæld er í landið í framhaldi af þeim og þar virðast hafa legið götur í framhaldi til suðurs, sjá 017.

Hættumat: engin hætta



Horft heim að Búlandsseli, í gegnum traðir SF-180:018. Horft til suðurs

SF-180:019 garðlag

túngarður

63°46.940N 18°34.949V

Túngarður sést umhverfis túnin í Búlandsseli. Líklega hefur garðurinn upphaflega markað af túnið til austurs, vesturs og suðurs en gil Selár markað af norðurhlið þess. Samkvæmt þessu má ætla að túnið hafi verið um 320 x 120 m stórt og snúið nálega austur-vestur. Síðar hefur túnið greinilega verið fært út og svæði norðan verið gerð að túni, bæði austari hluti Stekkjartúns og svo



Túngarður Búlandssels SF-180:019. Á mynd til vinstri er horft til NNV en til austurs á mynd til hægri

stórt tún á flata norðan þess. Að sama skapi hafa verið gerð tvö stór gerði eða nátthagar sunnan heimatúnsins gamla og garðlag byggt norðvestan Selár þar sem það girðir af tanga út í

ána. Ef túnin til norðurs eru talin með má segja að heimatúnið nái yfir svæði sem er 320 x 260 m stórt.

Túnið í Búlandsseli er fremur stórt og því er skipt niður með mörgum giljum. Stærsta túnið er á hæð sem afmörkuð er af Selá til norðausturs en öðru gili til norðvesturs. Sjálft túnið er flatt, þurr og vaxið snöggu grasi. Utan við stærstan hluta þess túngarðs sem girðir af aðal túnið er rof og er greinilegt að blásið hefur út frá svæðinu þar sem torf var skorið í garðinn. Á köflum er þetta rof nokkuð djúpt og líkist mest skurði eða litlu gili. Það er hins vegar hvergi breiðara en 10 m og virðist ekki hafa stækkað mikið á síðustu áratugum. Umfangsmikill uppblástur er hins vegar nokkurn spöl frá túnunum, til suðurs, vesturs og norðvesturs.

Hér er skráð gamla túnið en aðrir túngarðar og nátthagar skráðir undir sérstökum númerum. Túngarðurinn er stæðilegur og torfhlaðinn. Hann er vaxinn mosa og grasi og er víða rétt tæplega 1 m á hæð en 1,2-1,5 m á breidd í botninn en 0,3-0,4 m í toppinn. Vesturhlið túngarðsins er ógreinileg og er byggð á barmi gróins gils. Hún er því horfin á kafla. Suðurhliðin er að hluta til horfin í rof. Ekki er ólíklegt að torf hafi verið skorið í túngarðinn fast utan við hann og að uppblásturinn þar kunnir að vera tilkominn vegna þess. Þess ber að geta að austurhlið garðsins er mjög stæðileg, um 90 m löng og endar til norðurs við Selá. Norðan Selár er hins vegar garður í beinu framhaldi og sömu stefnu. Garðurinn er um 45 m langur og liggur milli Selár til beggja enda og markar þannig að sveigju í ánni. Svæðið sem hann afmarkar er e.k. tangi markaður af ánni og er svæðið um 60 x 60 m stórt. Hildur Gestsdóttir og Richard Streeter tóku prufuskurð í túngarð Búlands árið 2009 og leiddi hann í ljós að garðurinn var byggður eftir að Heklugos frá 1845 verður en vel áður en Katla gaus 1918. Skurður sem tekinn var niður fyrir garðinn gaf enga vísbendingu um að túngarðurinn hefði byggt á eldra garði og því virtist aðeins um eitt, fremur skammvinnt byggingarstig að ræða.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Hildur Gestsdóttir, munnleg heimild

SF-180:020 hleðsla óþekkt

63°48.083N 18°36.164V

Nokkuð stöndug grjóthleðsla, sem þó er líklegast aðeins girðingaundirstaða, er um 340 m austan við Tungufljót og 300-350 m ANA við ráðgerða stíflu í Rásgljúfrum (samkvæmt



hugmyndum um Búlandsvirkjun). Hún er þar sem ráðgert er að vegarlóði liggja að stíflu.

Hleðslan liggur yfir hól þar sem á er stór klettur. Hóllinn er mosagróinn og miklar mosapembur eru allt í kring. Umhverfis eru talsverðar hæðir og dældir. Í halla til norðvesturs.

Hleðslan er samtals um 50 m löng. Frá suðri liggur hún

Hleðsla SF-180:020. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðvesturs á mynd til hægri

rúma 20 m til norðausturs en beygir þá og liggur áfram í rúmlega 20 m beint til norðurs. Hún er hlaðin úr stóru grjóti og í henni sjást mest 3 umför af hleðslu. Hleðslan er mest 0,6-0,8 m breið en 0,5 m há. Gera má ráð fyrir að girðing hafi verið á þessum slóðum eftir hliðinni endilangri en lítil ummerki sjást um grjóthleðslu nema á þessum kafla. Skammt frá þeim stað þar sem hleðslan endar til norðurs liggur upprúllað girðinganet. Hleðslan er ógróin og er líkleg ekki mjög forn en ber með sér að hafa verið talsvert þrekvirki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:021 hleðsla óþekkt

63°48.013N 18°36.156V

Grjóthleðsla er um 5 m vesta við götur 025 og 350-400 m vestan við Rásgil. Hleðslan er tæplega 50 m austan við ráðgert vegarstæði að stíflunni við Rásgil og í hættu af þeim sökum. Hleðslan er í vesturhliðum Réttarfells. Umhverfis er mosapemba vaxin grasi eða lyngi á stöku stað.

Hleðslan er ferhyrnd og um 1,5 m á kant. Hún er aðallega samsett úr mjög stóru grjóti en ekki eru nema 15 steinar í mannvirkinu sem er um 0,5 m hátt. Ofan á hleðslunni er ein stór

steinhella og myndar hún op eða gat á hleðsluna á einum stað. Ekki er hægt að útiloka að smíði þessi hafi fremur verið lítið skýli en varða. Ekki er líklegt að fé hafi verið haldið á beit á þessum slóðum og því er smalabyrgi e.t.v. ekki líklegur kostur en hafi hleðslan einvörðungu verið reist sem varða þá er hún óvenju vegleg.



Hleðsla 180:021 á þokudegi

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-180:022 þúst óþekkt

63°48.333N 18°36.388V

Mosapúst þar sem mögulegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði er um 6,5 km norðvestan við Búlandsbæ, austarlega á Skeiðstanga. Þústin er tæpum 60 m norðaustan við Þvergljúfursá en tæplega 100 m suðvestan við þar sem Þorvaldsá rennur austan við Skeiðstanga. Þústin er innan ráðgerðs lónstæðis Búlandsvirkjunar á Þorvaldsaurum. Á tanga sem er vaxinn mosapemba. Mosinn er þýfður en gróðurþekjan virðist nokkuð viðkvæm.



Þúst SF-180:022 Á mynd til vinstri má sjá þústina þar sem hún rís úr mosabembunni (horft til suðvesturs) á mynd til hægri er horft til SSA

Í mosabembunni rís greinileg hæð sem er 16 x 9 m stór og snýr NNV-SSA. Hún nær um 0,5 m upp úr mosabembu og er rústarleg á að líta úr fjarska en gróðurfarið minnir lítið á dæmigerðar þústir. Enga dæld er að sjá ofan á þústinni og í raun er vel er mögulegt að þústin sé náttúruleg. Hún var þó látin njóta vafans og skráð enda er hún á því svæði sem kemur til með að hverfa undir lón.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:023 varða óþekkt

63°48.505N 18°34.968V

Hrunin og skófum vaxin varða er um 100 m sunnan við vörðu 024A og er um 20 m frá hliðarstíflu sem er hluti af hugmyndum um Búlandsvirkjun. Varðan er rúmum 60 m vestan við Fjallabaksleið. Á mosavöxnum hól en jarðvegsþekja á þessum slóðum er þunn og viðkvæm.



Varða SF-180:023. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en á hægri til austurs

Varðan er rúmlega 1 m í þvermál og samanstendur af klöpp í botninn og 8-10 steinum ofan á. Ekki er hægt að tala um hleðslu en steinarnir eru um 0,3 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi steinar voru settir saman á þessum stað. Varðan sést ekki frá vegi en góð yfirsýn er til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-180:024 varða óþekkt

63°48.556N 18°34.985V

Fimm óverulegar vörður eru við Fjallabaksleið - nálægt þeim stað þar sem óverulegur slóði liggur frá henni til vesturs. Allar vörðurnar eru innan áhrifasvæðis væntanlegrar Búlandsvirkjunar, annars vegar vegna hliðarstíflu og hins vegar vegna áhrifasvæðis vegabóta á Fjallabaksleið nyrðri. Mosavaxið hólasvæði við Fjallabaksleið. Norðvestan við vörðurnar er svolítill uppblástur.

Vörðurnar/vörðubrotin fimm eru skráð saman. Þær eru á svæði sem er um 60x20 og snýr norðaustur-suðvestur. Austasta varðan, C, er fast austan við Fjallabaksleið austan við merki Svartanúps og tilheyrir þeirri jörð. Hún er ofan á stórum steini og er um 1,4 m há með steininum en sjálft vörðubrotið er aðeins 0,3 m af því. Hún er óvandlega hlaðin og virðist nýleg enda eru engar skófir á steinum eða mosi í hleðslunni. Þegar farið var aftur um svæðið í októberlok 2012 hafði þessari vörðu verið rutt út. Varða B er tæpum 50 m VSV við vörðu C. Hún er í austurhlið mosavaxins hóls. Varða B er einnig fremur óveruleg. Hún samanstendur af tveimur mjög stórum steinum sem mynda háa strýtu og nokkrum minni steinum ofan á. Sjálf strýtan er um 0,8 m há en ofan á eru 2-3 stórir steinar og fullt af smælki. Samtals er því varðan 1,4 m há. Hún er 0,6-0,8 m í þvermál og er illa hlaðin. Efst í hólnum sem varða B er utan í honum rís klettahella sem er 1,5 m á hæð en um 0,2 m á breidd. Þar sem hún endar eru örfáir steinar og 1 m ofan við enda hennar, á há hólnum er varða A. Hún er innan við 15 m vestan við vörðu B. Varða D er 22 m sunnan við vörðu C, fast vestan við Fjallabaksleið. Hún



Vörður SF-180:024A og B. Á mynd lengst til vinstri er horft til vesturs, á miðjumynd er varða A (horft til norðausturs) og á mynd lengst til hægri er varða B (horft til SSV)

er afar smá og lítilfjörleg, er um 0,4 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í henni eru smáir steinar og ekki um hleðslu að ræða. Varða E er um 4 m SSV við vörðu D. Þar er í raun aðeins um að ræða nokkra steina sem settir hafa verið á jarðfasta klöpp. Að klöppinni meðtalinni er varðan 0,5 m á hæð og 0,7x0,5 m að stærð, snýr ASA-VNV. Varða A er sú verulegasta af vörðunum fimm. Hún er 0,8 x 0,6 m að stærð og 1 m ef kletturinn undir er talinn með. Sjálf hleðslan er hins vegar aðeins 0,3 m á hæð og 0,8 m í þvermál. Í botni vörðunnar virðist grjótið nokkuð gróið en talsvert er af grjóti ofar sem virðist nýlega sett þangað. Það má því vera að varðan sé eldri í grunninn en hafi verið haldið við. Grjótrönd eða dreif gengur frá henni til vesturs, niður hólinn í 2-3 m. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:025 gata leið

63°48.065N 18°36.171V

Talsverðir götuslóðar eru vestanvert í Réttarfelli. Svo virðist sem leiðin um svæðið hafi verið nokkuð ómótuð enda dreifast göturnar talsvert um hliðina. Víða sjást stakir slóðar eða 2-3 paldrar saman sem greinast og spinnast saman sitt á hvað. Þar sem best lætur eru 5-6 götur samsíða en víða má vart á milli sjá hvort paldrar eru einvörðungu kindaslóðar eða eiginlegar

götur. Suður- og austurhluti gatnanna er innan lónstæðis á Þorvaldsaurum.

Göturnar eru best greinilegar í vesturhlíðum Réttarfells en hafa líklega legið áfram til bæði suðurs (ekki raktar lengra en að áætlaðri stíflu við Rásgljúfur) og norðvesturs þar sem erfitt er að fylgja þeim. Umhverfis er mosapemba vaxin grasi eða lyngi á stöku stað.

Göturnar sjást best í vesturhlíð Réttarfells á tæplega 1 km kafla. Hætt var að

rekja þær til móts við stífluna sem ráðgerð er í Rásgljúfrum vegna Búlandsvirkjunar. Göturnar hafa án efa einnig verið norðan í fellinu en þar eru þær minna afgerandi. Á stuttum köflum í vesturhlíðinni eru göturnar greinilegar sem margir, samsíða paldrar, allt að 5-6 slóðar þar sem mest er. Víðast eru göturnar þó ógreinilegri víðast sjást bara 1-3 slóðar og oft erfitt að greina á milli þeirra og kindagatna sem eru fjölmargar á þessum slóðum enda markast þær mjög auðveldlega í viðkvæman mosagróðurinn. Ekki er vítað á hvaða leið þessar götur eru en þær liggja fram hjá tveimur vörðum 016A og 016B, garðlagi 020 og hleðslu 021.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-180:026 þúst óþekkt

63°48.146N 18°33.567V

Grjót dreif er á klöpp um 50 m suðaustan við vörðu SF-641:004(Z4) og um 40 m norðaustan við akveg á Fjallabaksleið nyrðri. Grjót dreifin er á og við litla og lága klöpp í láglandu mólendi suðaustan undir Réttarfelli. Norðvestan við klöppina er um 3 m breið gróf sem gæti verið gamla reiðleiðin á Fjallabaksleið nyrðri eða gamall ruddur vegur á sömu leið.

Mögulega er grjót dreifin leifar af vörðu sem hefur þá líklega varðað Fjallabaksleið. Grjót er hinsvegar mjög dreift og um fáa steina er að ræða svo það er óvíst að hér hafi verið varða en grjót er örugglega dregið saman af mannshönd og er því skráð. Grjót dreifin er á svæði sem er um 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eins og klöppin. Sumir steinarnir eru ógrónir og ekki skófum vaxnir. Klöppin sjálf er um 0,5 m að stærð en ekki stendur steinn yfir steini. Á miðri klöppinni er lítill gúmmítuttur sem hefur verið negldur eða boraður ofan í hana. Óvíst er í hvaða tilgangi það hefur verið gert en mögulega í tengslum við einhvers konar mælingar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Grjót dreif SF-180:026, horft til norðausturs

SF-180:027 varða óþekkt

63°48.063N 18°33.688V

Varða, sem úr fjarska líkist mest hundapúfu, er um 115 m vestan við Fjallabaksleið og rúmum 60 m sunnan við girðingu sem liggur frá ristahliði á Fjallabaksleið á þessum slóðum.

Talsvert flatlent er allt í kringum vörðuna og víða deiglent. Lækjarspræna rennur um 50 m sunnar. Varðan sést vel frá Fjallabaksleið. Hún er á lágum, ávölum hól sem rís mest um 2 m hærra en umhverfið. Varðan sjálf er talsvert hrúnin og samtals um 1,5 m í þvermál en 0,4-0,5 m á hæð í miðjunni þar sem e.k. hundapúfa rís.

Hættumat: engin hætta




Varða SF-180:027, horft í norður

SF-180:028 tóft útihús

63°47.004N 18°35.059V

Einföld útihúsrúst er um 15 m norðvestan við bæ 001 á gilsbakka. Aðeins eru um 0,5 m frá horni tóftar og að gilsbarmi.

Túnið í Búlandsseli er fremur stórt og því er skipt niður með mörgum giljum. Stærsta túnið er á hæð sem afmörkuð er af Selá til norðausturs en öðru gili til norðvesturs. Sjálft túnið er flatt,



Tóft SF-180:028. Á ljósmynd er horft til norðurs

þurrt og vaxið snöggu grasi.

Tóftin er um 9 x 5 m stór og er einföld. Hún snýr nálega norður-suður. Tóftin er opin til suðurs og hefur án efa verið timburpil þar áður. Greinileg jata er meðfram austurvegg tóftar en óljóst er hvort jata hefur verið meðfram vesturveggnum. Mest sjást um 5 umför af hleðslu í veggjum sem eru mest 1,1 m háir. Tvær dældir eru sunnan við tóftina og er önnur þeirra um

0,5 m sunnan við suðurenda vesturveggjar. Dældin er um 0,1 m djúp en 0,5 x 0,8 m stór. Önnur og mun stærri dældi er rúmum 0,5 m SSA við suðurenda austurveggjar. Dældin er 0,1-0,2 m á dýpt en 1,5 x 1 m á stærð og snýr norður-suður. Ekki er vitað hverju þessar dældir sæta en þær virðast klárlega manngerður niðurgröftur.


Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-180:029 gerði óþekkt

63°46.924N 18°34.889V

Stórt og afgirt tún er um 120 m SSA við bæ í Búlandsseli 001 en um 20 m suðaustan við túngarð 019. Lá hæð er norðaustan við gerðið og gil er norðvestan við það.

Gerðið er um 60 x 50 m stórt og snýr NNV-SSA. Gerðinu er skipt í tvennt með garði í miðju og út frá honum liggur óljós lína til norðausturs, í brekkurótum og gæti hún verið til marks um að gerðinu hafi einnig verið skipt upp þar og þannig skipst í þrjú hólfi. Gerðið er í flatlendi nema hvað umræddur hryggur markar af ofurlitinn halla. Garðurinn sem markar af garðlagið er mis greinilegur. Hann er torfhlaðinn og þar sem mest er er hann 1,5 m á breidd en 0,6-0,7 m á hæð. Innan gerðisins vex mosi og snöggvaxið gras. Hafi gerðið verið byggt í þeim tilgangi að marka af náthaga og rækta síðar upp tún virðist það ekki hafa gefið góða raun enda er talsvert mosavaxið innan þess og þar vex aðeins snögg gras á stangli. Umhverfis gerðið sést greinilega hvar torf hefur verið skorið í það, fast utan gerðisveggja. Þar hafa verið skornir ferhyrindir flákar en gróðurbelti verið látin halda sér á milli þeirra, líklega til að koma í veg fyrir uppblástur. Merki um torfskurðinn hafa gróið en ekki horfið og því sést mjög nákvæmlega hvernig skorið var í garðinn. Gerðinu má eins og áður segir skipta í þrjú hólfi. Það stærsta, I, er ferningur sem er um 35 m á kant og nær yfir norðvesturhlutar gerðisins. Suðaustan við þetta hólfi er annað hólfi II sem er aflangt og 47 x 17 m stórt. Það snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustast í gerðinu er svo þriðja hólfið III sem er óskýrast og í



Gerði SF-180:029. Á ljósmynd er horft til suðurs


brekkurótum. Það er 35 x 8 m stórt og snýr norðvestur-suðausturs. Svo virðist sem einhverjar af þeim götum sem liggja heim að bæ úr suðri 017 hafi áður legið á þeim slóðum sem þetta gerði var byggt á, þ.e. óljóst virðist hægt að sjá móta fyrir götuslóðum sem liggja undir gerðið og að túni.

Hættumat: engin hætta

SF-180:030 tóft+garðlag fjárhús

63°46.933N 18°35.192V

Stórt, afgirt og stakstætt tún eða gerði er um 140 m SSV við bæ 001 en um 30 m sunnan við gerði 035 sem er sambyggt túngarði 019. Tvær tóftir eru áfastar gerðinu. Minjarnar eru í grónu en hörðu vallendi. Ógróin rás sem myndast hefur vegna rofs er á milli túns minjanna. Greinileg ummerki um efnistöku umhverfis gerði og tóftir sjást enn.



Tóft og garðlag SF-180:030. Á ljósmynd er horft til SSA

Minjarnar ná yfir svæði sem er um 80x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Gerðið A er um 60x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðausturs. Gerðið er torfhlaðið og sigið. Veggir þess eru breiðastir á norðausturhlið og þar er um 2 m breitt op. Mesta hæð veggja er um 0,7 m en víðast eru þeir lægri. Tóft B er við norðvesturenda gerðisins. Hún er torf- og grjóthlaðin, einföld, og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er um 20x9 m að stærð. Mesta hæð veggja er 1,1 m og sjást 7 umför í innanverðum hleðslum. Ekki er veggur fyrir suðausturhlið tóftar og hefur að líkindum verið timburþil þar. Ekki sjástu ummerki um jötur eða garða í tóftinni en líklegt er að hún hafi gegnt hlutverki fjárhúsa. Tóft C er sunnan við suðausturenda gerðis A. Hún er torfhlaðin og skiptist í þrjú hólf. Tóftin er um 13x13 m að stærð. Hólf I er í SSV-hluta tóftarinnar. Það er um 11x3,5 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Ógreinilegar beðasléttur eru í VSV enda þess. Op er á því til NNA í hólf II sem er um 8x8 m að innanmáli en mjókkar til vesturs. Í því eru greinilegar beðasléttur og sjást fimm beð. ASA við hólf II er hólf III. Það er um 7x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Ekki er op á hólf III og ekki sést op inn í tóftina. Allt bendir til þess að tóft C sé kálgarður. Veggir kálgarðsins eru signir, um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð.

Hættumat: hættu, vegna rofs

SF-180:031 garðlag óþekkt

64°46.998N 18°35.053V



Mjög sigið garðlag er á milli bæjar 001 og tóftar 028. Garðlagið má greina um 5 m norðvestan við bæ 001 og það liggur í um 12 m til norðvesturs, í átt að tóft 028 en fjarar út um 5 m áður en komið er að henni. Túnið í Búlandsseli er fremur stórt og því er skipt niður með mörgum giljum. Stærsta túnið er á hæð sem afmörkuð er af Selá til norðausturs en öðru gili til norðvesturs. Sjálft túnið er flatt, þurr og vaxið snöggu grasi.

Garðlagið er sigið og ógreinilegt. Það er um 12 m langt en 0,1-0,2 m á hæð en um 1 m á breidd. Ekki er vitað hvaða hlutverki það gegndi en þó gæti það hafa verið hluti af túngarði sem væri þá talsvert eldri en garður 019.

Hættumat: engin hætta

Garðlag SF-180:031, horft í norðvestur

SF-180:032 tóft útihús

63°47.000N 18°35.206V

Einföld tóft er um 135 m vestan við bæ 001 á gilbarmi. Tóftin er 50-55 m neðan eða austan




SF-180:032, útihústóft. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til norðurs á mynd til hægri.

við Ennishús 003.

Túnrani sem er gróinn mosa og snöggu grasi og er í talsverðum halla til austurs.

Einföld tóft, 8,5 x 4,5 m stór. Hún snýr NNV-SSA. Tóftin er alveg á barmi gils og er ljóst að stutt er í að hún brotni í gilið. Op er vestarlega á suðurvegg hennar. Mögulegt er að jötur hafi verið meðfram veggjum en erfitt er að fullyrða um það vegna hruns. Tóftin er 8,5 x 4,5 m að innanmáli. Veggir hennar eru 1,5 m á breidd en 0,8 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna landbrots



SF-180:033 gerði kálgarður

63°47.012N 18°35.141V

Tvískiptur kálgarður og lítill tóft eru um 75 m VNV við bæ 001 í norðanverðu Bæjargili.



Aflíðandi, gróin brekka er í Bæjargili þar sem minjarnar eru en víða er gilið snarbratt og ógróið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 14x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Kálgarður A er um 20x13 m að stærð og snýr nálega austur-norður. Hann er torfhlaðinn og eru veggir hans hæstir um 0,7 m. Norðurhlið kálgarðsins er grafin inn í brekkuna en hlaðnir veggir eru á öðrum hliðum. Kálgarðurinn skiptist í tvö hólf. Hólf I er í vesturenda og er um 10x10 m að innanmáli. Op er á því til austurs inn í hólf II. Það er 10x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í suðausturshorni



Kálgarður SF-180:033, horft til ASA

gerðisins. Veggur meðfram suðurhlið tóftar er siginn og hlaupinn í þúfur. Fast norðan við mitt gerðið er afar smá tóft B sem kann að hafa verið kartöflugeymsla. Hún er einföld, um 2x2 m að stærð. Veggir hennar eru torfhlaðnir og eru 0,2 m á hæð og >0,5 m á hæð. Austan og vestan við tóftina sést hvar torf hefur verið stungið upp. Op er á tóftinni til suðurs.

Hættumat: engin hætta

SF-180:034 gata leið

63°47.104N 18°35.033V



Götur SF-180:034, horft til austurs

Götur liggja niður af Stekkatúni 007 í Djúpagil til austurs. Götturnar liggja um bratt gil sem er gróið þar sem götturnar eru en er að miklu leyti ógróið vegna rofs.

Götturnar sjást úr Djúpagili og upp á syðri gilbrún á um 75 m löngum kafla þar sem þær hverfa í smáþýft tún. Götturnar liggja nálega austur-vestur. 2-3 götur sjást saman á 2-3 m breiðu svæði. Götturnar eru að mestu grónar, eru um 0,1 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt.

Mögulega er hér aðeins um fjárgötur að ræða.

Hættumat: hættu, vegna rofs

SF-180:035 gerði óþekkt


63°46.958N 18°35.131V

Stórt gerði sem skiptist í a.m.k. 3 hólf er sambyggt túngarði um 80 m suðvestan við bæ 001.

Gerðið er vaxið grasi og mosa. Ójöfnur eru inni í því en fast sunnar tekur við dæld sem er blásin og hefur hún étið vesturenda gerðisins.

Gerðið er 70 x 20 m stórt og það snýr austur-vestur. Gerðið skiptist í þrjú hólf, eitt mjög stórt sem helst líkist náthaga (hólf I) og tvö minni allra syðst eða efst í brekkunni sem gætu verið rétt eða kvíar. Suðurhlið gerðisins er í raun túngarður en austan gerðis verður hann ógreinilegur. Gerðið er torfhláðið, mest 0,6-0,8 m á hæð en 1,5 m á breidd. Hólf I er austast og það er langstærst eins og áður segir eða 45 x 17 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Austurhlið þess er að hluta horfin í uppblástur og suðurhliðin er að stóru leyti óskýr.



Gerði SF-180:035, á ljósmynd er horft til austurs

Ofan við hólfi I er tvískipt hólfi sem gæti verið rétt. Fast vestan við stóra hólfið er hólfi II sem er 11-12 x 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á milli þessa hólfs og þess stóra. Ofan við hólfi II er hólfi III. Það er 6 x 5 m að innanmáli en ekki er greinilegur vesturveggur fyrir því en þar tekur við gil í framhaldi af hólfi. Ekki er vitað hvaða tilgangi gerði þjónaði en líklegast verður að telja að það hafi verið e.k. náttugi og kvíar eða rétt.


Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-180:036 tóftir óþekkt

63°46.053N 18°35.167V

Tvær tóftir eru um 1,8 km sunnan við bæ 001 á norðausturbakka Tungufljóts í svokölluðum Mosum suðvestan við Grísafell. Tóftirnar eru í grónu heiðarlandi í halla mót suðvestri. Uppblástur er skammt norðaustur af tóftunum og einnig hefur jarðveg blásið af brún árgilsins.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 12x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er norðaustast á svæðinu og er greinilega mun yngri en tóft B sem er fast suðvestan við hana. Tóft A er einföld, torf- og grjóthlaðin. Hún er um



6x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni til suðvesturs. Hleðslur eru teknar að falla inn í tóftina á suðausturhlið en enn sjást þrjú umför hleðslu. Mesta hæð tóftar utanmáls er um 0,7 m. Tóftin kann að vera lítillaga niðurgrafin því veggir eru mun hærri innanmáls en utan, eða 1 m á hæð. Tóft B er gróin og sigin. Ekki sést grjót í henni en ummerki um torfristu sjást í kringum hana og einnig í kringum tóft A. Tóftin er um 12x8 m að stærð, þrískipt, og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda. Það er um 6x6 m að



Tóftir SF-180:036, horft til norðausturs

innanmáli, liggur í L. Breidd þess innanmáls er 1,5-2,5 m. Op er úr því inn í hólf II til norðausturs. Það er um 2x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf III er í norðvesturenda en er ógreinilegt vegna rofs í veggjum þess. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðvesturs. Mesta hæð tóftar er um 1 m en víðast um 0,5 m. Hlutverk tóftanna er óþekkt en fjarlægð þeirra frá bæ bendir til þess að þetta séu leifar af beitarhúsum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-180:037 þúst óþekkt



Þúst SF-180:037, horft til ANA

63°46.977N 18°35.180V

Þúst er í túninu hjá Búlandsseli um 120 m vestan við bæ 001. Hún er neðan við Enni og um 40 m suðaustan við 032. Þústin er í sléttu túni í halla til ASA. Ofar en hið svokallaða Enni.

Þústin er 8 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Þústin er ca. 0,2 m hærri en umhverfið og umhverfis hana er svolítill dæld, e.t.v. þar sem torf gæti hafa verið skorið. Ekki er hægt að sjá hólfaskipan þó að örlítill dæld gangi eftir tóftinni endilangri. Afar líklegt virðist að þarna leynist mannvistarleifar undir sverði þó ekki sé hægt að fullyrða um það. Ekki er víst að þarna hafi verið umfangsmikið mannvirki, mögulega

aðeins hlaðið undir hey.

Hættumat: engin hætta

SF-180:038 tóft óþekkt

63°47.108N 18°35.127V

Tóft er um 30 m norðvestan við tóft 015 og um 225 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er á suðurbarmi Djúpagils í smábýfðu túni.

Tóftin er sigin og gróin og tekin að hlaupa í þúfur. Ekki sjást grjóthleðslur í veggjum og óvíst að grjót hafi verið notað í veggjahleðslur. Tóftin er um 9x9 m að stærð og skiptist í

tvö hólf. Hólf I er í suðausturhluta tóftarinnar. Það er um 4x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðvesturs. Suðausturveggur tóftarinnar nær lengra til suðvesturs en hólfíð og kann þar að hafa verið framhald af tóftinni. Hólf II er í norðvesturenda



Tóft SF-180:038, á ljósmynd er horft til norðausturs

tóftarinnar. Innanmál þess er óskýrt en það virðist vera um 2x3 m og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst op er á því til norðvesturs. Norðausturlangveggur tóftarinnar hefur að mestu samlagast gilbrúninni og sést ytri brún hans ekki glögglega. Mesta hæð veggja í tóft er um 0,5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hér gæti hafa verið stekkur sá sem Stekkatún 007 dregur nafn sitt af.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-180:039 varða óþekkt
Fornleg varða er á blásnum en mosavöxnum hól, tæpum 800 m norðvestan við bæ 001. Vestar taka við sundurskorin gil en um 100 m frá vörðu er landgræðslugirðing. Varðan er hlaðin úr góðu grjóti. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er vaxin skúfum og mosa og virðist fornleg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Hættumat: hætta, vegna rofs

63°47.198N 18°35.870V



Varða SF-180:039

SF-180:040 tóft óþekkt

63°47.107N 18°35.152V

Tóft er um 15 m vestan við tóft 038 og um 230 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er í smápýfðu túni nærri syðri brún Djúpagils.



Tóft SF-180:040, horft til ANA

Tóftin er um 15x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún virðist vera torfhlaðin og ekki sést í grjóthleðslur. Tóftin er einföld og er op á henni til suðausturs. Frá austurhorni hennar gengur veggur sem er um 6 m á lengd til ASA og hefur hann ef til vill verið aðrekstrargarður. Mesta hæð tóftar er um 0,6 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SF-180:041 varða óþekkt

63°47.065N 18°35.626V



Mosavaxin varða er um 520 m vestan við bæ, í kverk þar sem landgræðslugirðing beygir. Varðan er um 10 m sunnan við girðingu. Varðan er á mosavöxnum og smágrýttum hól.

Varðan er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er mosavaxin í botninn og aðeins standa 2 umför upp úr mosanum.

Hættumat: engin hætta

Varða SF-180:041

SF-180:042 vegur leið

63°47.013N 18°35.121V

Fast austan við kálgarð 033 sést upphlaðinn vegur að læk í Bæjargili. Leiðin heldur áfram austan við lækinn en verður ógreinileg og hverfur áður en komið er að bæ 001 en hefur líklega

náð alla leið þangað. Vestan við kálgarð 033 er ógreinileg gata sem kann að vera framhald af leiðinni frá því áður en kálgarðurinn var gerður. Leiðin liggur frá bæ ofan í gróinn hluta Bæjargils að kálgarðinum. Á stuttum kafla næst bæ er leiðin horfin vegna landbrots af völdum Selár.

Vegurinn sést greinilega á um 60 m löngum kafla og liggur austur-vestur. Hann er gróinn, er um 2 m á breidd og hæstar virðast hleðslur vera um 0,5 m en víðast eru þær lægri. Götur eru á veginum á milli bæjar og Bæjargils en á milli kálgarðs 033 og Bæjargils er vegurinn sléttur að mestu og ekki sjást skýrar götur. Vegurinn virðist hafa verið gerður þannig að torf var stungið úr gilbrekkunni og því hlaðið í hallann næst gilinu. Vestan við kálgarð 033 sjást óljósar götur á um 12 m löngum kafla sem einnig liggur austur-vestur.



Vegur SF-180:042, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-180:043 heimild um býli

63°48.135N 18°32.406V

Í bókinni Svipast um á Söguslóðum segir: "Gísli fór með okkur á stað, er nefnist Bensamýri, austur undir Skaftá. Þar hafði hann fundið áður óþekkta bæjarrúst sem ber öll merki þess að vera frá fornöld eða miðöldum." Gengið var um Bensamýri án þess að rekast á tóftina. Sigurður O. Pétursson heimildamaður segir enga tóft lengur á þessum slóðum og segir að svæðið hafi mikið blásið og svo hafi Landgræðslan ræktað svæðið aftur þannig að öll mannvirki sem þar voru séu horfin. Bensamýri er í raun lyng- og mosapemba og er talsvert hátt upp. Á svæðinu eru víða hraukar sem úr fjarska virðast manngerðir en þegar nær kemur virðast þeir náttúrulegir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Svipast um á Söguslóðum, 109

SF-180:044 heimild um óþekkt

Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1909 segir: "Þorvaldstungur. Ein af kvíslum þeim, sem Tungufljótið myndast af, heitir Þorvaldsá. Upp frá henni norðanmegin liggur graslendi til fjalls. Því hallar að ánni og er mjög sundurskorið af giljum. Þar heita Þorvaldstungur. Segja munnmæli, að þar hafi fyrrum verið bær og bóndinn, sem setti hann, heitið Þorvaldur. Ýmsir, sem eg átti tal við, álitu sig að hafa séð þar rúst. Einn af þeim var Runólfur bóndi í Holti. Kunnugur maður sýndi mér hana. Eftir því sem hún litur nú út, er það að eins gamburmosapúst með laut eftir miðjunni. Þó þetta kunni að vera tóft, ér hún of lítil til að vera eftir sel og því heldur eftir bæ. Hún stendur á gilsbakka og er grashvammur


neðan undir. í honum sá eg á 2 stöðum örlitlar smátóftir, næstum sem eftir börn. Datt mér í hug, að hér kynnu að hafa verið hjásetukofar, því hér er sumarbeit góð. Bygð hefir hér naumast verið." Heimildin fannst eftir að vettvangsskráningu í landi Búlandssels lauk og því var rústin ekki staðsett á vettvangi

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson. 1909, 16-17

SF-181 Svartignúpur



Minjar á Svartanúpi. Landamerki eru gróflega áætluð (byggt á RALA) og þau má ekki skal nota sem heimild um merki jarða. Fornleifar eru sýndar með svörtum punktum og blágrænum línur.



*Minjar í heimatúni Svartanúps og nágrenni.
Fornleifar eru sýndar með svörtum punktum og blágrænum línun.*

Hjáleiga frá Búlandi 1847 (JJ, 11). Samkvæmt ævisögu Jóns prófests Steingrímssonar var Svartinúpur hjáleiga frá Búlandi á árunum á undan en lagðist í eyði 1783. Hinn 29. júní 1783 tók af haga og slægjur á Svartanúpi, samkvæmt Jóni. (Jón Steingrímsson 1728-1791). (Æfisaga Jóns prófests Steingrímssonar/Reykjavík: Sögufélag, 1913-1916, bls. 341). Einnig nefnt Svartinúpur.


Samkvæmt Nýrri Jarðabók fyrir Ísland var forn hundraðatala 6 en ný 5.5.

"Svartinúpur fór í eyði í Kötlugosinu 1918. Síðasti bóndi þar var Björn Björnsson... Hann fluttist þaðan vorið 1919. Svartinúpur var 5.5 ábúðarhunduð ... hún er notuð til sumarbeitar af hreppbúum." (Sunnlenskar Byggðir VI, 252).

Ekkert túnakort fylgir örnefnaskrá vegna þess að jörðin er löngu komin í eyði.

"...hún [jörðin] er notuð til sumarbeitar af hreppsbúum." (Sunnlenskar Byggðir VI, 252).

"...sauðkot, en vetrarríki..." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 204.



Minjar í heimatúni Svartanúps. Ekki er til túnakort frá því um 1920 fyrir Svartanúp eins og fyrir flestar jarðir hreppsins þannig að upplýsingarnar á kortinu byggja alfarið á fornleifaskráningu

SF-181:001 *Svartínúpur* bæjarhóll bústaður 63°49.008N 18°33.313V

"...bærinn stóð sunnan við Núpinn, sem hann er við kenndur, og skammt vestur frá Eldvatninu," segir í örnefnaskrá. Bæjartóft síðasta bæjarins á Svartanúpi stendur enn vel uppi í heimatúni bæjarins og um 275 m vestan við Eldvatn. Bærinn er í svolitlum halla í miðju túni. Bærinn er um 270 m VSV við Eldvatn og um 5,4 km norðvestan við Búland (179:001).


Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.



Heimatún Svartanúps, horft til norðurs

Bæjarrústin er er 27 x 23 m stór og snýr NNV-SSA. Sambyggt henni að suðvestan er kálgarður og samtals er því rústasvæðið 49 x 38 m stórt og snýr ANA-VSV. Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á þessum stað þó mögulegt sé að einhver uppsöfnun sé undir tóftinni. Traðir 004 liggja að bæjarsamstæðunni úr suðri. Bæjartóftin er geysistöndug en aðeins er farið að hrynja úr veggjum á stöku stað. Sjálf bæjartóftin skiptist í 7-8 hól og er hverju þeirra gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar og hefst lýsingin allra suðvestast í tóftinni, í hólfi A. Hólf A er beint ofan við norðausturhorn kálgarðs I sem er fyrir framan bæinn. Norðurveggur kálgarðsins og suðurveggur bæjarhúsanna mynda e.k. traðir. Tóft A er 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfið er opið til suðurs, til móts við kálgarðshornið. Veggir hólfsins eru heldur lægri en mörg hinna hólfanna, þó ná þeir mest 0,8 m hæð og þar sjást 4-5 umför af grjóthleðslu. Hólfið er þó talsvert gróið og austurveggur er alveg gróinn og fallinn saman við bæjarsamstæðuna. Húsið er í svolitlum halla til suðurs, eins og bæjartóftin í heild. Ekki er óhugsandi að hólfið gæti verið smiðja, en ekki er hægt að fullyrða um það. Aðal inngangurinn á bæjarsamstæðuna, bæjargöngin C, eru um 12 m austan við vesturhorn bæjarins. Bæjargöngin liggja 10-11 m inn tóftina og frá þeim liggja hólfi B, D og G. Göngin eru um 1,5 m breidd fremst (syðst) en mjökka eftir því sem innar dregur og eru þar innan við 1 m á breidd. Hleðslur eru víða ágætlega stæðilegar eða allt að 1,5 m háar. Fyrsta hólfið sem liggur frá bæjargöngunum er hólfi B. Það er 2 m innan við suðurhlið bæjartóftar. Frá bæjargöngunum eru hliðargöng yfir í hólfi B og eru þau 1,5-2 m löng en enda í

hólfi B. Það snýr þvert á tóftina eða ANA-VSV og er 2,5 x 2 m að innanmáli. Veggir hólfsins eru 1,4 m á hæð og talsverðar grjóthleðslur sjást í því (4-5 umför þar sem mest er). Talsvert mikið hrun er austast í tóftinni og einnig í hliðargöngunum sem tengja hólfið við bæjargöngin. Innar í bæjargöngunum eða 4 m frá opinu á þeim er svo annað hólfið D og er það austan við bæjargöngin. Yfir í það liggja 2-3 m löng hliðargöng. Hólfi D er langt og mjótt og snýr eins og tóftin NNV-SSA. Hólfið er 7-8 x 2-3 m að innanmáli en alveg er hrundið inn í það og í því sjást járnþynnur, timbur og þakhellur. Líklega hefur verið þil að sunnanverðu fyrir hólfinu en þó er þar hornsteinn að vestanverðu. Líklega hefur verið op á hólfið til suðurs, austarlega en það er orðið óskýrt. Norðurveggur hólfsins er best stæðilegur, 1,8 m hár og þar sjást 4-5 umför af hleðslu og gróið ofan. Austur- og vesturveggir eru alveg hrundið inn í tóftina. Bæjargöngin enda í hólfi G. Það snýr ANA-VSV og er um 4-5 x 2 m að innanmáli. Opið yfir í



bæjargöngin er á suðausturhorni þess. Norður- og suðurveggir hólsins eru að miklu leyti hrundir en austur og vesturveggir eru greinilegir og þar sjást 6-7 umför af grjóthleðslu. Hólfíð er talsvert niðurgrafið og gæti mögulega verið eldhús. Austast í tóftinni er hólf E. Það er mjög djúpt, frá botni tóftar og upp á veggtopp eru um 2 metrar. Hólfíð snýr eins og tóftin og er 10 x 2-3 m að innanmáli. Op er á það vestast á suðvesturhlið. Veggir eru úr torfi og grjóti. Austurveggur stendur vel í allt að 1,6 m hæð en vesturveggur er að talsverðu leyti hruninn. Suðurveggur er einnig sáemilega greinilegur og þar sjást 7-8 umför af hleðslu sem ná allt að 1,4 m hæð og er þar torfhleðsla ofan á. Að baki E er hólf F. Það er stórt hólf, eða um 9 x 5 m að innanmáli. Ekki er greinilegt op á F en ekki er þó ólíklegt að innangengt hafi verið í það úr hólf E sem er um 1,5 m lægra en F. Hólf F virðist tvískipt. Sá hluti sem er beint ofan við E er um 4 m langur og eru veggir þar lágir og grónir (0,3-0,4 m þar sem mest er). Vestar virðist gólfhlötur hólsins lækka og þar er svæði sem er 5 x 4 m að innanmáli. Þessi vestari hluti er allur greinilegir og þar sjást grjóthleðslur í veggjum að bæði norðan og sunnan. Stallur H er fyrir framan bæinn að hluta. Stallurinn er um 1 m á breidd og 1 m á hæð þar sem mest er. Stallurinn er eins og hálfgerð bæjarhlað og liggur meðfram bænum frá bæjargöngunum C og til austurs meðfram bænum á um 11 m löngum kafla og verður mjórri og hærri eftir því sem austar dregur. Fyrir framan bæ eru tvö gerði, J og I. Kálgarður J er vestar. Hann er 12 x 12 m stór og veggir hans eru mun reisulegri en kálgarðs I. Kálgarðsveggirnir eru algrónir. Op virðist hafa verið á kálgarðinn, annars vegar á miðjum suðurvegg og hins vegar í norðvesturhorni. Gerði I má í raun skipta í tvennt. Sá hluti sem er beint neðan við bæjarrústina er óljós og í raun er hann markaður af bæjarhlaðinu H að norðan og kálgarðsvegg J að vestan. Veggir er hins vegar fyrir suður- og austurhliðum kálgarðsins. Þetta gerði er samtals 38 x 13 m stór og vesturhluti hans kann að hafa verið e.. húsagarður. Austasti hluti hans virðist hins vegar klárlega hafa verið kálgarður. Allra austast er 7 x 13 m stórt svæði þar sem veggheðslur eru mun skýrari en annars staðar. Á þessum kafla er kálgarðurinn skýr. Hann er niðurgrafinn og eru hliðar hans um 1 m á dýpt en 0,6 m mælt utanfrá. Op er á kálgarðinn við suðausturhorn bæjarins, þ.e. þar hefur verið gengt úr kálgarði og upp með bæjartóftinni. Þetta skarð er um 3 m breitt. Svo virðist sem gerði I, húsagarðurinn hafi ekki verið mjög gamall. Í það minnsta hafa traðir áður legið beint að bænum úr suðri en húsagarðurinn verið byggður þvert yfir þær og þær því greinilega fallnar úr notkun þegar húsagarðurinn er byggður. Yngri traðir lágu að



Rúst síðasta bæjarins á Svartanúvi SF-181:001. Horft til suðurs

bænum úr vestri og komu að bæ milli kálgarðs J og bæjartóftar. Um 4 m norðvestan við bæjartóftina er hæð sem líkist öskuhaugi. Hæðin er 0,2-0,3 m á hæð og er nokkuð óregluleg.

Hún er grasi gróin, er um 5 x 4m stór og snýr NNV-SSA. Teknir voru nokkrir skurðir í og við Svartanúp 2012 og bentu þeir allir til að bærinn hefði verið í byggð frá því á 18. öld.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svartignúpur, 1, Skaftártunga: archaeological investigation in 2013, FS535-13012, 13

SF-181:002 tóft óþekkt

63°48.183N 18°33.357V

Sporöskjulaga tóft er um 190 m suðvestur af réttinni Gípu 003 og um 1,53 km sunnan við Svartanúp 001. Tóftin er á suðurbakka mýrarlækjar sem hefur grafið sig niður. Bakkinn er flatlendur og harðlendur á þessum stað en sunnan við hann er allblaut mýri, Réttarmýri.

Tóftin er um 22x18 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er einföld og er um 17x8 m að innanmáli. Ekki sést skýrt op á tóftinni. Hleðslur hennar eru útflattar og eru hæstar um 0,2 m. Veggirnir eru 2-6 m á breidd og skera sig úr umhverfinu þrátt fyrir að vera útflattir



Tóft SF-181:002, á ljósmynd er horft til ANA

vegna lyng- og mosagróðurs sem er meiri á tóftinni en í nágrenni hennar. Hlutverk tóftarinnar ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-181:003 Réttarmýri tóft rétt

63°48.236N 18°33.159V

Í bókinni Svipast um á Söguslóðum segir: "Í henni [Réttarmýri] er mikil fjárrétt með almenningi og dilkum og ber lítið á, má heita að hún sé sokkin ofan í mýrina. Þór Magnússon mældi réttina, hún er um 43 m á lengd og um 29 m á breidd, ferhyrningur." Í örnefnaskrá segir: "Vestan við það er Réttarmýri. Nyrzt í henni eru leifar eftir geysistöra rétt, en engar sagnir eru til um hana né hvenær hún var notuð, sumir vilja nefna hana Gípu." Réttartóftin er um 1,4 km sunnan við Svartanúpsbæ 001 og um 415 m norðaustan við veginn á Fjallabaksleið nyrðri.

Réttin er í mýrlendi sem myndast hefur eftir Skaftárelda 1783, norðaustan undir stórum en ekki háum hól með tveimur hundapúfum á hæstu punktum.

Í grein eftir Jón Jónsson jarðfræðing sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1985 segir um réttina: "Hún er norðan undir dálitlum hól og sem næst gegnt rústum bæjarins að Svartagnúpi [...] hún hefur verið a.m.k. 48 m löng og 12-13 m breið. Í henni má vel greina 5 hólf." Jón Jónsson tók snið í réttarvegginn og taldi að grátt gjóskulag sem þar var

yfir vegg væri frá a. 1245 þar yfir og að rétt þessi væri því frá sama tíma og býlið undir Réttarfelli/Hróðnýjarstaðir 180:014. Endurskoðun á lýsingu Jóns Jónssonar á gjóskulögum bendir til að gráa lagið sé Hekla 1206 samkvæmt Richard Streeter. Réttin er um 50x38 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er mjög sigrin og sundurskorin vegna vatnsaga. Hún er skýrust í suðvesturenda en þar er mesta hleðsluhæð 0,3 m. Tóftin er að mestu gróin og ekki sést í grjóti í veggjum. Hún skiptist í níu hólfi. Í vesturhorni tóftarinnar er hólf I sem er um 5x11 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðausturs. Hólf II er norðaustan við hólf I. Það er um 12x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Afar ógreinilegur veggur er á milli hólfa II og III og virðist vera op á þeim vegg á milli hólfa. Hólf III er mjög óljóst, er um 12x1-3 m að innanmáli, snýr eins og hólf II. Ekki sést op í norðausturenda þess. Í suðurhorni tóftar er greinilegt hólf IV. Það er um 7x2 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Op er á því í NNV-enda. Hólf V-VIII eru fast norðaustan við hólf IV og eru öll áþekkt að stærð. Þau eru 8-10x6 m að innanmáli og snúa eins og tóft, norðaustur-



Rétt SF-181:003. Á ljósmynd er horft til norðausturs yfir réttarstaðið sem er að sökkva í mýrina

suðvestur. Ekki sjást skýr op á þessum hólfum. Vatnsrás liggur meðfram þessum hólfum að suðaustanverðu og norðaustanverðu. Einni er vatnsrás þvert í gegnum hólf VI. Hólf IX er almenningur og er það í miðri tóft, á milli hólfa I-II annars vegar og hólfa IV-VIII hins vegar. Það er um 35x12 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Það er mjög sundurgrafið vegna vatnsaga. Ekki sést veggur á norðausturhlið þess.

Heimildir: Árb 1985, 135; Svipast um á Söguslóðum, 109, Ö-Svartignúpur, 1

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

SF-181:004 gata leið

63°48.983N 18°33.301V

Traðir eru greinilegar í túninu á Svartanúpi að sunnanverðu. Þær liggja frá túngarði og til norðurs í um 55 m að bæ 001. Greinilegt er að traðirnar voru komnar úr notkun þegar húsagarðurinn var byggður fyrir framan bæinn því hann er byggður þvert á þær og ekkert op er á honum þar sem traðirnar voru. Yngri traðir 030 hafa legið að bæ 001 úr VSV. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.



Traðir SF-181:004, horft til suðurs

Traðirnar eru skýrari eftir því sem suðvestar dregur en hætta svo skyndilega við túngarð og svo virðist að túngarðurinn hafi mögulega verið byggður eftir að traðirnar falla úr notkun, a.m.k. sést ekki hlið eða op á honum þar sem traðirnar enda. Traðirnar eru sem fyrr segir um 55 m langar. Þær eru 1,5-1,8 m breiðar og þar sem best lætur eru þær um 0,4 m djúpar.

Hættumat: engin hætta

SF-181:005 *Mókrókur* örnefni mógrafir

63°48.898N 18°32.959V

"Austan við Heimamýri heitir Mókrókur ...," segir í örnefnaskrá og í athugasemdum og viðbótum við skrána stendur enn fremur: "Móhvammur (sennilega sama og Mókrókur) er smáhvammur við Vatnið, dálítið sunnar en Hrossaflötur. Þar var ekki mór, en stórir lurkar djúpt í jörðu sáust standa út úr rofi." Mókrókur er niðurfallið svæði við Vatnið og um 310 m suðaustan við bæ 001. Jarðfall nálægt bakka Vatnsins. Niðurfallið er 1,5-2 m dýpra en umhverfið og er gróið í botninn. Útlitslega séð minnir jarðfallið á mógrafir en þó er e.t.v. líklegra að það sé aðeins náttúrulegt landbrot.



Mókrókur SF-181:005, horft til norðurs

Jarðfallið er L-laga og er 22 x 12 m stórt og snýr NNA-SSV.

Heimildir: Ö-Svartignúpur, 2

SF-181:006 *Bunufłotur* renna vatnsból

63°49.046N 18°33.443V

"Bunufłotur er smádæld eftir vatnsrennsli norður af bæ. Þar var lind. [...] Þarna var vatnsbólíð í Núpnum, nokkurn spöl frá bæ," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Bunufłotur er um 80 m norðvestan við bæ og er þar allmikil gróin rás. Bunufłotur er ofarlega í túninu, í brekku mót suðaustri.



Bunufłotur SF-181:006, horft til ASA yfir tún Svartanúps

Í túninu hefur vatnsrennsli úr vatnsbólí grafið niður rás sem er gróin. Hún er um 45 m á lengd og liggur norðvesturs-suðaustur. Rásin er um 2 m á breidd og 1-1,5 m á dýpt. Ekkert vatnsrennsli er lengur á þessum stað. Upp frá rásinni liggja götur 030 og má vera að umferð um þær hafi einnig stuðlað að því að rásin myndaðist.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svartignúpur ath og viðb, 5

SF-181:007 náma mógrafir

63°48.801N 18°33.193V

"Mór var lítillaga tekinn við Heimagil," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Mógrafir eru um 390 m sunnan við bæ 001. Ummerki um mógrafir sjást í mosagrónu mólendi, í litlum gilskorningi inn af Heimagili til norðurs.



Mógrafir SF-181:007, horft til norðurs

Mógrafir sjást á svæði sem er um 45x32 m að stærð og snýr norður-suður. Það hallar undan þeim til suðurs og vatn rennur úr þeim í Heimagil. Nyrst og efst á svæðinu eru mógrafirnar að mestu þurrar en deiglent er á því miðju. Sunnarlega á svæðinu er stallur sem er lægri en nyrsti hluti svæðisins. Þar eru vatnspollar á tveimur stöðum en annars deiglent þar og gróið. Pollar eru einnig í dýpstu gröfunum í skorningi syðst á svæðinu. Mógrafirnar eru 0,5-1 m á dýpt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svartignúpur ath og viðb, 5

SF-181:008 heimild um ferju


63°48.892N 18°32.945V

"Holt liggja sunnan við Veituna, að vatninu, þurr vatnsbakki og mosaholt. Þaðan voru fráfarulömb ferjuð yfir Vatnið, yfir í Hrauntanga," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Samkvæmt Sigurði O. Péturssyni, heimildamanni, voru lömb ferjuð yfir á vorin og þau höfð í tanganum yfir sumarmánuðina. Holtin eru mosa- og lyngivaxin holt ofan við Heimamýri. Þau ná út í Skaftá, fast sunnan við Mókrók og til móts við þau er lágt klettaneft í Hrauntanganum. Nú er hins vegar þverhniptur bakki á þessum stað og engin ummerki um að þarna hafi verið ferjað er nú hægt að sjá.

Hættumat: engin hættu**Heimildir:** Ö-Svartignúpur ath og viðb, 5**SF-181:009** tóft rétt

Réttartóft er um 2,3 km sunnan við meinta tóft 011 og um 1,1 km sunnan við vörðu 010. Hún er um 50 m VSV við Fjallabaksleið nyrðri, þar sem hún liggur nú (2012). Samkvæmt áætlun mun helmingur réttarinnar lenda undir lónstæði Búlandsvirkjunar ef af verður. Réttin er í mosavöxnum vesturhliðum Núpsheiðar, litlu norðan við Réttarfell.

Tóftin er tvískipt, um 50x45 m að stærð. Hún snýr suðaustur-norðvestur og mjókkar lítillaga til norðvesturs. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en á norðvesturhlið hennar er aðeins einföld grjótröð, engin hleðsla. Hleðslugrjótið er úr móbergi og meðfram tóftinni utanverðri má sjá hvar torfið í hleðsluna hefur verið rist. Mesta hleðsluhæð er víðast um 0,8 m en hæstar eru hleðslurnar 1,2 m í vesturhorni réttarinnar og mest sjást 4 umför hleðslu. Aðalhólfíð er um 48x43 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því á miðjum suðvesturvegg. Í vesturhorni



Rétt SF-181:009. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en á mynd til hægri er horft suðausturs

tóftarinnar er lítið hólf sem er um 3x4 m að innanmáli og eru dyr á því til suðausturs. Norðurhorn réttarinnar er hlaðið upp í aflíðandi brekku.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


SF-181:010 varða samgöngubót



Varða SF-181:010, horft til VSV

sjást um 900 m NNA við vörðuna en hún virðist ekki hafa verið við þá leið, heldur nokkrum vestan við hana.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Tóft SF-018:011 sést á miðri mynd. Horft til vesturs

SF-181:011 tóft óþekkt

63°49.990N 18°35.573V

Meint tóft er í vesturhlíðum Núpsheiða innan fyrirhugaðs efnistökusvæði vegna Búlandsvirkjunar. Tóftin er í mosagróinni hlíð, allbrattri til vesturs, og eru grónir gilskorningar sunnan við hana.

Tóftin er sporöskjulaga og einföld, um 13x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er líklega torfhlaðin. Ekki sést greinilegt op á henni en veggir eru lægstir í suðausturhorni þar sem kann að hafa verið op. Veggir tóftarinnar eru útflattir, um 0,2 m á hæð og 2-4 m á breidd. Veggir tóftar eru mosavaxnir en innan hennar vex lynggróður. Tóftin er í halla mót vestri. Hlutverk hennar er ekki þekkt og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða þótt hún virðist helst til of regluleg til þess.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-181:012 gata leið

63°52.009N 18°34.185V

Götur liggja til suðurs frá núverandi Fjallabaksleið nyrðri, um 75 m suðvestan við vörðu 015. Leiðin er innan áætlaðs efnistökusvæðis vegna Búlandsvirkjunar. Göturnar liggja um lyngmóa, mosabreiður og mela norðan við Kálfasléttur.



Götur SF-181:012. Á mynd til vinstri er horft til NNW og á mynd til hægri SSV

Þar sem leiðin var skoðuð voru mest 9 götur saman á um 6 m breiðu svæði. Leiðinni var fylgt á um 1 km löngum kafla og liggur hún nálega norður-suður. Göturnar eru grónar og fremur grunnar, 0,1-0,4 m á dýpt og breidd að innanmáli. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en þær virðast hverfa í norðri undir núverandi malarveg á Fjallabaksleið nyrðri og er líklegt að hún hafi legið frá/á þá leið. Í suðri hefur leiðin líklega tengst eldri Fjallabaksleið nyrðri 641:004 á eða nálægt Kálfasléttum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SF-181:013 varða samgöngubót

63°51.840N 18°34.823V

Vörðubrot er um 90 m suðvestan við þúst 014 og um 200 m norðaustan við vörðu 641:004D. Varðan er innan við 10 m suðaustan við ætlaðan jaðar haugsvæðis við aðgöng á veitugöngum og telst í hættu af þeim sökum. Varðan er á brekkubrún sem hallar til norðvesturs. Þetta er uppblásið og gróðurlítið svæði.



Varða 181:013. Á mynd til vinstri er horft til SSA og mynd til SSV á mynd til hægri

Varðan er úr móbergi, um 1,5x1 m að grunnfleti, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er

um 0,3 m á hæð og sjást 3 umför. Varðan er að öllum líkindum samgöngubót og tengist líklega Fjallabaksleið nyrðri eða leið sem liggur að/frá henni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-181:014 þúst óþekkt

63°51.872N 18°34.739V

Tvær mosavaxnar grjóthrúgur eru um 60 m norðvestan við núverandi Fjallabaksleið nyrðri og um 90 m norðaustan við vörðubrot 013. Grjóthrúgurnar eru á brekkubrún sem hallar til norðvesturs og halla hrúgurnar einnig í þá átt. Þetta er uppblásið og gróðurlítið svæði.

Saman eru grjóthrúgurnar á svæði sem er um 5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær eru þétt saman og er hvor um sig um 2 m í þvermál. Mesta hæð er um 0,4 m. Gjótið í



Þústir SF-181:014. Horft til suðvesturs

hrúgunum er fremur smátt og mosavaxið. Þetta eru greinilega manngerðar þústir en hlutverk þeirra er óljóst. Mögulega eru þetta leifar af vörðum sem hafa verið þarna tvær saman en þá eru þær ólíkar öðrum vörðum sem skráðar voru í nágrenninu sem tilheyra flestar Fjallabaksleið nyrðri 641:004 og eru hlaðnar úr allstóru grjóti. Aldur minjanna er óræður en mosavöxtur gefur til kynna að þær séu ekki mjög ungar og teljast líklega með réttu til fornminja.

Hættumat: engin hætta, vegna framkvæmda

SF-181:015 varða samgöngubót

63°52.142N 18°34.044V

Vörðubrot er um 75 m norðaustan við leið 012, um 760 m norðaustan við þúst 014 og um 50 m suðaustan við núverandi Fjallabaksleið nyrðri og telst því innan áhrifasvæðis ráðgerðrar Búlandsvirkjunar vegna uppbyggingar vegarins á þessu svæði. Varðan er á mosavaxinni hæð í heiðarlandi vestur af Skaftá.



Varða 181:015. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en á mynd til hægri til suðvesturs

Varðan er í grunnin hlaðin úr móbergi en einnig er í henni blágrýti sem virðist geta verið seinni tíma viðbót. Líklegt er að varðan sé hluti af leið 012. Hún er um 1 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Í vörðunni sjást 4 umför hleðslu. Steinar úr blágrýti liggja á dreif í kringum vörðuna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-181:016 tóftir óþekkt

63°53.275N 18°35.391V

Rústapyrping er á austurbakka Syðri Ófæru, tæplega 2,3 km SSA við Hólaskjól (Hálendismidstöð). Tóftirnar eru um 60 m vestan við núverandi Fjallabaksleið, þar sem er lítill, grasi gróinn árbakki milli árinna og hraunjaðars. Á þessum slóðum eru þekkt örnefni Fremri- og Innri Tólfahringar vestan við Syðri Ófæru og eru tóftirnar nálega til móts við þar sem Innri-Tólfahringar eru merktir inn á Herforingjaráðskort vestan ár.



Hluti af tóftum 181:016. Á mynd til vinstri sést tóft A en á mynd til hægri tóft/gerði B. Á báðum myndum er horft til suðurs

Tóftirnar eru flestar við og í hraunjaðri en hraunið er gróið mosa. Alveg við ána er flatur og grasi gróinn árbakki og liggur hann á nokkrum stöðum í einhvers konar vik eða dældir inn í hraunið. Grasbakkinn er víða aðeins 10-15 m en allra suðaustast á svæðinu er hann um 35 m breiður þar sem vik gengur inn í hraunið. Fyrir framan árbakkann taka við sendnar eyrar í ánni. Á þessum stað eru nokkrar, misgreinilegar þústir og tóftir. Þær eru meðfram árbakkanum og ná að hraunjaðri, á svæði sem er um 100 x 10-15 m stórt. Hraunið sem þarna er rann í lok 18. aldar í Skaftáreldum og ekki er ólíklegt að tóftirnar séu eldri.



Greinilegasta tóftin, A, er um miðbik svæðisins. Hún er við hraunkambinn en norður, suður og vesturbrúnir hennar eru afgerandi. Hún er um 12 x 7 m stór og snýr NNV-SSA. Hólfaskipting tóftarinnar er svolítið óljós en það virðist þó mega skipta henni í tvennt, annars vegar í þrjú hólf í röð vestarlega í henni og svo fjórða hólfíð að baki. Hólf I er skýrast og er það í suðvesturhorni tóftar. Það er um 2,5 x 1,5-2 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Ekki er greinilegt op á því. Norðan við hólf I er hólf II. Það er um 1,5 í þvermál og virðist op hafa verið á vesturvegg þess, útvegg tóftar. Verið getur að annað op hafi verið frá hólfinu og til austurs, yfir í hólf III. Hólf III er afar óljóst og er markað af klettaveggjum að austan og sunnan en ógreinilegur hryggur markar það að vestan, þ.e. skilur á milli hólfis I og hólfis III. Hólfíð er um 4 x 1,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Ekki eru önnur op á það en það sem hefur mögulega legið yfir í hólf II. Hólf IV er nyrst í tóftinni og 2-2,5 m norðan við hólf II. Það er um 1,5 x 1-1,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Klettaveggur markar af austurhlið hólfisins og er það sami klettaveggur og sveigir svo til suðausturs og myndar austurhlið hólfis III. Op kann að hafa verið á vesturvegg þess en það er þó óljóst. Engar grjóthleðslur sjást í tóft A. Hún er gróin og nokkuð sigin og hólfín vart meira en dokkir í upphleðsluna nú. Veggir eru

víða signir og hæð veggja í innanverðum hólfum hvergi hærri en 0,3 m. Ytri veggjarbrún að vestan er hins vegar talsvert hærri eða allt að 1,5 m. 6-7 m NNV við tóft A er óljós tóft eða

gerði, B. Gerði B er í hraunjaðri og hann myndar alveg austurhluta hennar. Tóftin er e.k. stallur sem stingur sér undan hraunkambinn og er á köflum mjög óskýr sérstaklega norðurhluti þar sem erfitt er að fylgja lögun hennar. Hún snýr NNV-SSA. Áætla má að hún nái yfir svæði sem er 26 m langt og er mest um 10 m breitt í norðurenda en aðeins um 5 m í suðurenda. Allra syðst á svæðinu er hólf (I) sem snýr h.u.b. austur-vestur og er 2-2,5 x 1,5 m að innanmáli og gæti hafa verið opið til vesturs. Í framhaldi af þessu hólf til norðurs er þúst en um 3-4 m norðan við norðurbrún hólf I má greina annað hólf eða gerði (II). Það er aflangt norður-suður og er á að giska 9-13 x 1,5 m að innanmáli en fjarar út til norðurs þannig að erfitt er að meta lengd þess. Op hefur verið á vesturvegg þessa hólf, rétt sunnan við miðju. Engar grjóthleðslur sjást á þessu svæði og er tóftin algróin grasi. Vegir eru útflattir, víða um 2 m á breidd en mest 0,7 m á hæð, víðast hvar þó talsvert lægri. Frá suðausturhorni A eru 5-6 m til suðausturs er dæld í hraunið sem virðist náttúruleg. Hún er ríflega 12 X 1-1,5 m að innanmáli. Klettur skaga inn í hana á nokkrum stöðum og hún skiptist í fjórar dokkir. Dældin er grasi gróin og klettur eru að sunnan og gróin kletthæð að norðan. Dældin snýr NNA-SSV og virðist að mestu náttúruleg en gæti hafa verið nýtt í tengslum við önnur mannvirki á svæðinu. Rúmlega 6 m sunnan við hana taka svo við frekari mannvirki, á því svæði þar sem undirlendi við ána eykst svolítið og er þar breiður, u-laga hvammur. Á þessu svæði eru nokkrar tóftir/dældir í norðurjaðri hvammsins, þar sem hraunkamburinn sveigir. Nyrst er tóft/hólf C. Það er byggt inn í hraunjaðarinn um 16 m sunnan við tóft A. Tóftin er talsvert niðurgrafin en utanmál hennar er gróflega áætlað 6 x 5 m. Innanmál er hins vegar 2,5 x 1,5 m og snýr tóftin h.u.b. austur-vestur. Op hefur verið á vesturvegg hennar syðst. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Um 1,5 m suðvestan við eða ofan við tóft C er dálítill dæld, D, í hraunjaðrinum. Dældin er sporöskjulaga og 1 x 0,5 m stór og snýr norður-suður. Ekki er um augljóst hólf að ræða en ekki er ólíklegt að mannaverk séu á dældinni. 2-3 m SSA við dæld D er lítið hólf E. Hólfið er í hraunjaðarinn og er 2 x 1,5 m að innanmáli. Hólf E er að mestu grafið inn í brekkuna en þó mótur fyrir veggjum að vestan og austan, mest 0,8 m að hæð. Þessar meintu veggheðslur gætu þó mögulega aðeins verið uppkastið innan úr tóftinni. Op virðist vera á tóftinni vestast á suðurvegg en hún opnast þar út í talsverðan hvamm í hraunbreiðuna sem nær frá árbakkanum. Fast sunnan við tóftina er mjög óljós þúst á flatanum F. Hún er 7 x 7 m stór og 0,1-0,2 m há. Mannvistarleifar gætu hæglega leynst undir sverði á þessum stað þó ekki sé fullvíst að mannaverk séu á þústinni. Í henni má aðallega greina vestur- og austurhlíð sem mynda V-laga vegg. Ekki eru fleiri þústir í hvamminum en um 15 m sunnan við þúst F, þar sem hraunveggurinn markar af hvamminn til suðurs er hár hól. Hóllinn er fagurgrænn, um 4 m að hæð og sér sig úr hrauninu. Ekki er ólíklegt að þar gætu leynst mannvistarleifar. Ofan á hólnum er flati, um 1,5-2 m í þvermál. Tóftir þessar eru áður óþekktar. Vel er mögulegt að þær séu eldri en hraunið og að fleiri tóftir hafi leynst þar sem hraunið er nú. Erfitt er því að geta sér til um hlutverk þeirra. Út frá því sem sjá má af tóftum nú (2012) væri þó helst að giska á að þarna gæti hafa verið sel. Tóft B er innan miðlunarlóns og á stíflustæði og tóftir A og C eru einnig innan stíflustæðis. Fornleifar D, E, F og G eru fast utan við ráðgert stíflustæði. Borað var á svæðinu 2012 en borkjarnasýni gáfu ekki afgerandi niðurstöðu, mögulegt er þó að staðurinn hafi aðeins byggst eftir 1477.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Skaftártunga: Arcaheological investigation in 2013, 13

SF-181:017 þúst óþekkt

63°50.622N 18°36.890V

Þúst er um 935 m norðan við vörðu á leið 641:005. Þústin sker sig úr umhverfi sínu og virðist vera manngerð. Þústin er í sléttlendri mosa- og grasigróinni heiði vestan Þorvaldsár, norðaustan við lítið lækjargil.



Þúst SF-181:017, horft til vesturs

Þústin er um 7x5 m að stærð og um 1 m á hæð. Óljóst mótast fyrir einu hólfi í þústinni sem er 3,5x2 m að stærð og er tígullaga, snýr norður-suður eins og þústin. Ekki sjást ummerki um op eða dyr á þústinni. Hún er vaxin mosa og lyngi og virðist vera úr torfi en grjót kann einnig að leynast undir sverði. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hér er um að ræða en mögulega eru þetta leifar af smalaskála.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SF-181:018 garðlag túngarður


63°48.996N 18°33.103V

Túngarður umlykur túnið á Svartanúpi að stóru leyti. Hann sést að suðaustan, sunnan og suðvestan en ekki í brekku að norðan og stór hluti hans er horfinn í gil á norðausturhlið túnsins.



Tvær myndir af túngarði SF-181:018. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs. Á mynd til hægri er horft yfir sambyggt gerði D, til SSV

Túngarðurinn liggur um sléttlent og nokkuð jafnlent svæði milli tveggja gilja. Túnið



Sambyggðar tóftir við túngarð SF-181:018

sem garðurinn afmarkar er í aflíðandi halla mót suðaustri. Samtals afmarkar túngarðurinn svæði sem er um 300x125 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garðurinn liggur í boga frá norðvestri til norðausturs. Þrjár tóftir eru sambyggðar garðinum og fá allar minjarnar bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Túngarðurinn A virðist að mestu torfhlaðinn. Garðurinn er greinilegastur á suðvesturhlið þar sem hann er 1,5-2 m á breidd og mjókkar upp. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m. Greinilega sést meðfram utanverðum túngarðinum hvar pælan í garðinn var stungin á 5 m breiðu svæði. Suðausturhlið garðsins er ógreinilegri og útflattari og er hann þar um 3 m á breidd og mesta hæð 0,5-0,7 m. Garðurinn endar við stórt gil og hefur að líkindum legið upp með því til norðvesturs en sú hlið hans hefur hrunið ofan í gilið. Rof er komið í garðinn á nokkrum stöðum. Um 120 m vestan við bæ 001 er ógreinileg tóft B áföst innanverðum túngarðinum þar sem hann endar við Heimagil. Þar myndast laut á milli túngarðs og hæðar í túni og þar er ógreinilegt hólf sem virðist hafa verið grafið inn í hallann en kann einnig að hafa verið hlaðið upp. Hólfið er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðausturs. Norðausturveggur þess er aðeins um 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Mögulega hefur hólfið myndast við rof. Lítil tóft C er áföst utanverðum túngarði fast norðvestan við traðir 030. Hún er um 80 m suðvestan við bæ 001 og um 80 m suðaustan við hólf/tóft B. Tóftin er um 7x4,5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Innanmál tóftarinnar er óljóst en hún virðist hafa verið einföld og 3x2 m að innanmáli. Líklega var op í suðausturenda en það sést ekki skýrt lengur. Tóftin er að öllum líkindum torfhlaðin og mesta hæð er um 0,6m. Tóft D er innanverðan túngarð, um m suðaustan við tóft C og um 70 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er um 15x13 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslur í tóftinni eru eins og í túngarði og er afar líklegt að hér hafi verið heimarétt. Ógreinilegt op er á túngarði inn í tóftina úr suðvestri sem kann að vera rof og ógreinilegt op er á milli túngarðs og tóftar í suðausturenda tóftar. Mesta hleðsluhæð


tóftarinnar er um 1,1 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-181:019 tóft útihús

63°49.012N 18°33.372V

Einföld tóft er um 32 m norðvestan við bæ 001, ofarlega í túni. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.



Tóft SF-181:019. Á ljósmynd er horft til ASA


Tóftin er 7-7,5 x 5 m stór og snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurvegg tóftar. Tóftin er úr torfi og grjóti og sjást talsverðar grjóthleðslur í innanverðum veggjunum, mest í 1,5 m hæð. Þær eru 5-7 umför. Ógreinilegar jötur sjást meðfram langveggjum.

Hættumat: engin hætta

SF-181:020 tóft útihús

63°49.015N 18°33.276V

Einföld tóft sem snýr eins og bærinn 001 er tæpum 20 m ANA við bæjartóft en um 10 m ANA við kálgarð/tóft sem er áföst bænum. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.



Tóft SF-181:020. Á ljósmynd er horft til SSA


Tóftin er einföld og 4 x 4 m að stærð. Hún er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Op er austast á suðurvegg. Skýrar grjóthleðslur sjást í tóftinni, mest 5-6 umför en veggir eru talsvert farnir að hrynja og eru mest 1,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SF-181:021 tóft útihús

63°48.988N 18°33.288V

Aflöng tóft er um 30 m neðan (ASA) við bæ en um 18 m neðan við húsagarð bæjartóftar 001. Tóftin er um 7 m austan við traðir 004. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.



Tóft SF-181:021. Á ljósmynd er horft til norðurs


Tóftin er einföld og snýr austur-vestur. Op er á miðjum suðurvegg hennar. Þakið hefur hrunið ofan í tóftina og í henni er bárujárn, timbur, þakhellur og torf. Sökum þess er ekki auðvelt að greina innanmál hennar en hún hefur þó gróflega áætlað verið um 4 x 1,5 m að innanmáli. Grjóthleðslur sjást á stöku stað í veggjum, mest 6-7 umför.

Hættumat: engin hætta

SF-181:022 tóft útihús

63°48.965N 18°33.272V

Tóft er um 75 m SSA við bæ 001 í krika milli traða 004 og túngarðs 018. Tóftin er um 13 m austan við traðir 004 en um 10 m norðan við túngarð. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.



Tóft SF-181:022. Á ljósmynd er horft til ASA

Á þessum stað er greinileg tóft sem er löng og mjó eða 13 x 4,5 m. Hún er einföld og snýr NNV-SSA. Innanmál tóftar er 12 x 1,5 m en veggir eru talsvert hrundir inn. Vegghæð er


0,7 m en engar grjóthleðslur sjást í þeim. Tóftin er opin til suðurs. Beggja vegna við tóftina eru mjög óljós ummerki og er mögulegt að þau séu heygarðar eða að þar sjáist glitta í eldra byggingarstig. Gerðið að austan er 11 x 9 m stórt og er nálega ferhyrnt. Veggir þess eru 0,1-0,3 m á hæð. Vestan við tóftina er hryggur sem liggur í um 5 m til vesturs og beygir þá e.t.v. til suðurs en þau ummerki eru óljós. Samtals má sjá mannvistarleifar á svæði sem er 20 x 15 m stórt og snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

SF-181:023 tóft útihús

63°48.974N 18°33.344V

Aflöng tóft er neðst (syðst) í túni Svartanúps, um 45 m sunnan við bæ 001. Tóftin er 10 m norðan við túngarð 018, á milli gerðis A á túngarði og heimreiðar 004. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri. Tóftin er á hæð í túninu



Tóft SF-181:023. Á ljósmynd er horft til austurs

og stendur á jafnsléttu.

Tóftin er aflöng og mjög löng og mjó. Hún er um 22 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er örllítið breiðari um miðbikið (eða 6,5 m) en til endanna. Tóftin er einföld og op er á austast á norðurvegg. Veggir eru 1,2-1,4 m á breidd en 0,7 m háir og engar grjóthleðslur sjást í þeim. Innanmál tóftar er 16 x 4 m. Við suðausturhorn tóftarinnar er um 8 m löng hæð sem liggur í boga og er 0,1-0,2 m há. Ummerkin eru afar óljós en gætu verið heygarður eða merki um eldra byggingarstig.

Hættumat: engin hætta



Tóft SF-181:024. Á ljósmynd er horft til austurs

Tóft er efst í túni á Svartanúpi, um 80 m beint ofan (NNV) við bæ 001. Tóftin er efst í brekku á suðausturjaðri virks rofs.


Tóftin er torf og grjóthlaðin. Hún er einföld, um 6x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda sem snýr að bæ undan halla. Norðvesturhluti tóftarinnar er niðurgrafinn en suðausturhluti hennar er eingöngu upphlaðinn og ekkert niðurgrafinn. Í þeim hluta er tóftin um 5 m á breidd. Hleðslur eru teknar að hrynja inn í tóftina. Mest sjást 5 umför í hleðslum og mesta hleðsluhæð er um 1,3 m utanmáls í suðausturenda.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SF-181:025 tóft útihús

63°49.033N 18°33.239V

Tóft er um 60 m ofan og austan við (norðaustan) við bæ á Svartanúpi 001. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.




Tóft SF-181:025. Á ljósmynd er horft til suðurs

Tóftin er einföld og 7,5 x 5 m stór. Hún snýr nálega norður-suður og op er á henni austast á suðurvegg. Veggir eru úr torfi og grjóti, eru mest 1,3-1,4 m á hæð og 1,3-1,4 m á hæð. Talsvert er hrúnið af grjóti inn í tóftina úr veggjum. Innanmál tóftar er 3-4 x 2-3 m.

Hættumat: engin hætta

SF-181:026 tóft+garðlag útihús

63°49.048N 18°33.212V



Gerði og tóft SF-181:026, horft til norðurs

Tóft í ferhyrndu gerði er 80-90 m norðaustan við bæ 001. Minjarnar eru í norðausturhorni túnsins í brekku sem hallar til suðausturs. Bratt gil er fast norðaustan við minjarnar. Tóftin innan gerðisins er á hæð í túninu.

Gerðið er um 45x40 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Það er breiðast í norðvesturenda en mjókkar til suðausturs þar sem það er um 25 m á breidd. Torfhlaðnir veggir afmarka allar hliðar þess en þeir eru að mestu útflattir og rof er

víða komið í þá. Skýrast er það á norðvesturhlið þar sem það er um 1,5 m á breidd og 1 m á hæð. Efnistaka í gerðið meðfram því að norðvestan og vestan hefur líklega orðið til þess að vatnsrás hefur myndast meðfram gerðinu og rofið það á kafla. Tóftin er byggð upp við innanverða norðvesturhlið gerðisins. Hún er um 10x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld, torf- og grjóthlaðin. Op er á henni í vesturhorni en þar hefur komist rof í hana og tengingin við gerðið hefur

rofnað. Eins er rof á milli tóftar og gerðis við norðurhorn tóftarinnar. Tóftin er um 1,2 m á hæð þar sem hún er hæst og eru hleðslur farnar að hrynja út og inn í hana. Mest sjást 5-6 umför hleðslu í tóftinni.


Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-181:027 þúst óþekkt

63°49.067N 18°33.297V

Óljós þúst er um 100 m ofan (norðan við) bæ 001, efst í túni. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.

Þústin er óljóst og gróin snöggu grasi, mosa og lyngi. Hún er 5,5 x 5 m að stærð og virðist hafa verið einföld. Þústin snýr norður-suður og er op á henni á kafla suðvestast. Veggir eru óljósir en um 0,2-0,3 m á hæð.




Tóft SF-181:027. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

SF-181:028 tóft óþekkt

63°49.125N 18°33.101V

Um 280 m norðaustan við bæ er tóftarbrot sem er að mestu leyti hrunið fram af brún rofabarðs. Tóftin er á norðurbrún gróðurtorfu skammt sunnan við Svartanúp sem bærinn dregur nafn sitt af. Mosagróinn hóll er um 20 m sunnan við hana. Bratt er niður af rofbrún til norðurs þar sem grjót úr tóftinni sést á dreif.




Tóft SF-181:028. Á ljósmynd er horft til vesturs

Það sem eftir er af tóftinni er 3x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr sjást á suðurhlið og leifar af einu hólfi en ekki er hægt að sjá hversu stórt það var. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og í innanverðum veggjum sjást 3 umför. Norðan við tóftina er grjótdreif á svæði sem er um 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Tóftir SF-181:029. Á ljósmynd sést tóft C, horft til suðvesturs



Fjórar fornlegar tóftir eru í þyrpingu á tanga milli tveggja gilja um 160 m suðvestan við Svartanúp 001. Tanginn sem tóftirnar eru á er afmarkaður af djúpum giljum. Hann er langur og mjór eða um 40 m á breidd en um 400 m langur og snýr NNV-SSA. Tanginn er mosavaxinn.

Tóftasvæðið er 72 x 37 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Á því eru fjórar tóftir. Tóft A er efst eða norðvestast og aðeins eru um 4 m frá henni og yfir á gilbarminn. Hún er 9-10 m í þvermál en er þó ekki alveg hringlaga og snýr norðvestur-suðaustur. Op var e.t.v. á

suðurvegg en það er of óljóst til að hægt sé að fullyrða það. Veggir tóftarinnar rísa um 0,3 m upp úr umhverfinu en innra birgði veggja er aðeins 0,1 m á hæð. Veggir eru víða um 2 m á hæð. Tóftin er vaxin mosa og er mjög fornleg. Um 7 m neðan við A er þústarsvæði B. Það er enn óljósara en A en er mögulega stærsta tóft svæðisins en hægt er að ímynda sér að þústin hafi skipst í 3-4 hólf. Tóft B er sigin og fornleg og er á gilbarminum og þegar hefur án efa hluti austurveggjar brotnað í gilið. Beint neðan við tóftina, í gilinu fannst stórgripatönn í gilrofinu. Tóft B er gróflega áætluð um 11-12 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist skiptast í þrjú hólf en þau eru nú orðin nærri því alveg óskýr. Þó má ætla að hólf I hafi

verið efst eða nyrst og að það hafi verið um 4 x 1-1,5 m að stærð og snúið norðaustur-suðvestur. Suðvestar er annað hólfi II sem snýr eins. Það er um 3,5-4 x 2 m að stærð. Þriðja hólfið III snýr þvert á hin tvö og er suðvestast í tóftinni. Það er 4 x 1,5 m að innanmáli. Tóft C er byggð vestan í brekkunni og er talsvert lægri en bæði tóftir A og B. Hún er mosavaxin en þó vex krækiberjalyng í tveimur hringjum innan hennar. Tóftin stendur 0,3 m hærra en umhverfið en hæð innri brúnar veggja er 0,1 m. Utanvert við tóftina að norðvestanverðu er lítið hólfi, 4 x 3 m stórt sem virðist eldra byggingarstig. Það stendur talsvert lægra en sjálf tóftin. Frá tóftinni er aflíðandi halli ofan í gil og eru 2-4 m frá henni og þar til fer að falla ofan í gilið. Tóftin virðist einföld og líklega hefur op verið á suðvesturhorni en það er nú að verða óskýrt. Sjálf tóftin er á hálfgerðum flata en frá henni hækkar upp að tóft A og B. Tóft D er neðst á svæðinu um 46 m neðan við tóft A og á gilbarminum. Tóftin er 13 x 9 m stór, aflöng og snýr norður-suður. Ekkert op sést á henni lengur en það má hugsa sér að það hafi verið á vesturvegg. Veggir eru mjög hrundir og rísa 0,3 m frá umhverfinu en innri brún er óveruleg. Tóftin er einföld í örlitlum halla til suðurs. Í og á henni vex svolítið gras, ólíkt öðrum tóftum á svæðinu. Sumarið 2013 var borað á þessum stað og snið hreinsuð upp í rústum C og D en í báðum tilfellum virtust tóftirnar byggðar fast eftir gos í Eldgjá 934.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Skaftártunga: Archaeological investigation in 2013, 31-34

SF-181:030 renna traðir

63°48.982N 18°33.394V

Traðir eru í túni Svartanúps frá suðvesturhlið túngarðs 018. Þær hafa grafist niður af umferð í túninu næst túngarðinum og eru afmarkaðar til suðausturs af réttartóft D sem er áföst innanverðum túngarði 018. Traðirnar eru í suðvestanverðu túni í aflíðandi halla til suðausturs.



Traðir SF-181:030 þar sem þær liggja út um túngarð. Horft til suðausturs

Traðirnar eru niðurgrafnar og mynda gróna rennu í túninu sem er greinilegust næst túngarði og og verður svo óskýrari og hverfur í túnið um 35 m VSV við bæ 001. Rennan sést á um 35 m löngum kafla og liggur VSV-ANA. Meðfram réttartóft 018D er hún um 1,5 m á breidd og 0,2 m á dýpt en mjókkar og grynnkar strax þegar komið er framhá tóftinni. Þessar traðir eru yngri en traðir 004.

Hættumat: engin hætta

SF-181:031 þúst



Gjóskuhaugur SF-181:031, horft til SSA

Hættumat: engin hætta

SF-181:032 *Veita* örnefni áveita

"Þá er komið aftur heim að túni, og niður af túni heitir Heimamýri," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við skrána segir ennfremur: "Heimamýri var alltaf nefnd Veita. Hún var mjög stórbýfð". Beint sunnan við bæ 001 á Svartanúpi er s.k. Bæjarmýri sem einnig var nefnd Veita. Engin ummerki sjást um áveitu í henni nú. Smáþýfð mýri. Mýrin er gróflega áætlað um 300 x 180 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Engar mannvistarleifar er nú hægt að greina í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svartignúpur, 2, Ö-Svartignúpur ath og viðb, 5

SF-181:033 þúst óþekkt



Þúst SF-181:033 sést fá miðri mynd en bæjartóft 001 er í baksýn. Horft til suðurs

63°48.992N 18°33.262V

Greinileg hæð, manngerð, er í túninu um 30 m neðan (sunnan) við bæjartóftina 001 austanverða. Tóftin er um 20 m austan við útihústöft 021. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri.

Hæðin er um 3 m í þvermál og sker sig úr flatanum í kring. Hún er 0,7 m á hæð og svolítið strýtulaga. Hún er vaxin mosa og grasi. Skurður í hæðina sumarið 2013 leiddi í ljós að hún samanstendur af gjalli sem safnað hafði verið saman á túninu eftir Heklugosið 1845.

63°48.917N 18°33.054V

Afar óljós þúst sem minnir á sokkna tóft er í túni Svartanúps um 20 m norðan við bæ 001 en um 50 m ANA við tóft 019. Umhverfis eru tún gróin snöggu og þurru grasi. Túnin eru í aflíðandi halla til suðausturs en er efsti hluti þeirra brattar en sá neðri. Suðaustan við heimatúnið tekur við talsverð mýri. Þústin er ofarlega í túninu.

Þústin er afar óljós og ekki er hægt að fullyrða að hún sé leifar útihúss þó að það sé líklegt. Þústin er 5-6 x 4-5 m stór og snýr norður-suður. Ekki er hægt að sjá tóftarlag á henni og hæð hennar er aðeins um 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

SF-181:034 tóft óþekkt

63°48.853N 18°33.524V

Lítill tóft er á suðausturbrún

Utastagils, um 335 m suðvestan við bæ 001.


Tóftin er á smápýfðu og mosavöxnu svæði sem hallar lítillega til suðausturs. Tóftin er einföld, um 6x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hún er gróin og sigin.

Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Op virðist vera í austurhorni en það kann að vera rof.

Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Tóft SF-181:034. Á ljósmynd er horft til

SF-181:035 heimild um þúst hlutverk óþekkt

Bjarni F. Einarsson skráði mögulega þúst efst á hæð austan Kálfaflatar þegar hann vann að úttekt vegna Hólmsárlínu. Samkvæmt Bjarna er þústin óræð og hann telur ekki víst að um manngerða rúst sé að ræða. Í lýsingu sinni segir Bjarni: "6 x 7 m (A-V). Veggir úr torfi (og grjóti?), um 2 m breiðir og 0,2-0,4 m háir. Rústin er mjög mosavaxin og alls ekki víst að um rúst sé að ræða. Fleiri álíka þústir, og sumar mun umfangsmeiri fundust, en vegna þess að þær eru talsverðan spöl frá hinni fyrirhuguðu línu, voru þær ekki skoðaðar frekar né skráðar."

Heimildir: Bjarni F. Einarsson, Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, V-Skaftafellssýsla, 36



V. Niðurstöður

Í fyrsta áfanga skráningar í Skaftártungu voru skráðir allir þekktir minjastaðir á þremur fornum lögbýlum, á Búlandi, í Búlandsseli og á Svartanúpi. Jarðirnar eiga það sameiginlegt að hafa verið flokkaðar sem lögbýli um miðja 19. öld en nú er aðeins Búland enn í byggð. Búlandssel og Svartinúpur lögðust báðar í eyði á fyrri hluta 20. aldar.

Af jörðunum þremur var Búland langstærst og án efa frumbýli svæðisins en bæði Búlandssel og Svartinúpur byggjast úr landi Búlands á síðari öldum. Búlands er fyrst getið í Landnámabók. Þar segir: „Vilbaldr hét maðr, bróðir Áskels hnökkans; hann fór af Írlandi til Íslands ok hafði skip þat, er hann kallaði Kúða, ok kom í Kúðafljótsós; hann nam Tunguland á milli Skaptár ok Hólmsár ok bjó á Búlandi“.¹ Samkvæmt Landnámu kom Ísólfr nokkur síðar að landi á þessum slóðum og skoraði á Vilbald til landa eða hólmgöngu en Vilbrandur vildi ekki berjast „ok fór brutt af Búlandi; hann átti þá land milli Hólmsár ok Kúðafljóts. En Ísólfr fór á Búland og átti þá land milli Kúðafljóts [samkvæmt neðanmálgrein er Kúðafljót líklega Tungufljót] ok Skaptár“.² Búlands er annars víða getið í rituðum heimildum frá 13-16. öld en elsti vitnisburðurinn um búsetu þar er að sjálfsögðu kumlateigurinn sem þar blés upp síðla á 19. öld (sjá fornleif SF-179:009). Að auki var sóknarkirkja á jörðinni um aldir en slíkt er gjarnan talið sjálfstæður vitnisburður um forna búsetu þar sem sóknarkirkjur voru gjarnan reistar á betri og landmeiri jörðum þar sem land var gjarnan numið fyrr. Að samanlögðu má færa fyrir því sterk rök að Búlandsjörðin hafi verið ein af höfuðjörðum svæðisins. Hinar jarðirnar tvær voru líklega ætíð litlar og byggjast upp mun síðar, mögulega jafnvel aðeins á 18.-19. öld en þó er einnig mögulegt að þær hafi byggst fyrr og fallið í og úr byggð í gegnum aldirnar og eru á báðum jörðum fornleg bæjarstæði utan heimatúnanna sem benda í það minnsta til að einhver byggð hafi verið á þessum slóðum snemma. Elsta þekkta ritaða heimildin um jörðina Svartanúp er hins vegar aðeins frá lok 18. aldar og elsta þekkta heimildin um Búlandssel frá því um 1800.³


Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var safnað heimildum um minjar á svæðinu. Við slíka yfirferð er farið í gegnum ýmsar ritaðar heimildir s.s. fornbréfasöfn, örnefnaskrár, túnakort, ferðabækur, fornleifaskýrslur o.s.frv. og leiddi sú heimildaleit í ljós 50 þekkta minjastaði á svæðinu. Við vettvangsvinnu fjölgaði stöðum umtalsvert og á

¹ ÍF I, 326.

² ÍF I, 328-29.

³ Búlandssels er fyrst getið í heimild svo vitað sé í Nýrri Jarðabók frá 1801 en Svartanúpur var í byggð í Skaftáreldum samkvæmt Ævisögu sr. Jón Steingrímssonar.

endanum urðu skráðar minjar um 150 talsins. Sumir minjastaðanna eru í raun minjabyrpingar s.s. sel- og býlirústir með fjölda tófta og garða og því eru skráðar minjæningar á þessu svæði mun fleiri eða á þriðja hundrað talsins.



Yfirlitskort sem sýnir þá minjastaði sem fjallað er um í skýrslunni

Minjastaðirnir sem skráðir voru reyndust afar fjölbreytilegir. Sumir voru einfaldar vörður eða tóftir en þeir umfangsmestu voru miklar minjabyrpingar með vallargörðum og fjölda rústa. Auk útihúsa reyndist algengasti minjaflokkurinn samgönguminjar en slíkar minjar eru t.d. vöð og leiðir en einnig vörður og traðir. Hlutverk um þriðjungs þeirra staða sem skráður var reyndist óþekkt, þ.e. hvergi var getið um hlutverk þeirra í heimildum og vettvangsúttekt og viðtöl við heimildamenn leiddu ekki til þess að hægt væri að skera úr um það með óyggjandi hætti. Margir þessara staða voru vörður sem gætu t.d. hafa gegnt hlutverki eyktarmarka, vegvísa, landamerkja o.s.frv. Staðirnir 100 sem fundust á vettvangi en var hvergi getið í heimildum voru flestir vörður og stakar rústir en í nokkrum tilfellum fundust þó umfangsmeiri minjar sem ekki er vitað til að hafi áður verið fjallað um á prenti og gætu verið býli eða sel/útstöðvar. Dæmi um slíka staði er t.d. tvær tóftabyrpingar við Kóragil (SF-179:070 og 72), þyrping skammt suðvestan við Svartanúp (SF-181:029) og tóftabyrping við Hellisgil (SF-179:007).

Þær minjar sem skráðar hafa verið í Skaftártungu eru afar fjölbreytilegar og almennt verður varðveisla minja á svæðinu að teljast góð. Aðeins tæp 18% þeirra minjastaða sem voru skráðir reyndust alveg horfnir, en á öðrum stöðum sáust einhverjar leifar. Þetta hlutfall er lágt miðað við landsmeðaltal og skýrist það að hluta til með þeirri staðreynd að tvær af jörðunum þremur sem skráðar voru féllu í eyði snemma á 20. öld og því hafa stórfelldar framkvæmdir, sem gjarnan fylgja búskaparháttum á seinni hluta 20. aldar, haft þar minni áhrif en ella. Búlandsjörðin sem enn er í byggð er einnig landmiklil og hefur það sitt að segja, þ.e. ekki var eins mikil þörf að því að nýta og endurnýta sérhvern skika lands með sama hætti og gjarnan reynist nauðsynlegt á landlitlum jörðum og veldur oft eyðileggingu minja.

Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem steðjaði að hverjum minjastað og reyndist meirihluti minjastaða í hættu eða stórhættu af ýmsum sökum (samtals ríflega 60%). Algengast var að minjar væru í hættu vegna rofs/landbrots en uppblástur hefur lengi verið talsvert vandamál á svæðinu og ógnar um 43% þeirra staða sem töldust í hættu. Næst algengast var mögulegar framkvæmdir ógnuðu minjum (eða 29% staða) en ástæða þessa er fyrst og fremst sú að uppi hafa verið hugmyndir um virkjun (Búlandsvirkjun) á þessum slóðum og myndu slíkar framkvæmdir setja á þriðja tug minjastaða á svæðinu í hættu. Þriðja algengasta hættuorsök minjastaða var svo einfaldlega venjulegt raks sem fylgir ábúð, s.s. möguleg jarðrækt og sléttun. Ef aðeins er

litið á þá 22 minjastaði sem töldust í stórhættu, voru flestir (13) í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda í tengslum við Búlandsvirkjun en átta staðir töldust einnig í bráðri og yfirvofandi hættu vegna landbrots/uppblásturs. Að auki var einn minjastaður að stóru leyti horfinn í nýrækt og taldist hann í stórhættu vegna fyrirséðrar, áframhaldandi ræktunar.

Í vettvangsúttekt voru skráðir 11 staðir sem voru líkleg eða örugg býli/bæjarstæði eða sel (sjá töflu 1).⁴ Þrír staðanna eru bæjarstæði Búlands, SF-179:001, Búlandssels SF-

Samtala	Sérheiti	Ástand	Aldur
SF-179:001	Búland	Stór bæjarhóll þar sem enn er búið. Talsvert rask hefur átt sér stað.	Líkleg landnámsjörð, enn í byggð.
SF-179:010	Erlendsstaðir	4-5 fornlegar rústir og mögulegur öskuhaugur (friðlýstur minjastaður).	Virðist í eyði fyrir 1206.
SF-179:008	Porláksstaðir	Stök rúst og tvær þústir (mögulegt er að nafnið hafi færst til og hafi áður átt við rúst 179:010).	Hjáleiga frá Búlandi, fór í eyði í Kötlugosinu 1755 en komst aftur í byggð og var í byggð fram á 19. öld.
SF-179:007	Nafnlausar rústir	8-11 rústir þar á meðal skálalaga bygging og möguleg jarðhýsi við Hellisgil.	Könnunarskurður sumarið 2014 bendir til að byggingarnar séu í notkun milli 934 og 1104.
SF-179:026	Litlanes	Öll ummerki hurfu 1783.	Hjáleiga frá Búlandi á 18. öld og fyrr? Tók af í Skaftáreldum.
SF-179:072	Nafnlausar rústir	4-5 fornlegar rústir við Kóragil.	Könnunarskurður sumarið 2014 benti til þess að svæðið hefði verið komið í byggð eftir 934 og verið fallið í eyði 1104.
SF-180:001	Búlandssel	Umfangsmiklar rústir bæjar, útihúsa og garðlaga frá 19. og 20. öld.	Bærinn byggist líklega upp á 18. öld en fellur endanlega í eyði í upphafi 20. aldar. Samkvæmt heimildum og prufuskurðum. Mögulegt er þó að hann hafi áður komist í byggð/fallið í eyði.
SF-180:014	Hróðnýjarstaðir	Umfangsmiklar rústir, garðlög og bæjarhóll (friðlýstar minjar)	Staðurinn kemst í byggð eftir 934 og er farinn í eyði 1206 samkvæmt greiningu á eldri uppgraftargögnum.
SF-181:001	Svartinúpur	Stórt heimatún afgirt með túngörðum en innan þess leynast bæjartóftir og fjölmargar útihúsrústir.	Könnunarskurður benti til að svæðið hafi verið í byggð á 18.-19. öld. Bærinn fer í eyði 1918.
SF-181:016	Nafnlausar rústir	Röð af óljósum rústum í jaðri hraunbrúnar við Syðri-Ófæru – mögulega sel eða búðir ferðamanna?	Ekkert vitað um aldur. Borkjarnasýni bentu til að mögulega væri svæðið yngra en 1477 en niðurstöður voru of ótryggar til að hægt væri að treysta þeim
SF-181:029	Nafnlausar rústir	4 fornlegar rústir um 200 m suðvestan við Svartanúp. Eldra bæjarstæði eða sel?	Byggingarnar voru byggðar á meðan eða um leið og Eldgjáargosi lýkur 934 ±2 og þyrpingin líklega fallin úr notkun fyrir 1104.

Tafla 1: Bæjarstæði og sel á skráningarsvæðinu. Sumir staðanna eru vel þekktir en hlutverk annarra er aðeins tilgátur.

⁴ Að auki mætti nefna önnur þyrping tófta SF-179:070 er við Kóragil um 240 frá þeim rústum sem nefndar eru í töflu nni (SF-179:072) og er þar einnig að finna skálalaga tóft sem mögulega gæti verið leifar af selstæði/býli þótt fjarlægðin frá 072 sé grunsamlega stutt.


180:001 og Svartanúps SF-181:001 og fjögur bæjarstæði til viðbótar eru þekkt úr rituðum heimildum (Litlanes SF-179:026, Þorleifsstaðir SF-179:008, Hróðnýjarstaðir SF-180:014 og Erlendsstaðir SF-179:010). Auk þessara staða fundust við skráninguna rústaþyrpingar á fjórum stöðum sem hvergi er getið í þekktum heimildum (SF-179:007/027, SF-179:070/072, 181:016 og 181:029) en voru uppgötvaðar við yfirferð loftmynda, eftir viðtöl við heimildamenn eða við vettvangsgöngur.

Af þeim mögulegu seljum/bæjarstæðum sem fundust á skráningarsvæðinu voru sex staðir rannsakaðir frekar með könnunarskurðum og borkjarnasýnum. Á tveimur stöðum til viðbótar var sótt um leyfi til rannsókna en leyfið fékkst ekki sökum þess að staðirnir voru friðlýstir (Hróðnýjarstaðir og Erlendsstaðir). Í báðum tilfellum reyndist þó unnt að aldursgreina minjarnar upp að vissu marki, með greiningu eldri uppgraftargagna og rannsókn á gjóskulögum í rofabarði tófta. Þrír staðanna töldust ekki henta til frekari rannsókna (Búland, Litlanes og Þorleifsstaðir). Aðrir staðir sem flokkaðir voru sem möguleg sel- eða býlisleifar voru hins vegar rannsakaðir með könnunarskurðum og/eða borkjarnasýnatöku.

Á svæðinu sem skráð var í þessum fyrsta áfanga eru þrír friðlýstir staðir. Allir eru staðirnir í landi Búlands og voru friðlýstir árið 1930.⁵ Einn staðanna er uppblásinn kumlateigur norðvestan við Búland, við Granagil (SF-179:009). Kumlin fundust við uppblástur síðla á 19. öld og eru nú örfoka en staðurinn er merktur með friðlýsingaskilti frá Minjastofnun Íslands.

Austan í Þorleifs-/Þorlaksstaðafjalli eru friðlýstar „fornar tóftir Erlendsstaða“ (SF-179:010). Rústirnar eru raunar suðaustan í fellinu og um 2,1 km vestur af bænum í Búlandi. Erlendsstaðir samanstanda af fimm rústum og þúst sem líklega er öskuhaugur. Rústirnar eru á mjórri tungu milli tveggja gilja og ógnar uppblástur og landbrot niður í gilin minjunum talsvert. Tvær af rústunum eru alveg á gilbrúninni og hefur hluti beggja þegar fallið ofan í gilið. Sótt var um leyfi til að taka borkjarnasýni og eða skurði í tóftirnar en ekki fékkst leyfi til slíkra rannsókna. Við skráningu tóftanna var hins vegar skoðað rofsnið tófta E og F. Með í för var dr. Richard Streeter gjóskulagafræðingur frá St. Andrew háskóla. Rannsókn hans á rofabarðinu leiddi í ljós að engin greinilega gjóskulög var að finna í toft F (en sniðið þar var talsvert úr lagi gengið vegna hruns) en í rofi í toft E sjáust leifar af gjósku frá 1206 (Hekla) yfir veggnum og hefur tóftin því verið byggð áður en sú gjóska fell. Ekki er víst að allar tóftirnar séu frá sama tíma en vettvangskráning

⁵ Friðlýsingaskrá 1990, 53.



Tóftir Erlendsstaða. Rannsókn rofsniða leiddi í ljós að rúst E er byggð áður en gjóska frá 1206 fellur yfir svæðið. Teikning: Elín Hreiðarsdóttir

tilheyrði Búlandsseli en það land tilheyrir nú Búlandi. Rústir Hróðnýjarstaða eru mjög umfangsmiklar og ná yfir svæði sem er um 330 x 380m stórt. Þær eru um 4,6 km VNV af bænum í Búlandi. Svæðið er afmarkað af giljum til norðausturs og suðvesturs en er afmarkað af garðlögum til annarra hliða. Innan þessa svæðis eru 15 rústir af margvíslegri stærð og gerð. Stór skilarétt úr torfi er á svæðinu norðaustarlega og virðist hún byggð á bæjarhólnum, líklega þar sem bæjarhúsin hafa áður staðið. Að öðru leyti virðist lítið rask hafa átt sér stað á svæðinu. Sótt var um leyfi til að taka borkjarnasýni eða prufuskurði á svæðinu en slíkt leyfi fékkst ekki. Áður hafði þó skóflu verið stungið niður á staðnum en jarðfræðingur að nafni Jón Jónson tók tvo könnunarskurði á svæðinu á 9. áratug 20. aldar. Niðurstöður hans voru þær að býlið væri fornt en að aðeins hefði verið búið á svæðinu um stutt skeið eða milli 1150 og 1250.⁶ Samhliða skráningunni var farið yfir lýsingar Jóns í ljósi þeirra gjóskulagarannsóknna sem farið hafa fram í og við Skaftártungu á síðustu árum og var það niðurstaða dr. Richard Streeters að neðri gjóskan sem komið var niðurá væri að öllum líkindum ekki frá 1150 eins og Jón taldi

benti þó heldur til þess að tóftirnar væru flestar frá sama skeiði og því er líklegt að rústaþyrpingin í heild sé eldri en frá 13. öld.

Þriðja fríðlýsta fornleifin á svæðinu er mikil rústaþyrping sem nefnd er Hróðnýjarstaðir (SF-180:014).

Hróðnýjarstaðir eru á þeim hluta svæðisins sem áður


⁶ Jón Jónsson. 1985.

heldur gjóska úr Eldgjá sem féll 934 ±2 og að sú efri hlyti að vera Heklugjóska sem fell um 1206. Þetta þýðir að búseta á staðnum kann að hafa hafist fyrr en áður var talið en óumdeilt er það að byggðin er fallin í eyði um miðja 13. öld.⁷ Rústir Hróðnýjarstaða hljóta að teljast á meðal þeirra áhugaverðustu sem skráðar voru að þessu sinni. Umfang rústanna bendir eindregið til að bærinn hafi verið stöndugt býli enda hafa margar tilgátur verið settar fram um rústirnar í gegnum tíðina. Þar er sagt að hafi verið „18 dyr á hjörum“ sem virðist reyndar hafa verið algeng aðferð á 18.-19. öld til að reyna að lýsa glæsileika og ríkidæmi umfangsmikilla bæjarrústa sem fallið höfðu í eyði á öldum áður.⁸ Menn hafa getið sér þess til að bærinn hafi verið höfuðbýli þess svæðisins sem þekkt er undir nafninu Tólfahringar og að þar hafi verið sóknarkirkja þess svæðis. Samkvæmt þjóðsögunni voru tólf bæir á öldum áður á svæðinu sem lögðust í eyði í eldgosi árið 1112.⁹ Enn önnur kenning er sú að bærinn hafi verið hið upprunalega landnámsbýli alls svæðisins sem hafi síðar verið fært að Búlandi. Sú kenning verður reyndar að teljast ólíkleg þar sem bæjarstæði Búlands er flestu leyti ákjósanlegra auk þess sem kumlin sem þar fundust eru sjálfstæður vitnisburður um að þar var komin byggð mjög snemma.

⁷ Richard Streeter, munnleg heimild.

⁸ Sveinn Pálsson. 1945, 159-160, 259-60 og 549.

⁹ Brynjúlfur Jónsson. 1909, 15-16.



Rústir Hróðnýjarstaða sýndar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Rannsókn á eldri uppgrafiargögnum bendir til að bærinn hafi verið í byggð einhvern tíman á tímabilinu 934-1206

Fyrsti áfangi skráningar í Skaftártungu sýnir, svo að ekki verður um villst að þar leynist mikill fjöldi spennandi minjastaða sem spanna allt tímabilið frá landnámi og fram á 20. öld. Ástand minja er þar almennt gott þó ýmsar blikur séu á lofti og meirihluti minjastaða sé í einhverri hættu. Mikilvægt er að frekari rannsóknir fari fram á þeim minjastöðum sem teljast í stórhættu og kunna að hverfa á næstum árum.

Vægi fornleifaskráningar í Skaftártungu eykst mikið af þeirri staðreynd að hún var gerð í samvinnu við stærri hóp fornleifa- og gjóskulagafræðinga sem saman vinna að því að rannsaka og skoða minjar og gróðurfar fyrri alda og stefna að frekari rannsóknum á svæðinu á næstu árum. Til að slíkar rannsóknir byggji á traustum grunni, en líka til að öðlast betri skilningi á umfangi, eðli, aldri og þróun byggðar á svæðinu er mikilvægt að halda skráningu á fornleifum. Niðurstöður fyrsta áfanga skráningar leiddu í ljós gríðarlega aukningu á þekktum minjum við vettvangsrannsóknir en þekktur minjafjöldi þrefaldaðist við skráninguna. Niðurstöður könnunarskurða og borkjarnasýna benda til talsverðrar byggðar á svæðinu strax eftir 930 (þ.e. rústirnar eru byggðar fast ofan á gjósku úr Eldgjáargosi frá 934) en engin ummerki fundust undir því gjóskulagi á því svæði sem kannað var. Flestir af þeim stöðum sem voru rannsakaðir virðast fallnir úr notkun um 1104/1206. Þessar fyrstu niðurstöður eru áhugaverðar. Þær gætu bent til þess að hafi þegar verið komin umtalsverð byggð á svæðinu fyrir 934 þá hafi hún a.m.k. ekki verið á sömu stöðum og eftir gosið í Eldgjá. Engin ummerki hafa enn fundist um eldri byggð en ennþá hefur aðeins lítill hluti Skaftártungu verið rannsakaður. Fyrstu niðurstöður skráningar og annarra rannsókna á svæðinu benda hins vegar til að mikil eyðing (eða tilfærsla) hafi orðið á byggðinni á svæðinu á 12. og/eða 13. öld. Enn er erfitt að fullyrða nokkuð um hverju þetta sætir en ýmislegt bendir til að svipuð þróun hafi átt sér stað víðar á landinu. Í nýlegum rannsóknum á Norðausturlandi (á svæðum eins og í Mývatnssveit og Reykjahverfi) hefur verið sýnt fram á að orðið hafi allt að 30% fækkun á bæjum í byggð á 12.-13. öld, sem ekki er hægt að skýra með einföldum umhverfispáttum.¹⁰ Það er eitt af stóru verkefnum fornleifafræðinnar á næstu árum að reyna að skilja þessa þróun betur. Ljóst er að rannsóknir í Skaftártungu geta gegnt mikilvægu hlutverki í þessu efni. Svæðið er ríkt af heillegum minjum frá fyrstu öldum en einnig er þar einstakt tækifæri til nákvæmrar aldursgreiningar minja þar sem gjóskulög eru þar fleiri og betur aldursgreind en víða annars staðar á landinu. Það gefur einstakt tækifæri til þessað skilja afmörkuð tímabil í sögu sveitarinnar betur og sömuleiðis sveiflur sem kunna að hafa verið í búsetumynstri og lífsgæðum íbúa eftir tímabilum. Áframhaldandi þverfaglegar rannsóknir í Skaftártungu geta því veitt ómetanlegar upplýsingar um samspil manns og náttúru á svæðinu á fyrri öldum.

¹⁰ Sjá Birna Lárusdóttir. 2007 og Orri Vésteinsson. 2008.



Heimildaskrá

ÁF 1933: Stefán Stefánsson. 1933. "Leiðir að Fjallabaki". *Árbók Ferðafélagsins*, bls. 3-67.

Árb 1895: Pálmi Pálsson. 1895. "Forn leiði fyrir ofan Búland". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. bls. 36-42.

Árb 1909: Brynjúlfur Jónsson. 1909. "Rannsókn í Vestur Skaftafellssýslu 1909". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 3-23.

Árb 1949-1950: Kristján Eldjárn. 1949-1950. "Kléberg á Íslandi". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. bls. 41-62.

Árb 1985: Jón Jónsson. 1985. „Rústirnar við Réttarfell og Leiðólfsfell“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. bls. 129-135.

Árb 1989: Jón Jónsson. 1989. „Tólfahringar og Leiðólfsfell“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. bls. 121-132.

Birna Lárusdóttir. 2007. "Settlement organization and farm abandonment: The curious landscape of Reykjahverfi, North-East Iceland", í Davies, Wendy, Halsall, Guy & Reynolds Andrew (ed.): *People and Space in the Middle Ages, 300-1300* (Studies in the Early Middle Ages 15). Brepols: Turnhout, bls. 45-63.

Bjarni F. Einarsson. 2011. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína Hólmsárvirkjunar, V-Skaftafellssýslu*. Fjölrit Fornleifafræðistofunnar.

Brynjúlfur Jónsson. 1909. "Rannsókn í Vestur Skaftafellssýslu 1909". *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1919, bls. 3-23.

DI: *Diplomatarium Islandicum/Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, George Hambrecht, Richard Streeter, Andrew Dugmore and Hildur Gestsdóttir. 2014. *Skaftártunga: Archaeological investigations in 2013*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS535-13021.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* II. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar.

Friðlýsingaskrá: Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík. Þjóðminjasafn Íslands.

FSP: Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálsonar*. Reykjavík. Snælandsútgáfan.

ÍF I: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1968. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Jón Steingrímsson. 1913-1916. *Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar 1728-1791*. Reykjavík. Sögufélag.

KEKH 2000: Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Reykjavík, Mál og menning, 2000.

KK: Kálund, Kristian. *Íslenskir sögustaðir. Norðlendingafjórðungur* III. Reykjavík, Örn og Örlygur, 1986.

Orri Vésteinsson (ritstj.). 2008. *Archaeological investigations in Mývatnssveit 2007*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Reykjavík. Prentsmiðjan Hólar.

Sturlunga saga. I-II bindi. Reykjavík, 1946.

SSSk: *Skaftafellssýsla: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873.*
1997. Reykjavík. Sögufélag.

Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálsonar.* Reykjavík. Snælandsútgáfan.

Vigfús Gestsson. 1985. *Sunnlenskar byggðir IV* (Skaftártunguhreppur). Guðmundsson, J., Jónsson, J. og Guðjónsson, O. (ritstj.). Búnaðarsamand Suðurlands.

Pórður Tómasson. 2011. *Svipast um á söguslóðum: þættir um land, menn og mannaminjar í Vestur-Skaftafellssýslu.* Reykjavík. Skrudda.

Óutgefnar heimildir

Loftmyndir af sveitarfélaginu Skaftárhreppi, frá Loftmyndum ehf.

Túnakort: Uppdráttur af túni Búlands frá því um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Búlandsheiði og Skaftártunguafrétt: *Örnefnaskrá Búlandsheiðar og Skaftártunguafrétts.* Magnús Finnbogason skráði eftir Gísla Sigurðssyni. Árni Jóhannesson í Gröf fór yfir. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*


Ö-Búland: *Örnefnaskrá Búlands* Magnús Finnbogason skráði eftir Gísla Sigurðssyni. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*

Ö-Búlandssel: *Örnefnaskrá Búlandssels.* Örnefni skráði Magnús Finnbogason eftir Gísla Sigurðssyni. Gísli og Gísli Tómasson fóru yfir. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*

Ö-Svartinúpur: Örnefni í landi Svartanúps. Magnús Finnbogason skráði eftir Gísla Sigurðssyni. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*

Ö-Svartinúpur ath og viðb: Örnefni í landi Svartanúps athugasemdir og viðbætur.

Jóhann Þorsteinsson fór yfir. *Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*



HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI
(ISN93)

Samtala	Longitude	Latitude
SF-179:001	524980.63	363569.7
SF-179:002	525016.33	363574.83
SF-179:003	525079.05	363542.88
SF-179:004	525040.19	363592.98
SF-179:005	524938.03	363601.66
SF-179:006	522358.19	362818.63
SF-179:007A	524104.31	365028.26
SF-179:007B	524110.82	365036.54
SF-179:007C	524108.65	365044.83
SF-179:007D	524128.77	365067.51
SF-179:008A	522328.21	362989.44
SF-179:008B	522289.35	363029.28
SF-179:008C	522294.29	363055.71
SF-179:009	524196.03	364720.97
SF-179:010A	522904.93	363985.28
SF-179:010B	522915.38	363975.02
SF-179:010C	522915.38	363983.9
SF-179:010D	522894.08	363990.41
SF-179:010E	522890.13	364003.23
SF-179:010F	522871.2	364013.29
SF-179:010G	522900.78	363952.34
SF-179:011	524898.97	363645.64
SF-179:012	525052.82	363243.08
SF-179:013	524986.15	363682.52
SF-179:014	524249.48	363955.89
SF-179:015	520833.96	362680.76
SF-179:016	524408.84	364996.11
SF-179:017	525285.95	363687.45
SF-179:018	526076.07	362760.05
SF-179:019	525532.1	363181.74
SF-179:020	524855.38	363455.5
SF-179:021	524991.08	363569.7
SF-179:022	525782.78	362132.45
SF-179:023	525032.9	364740.1
SF-179:024	524941.97	363594.16
SF-179:025	524951.83	363576.41
SF-179:026	525704.68	361407.41
SF-179:027A	524140.41	365130.82
SF-179:027B	524155.2	365132.6
SF-179:027C	524125.02	365120.56

Samtala	Longitude	Latitude
SF-179:027D	524117.13	365164.35
SF-179:027E	524124.43	365194.13
SF-179:027F	524108.06	365197.88
SF-179:027G	524102.14	365206.76
SF-179:028A	525125.99	363545.25
SF-179:028B	524996.8	363671.87
SF-179:030	525239.6	364121.37
SF-179:031A	525809.02	363978.57
SF-179:031B	525700.93	363852.14
SF-179:031C	525695.61	363785.28
SF-179:031D	525724.6	363844.06
SF-179:031E	525796.99	363959.05
SF-179:032	525824.4	364036.56
SF-179:033A	525363.66	364128.27
SF-179:033B	525368	364078.96
SF-179:034A	524387.35	365123.33
SF-179:034B	524397.21	365083.48
SF-179:035A	525003.11	363129.28
SF-179:035B	525023.23	363068.33
SF-179:036	523766.25	363923.74
SF-179:036_ni A	523795.44	363971.08
SF-179:036_ni B	523795.84	363992.58
SF-179:037A	523886.96	363815.06
SF-179:037B	523800.37	363821.57
SF-179:038A	524981.02	363149.4
SF-179:038B	524951.24	363191.6
SF-179:039	524956.37	363577
SF-179:040	525000.75	363558.86
SF-179:041	521731.38	363585.88
SF-179:042	521821.12	362861.04
SF-179:043	522065.89	363386.67
SF-179:044	524996.21	363503.43
SF-179:045	524941.77	363523.35
SF-179:046	524878.46	363610.14
SF-179:047	525709.81	362523.17
SF-179:048	525962.07	362770.11
SF-179:049	524993.84	363532.03
SF-179:050	525293.05	363649.98
SF-179:051A	524383.01	365056.27
SF-179:051B	524373.74	365039.89
SF-179:052	525926.37	362189.65
SF-179:052A	525940.97	362197.93

Samtala	Longitude	Latitude
SF-179:052C	525953.39	362223.18
SF-179:053	525813.16	362274.85
SF-179:054A	524116.15	364835.56
SF-179:054B	524149.28	364981.71
SF-179:055A	524908.24	363307.58
SF-179:055B	524893.65	363354.32
SF-179:056	525116.33	363549.78
SF-179:057	524859.92	363397.71
SF-179:058	525504.09	362160.46
SF-179:059	524838.82	363682.32
SF-179:060	525163.86	363270.3
SF-179:061	524912.58	363560.04
SF-179:062	525116.72	363355.31
SF-179:063	524986.74	363486.86
SF-179:064A	522859.17	364141.69
SF-179:064B	522848.91	364149.18
SF-179:065	525512.18	362252.76
SF-179:066	522369.83	363143.08
SF-179:067A	525208.63	363390.22
SF-179:067B	524993.65	363707.77
SF-179:068	522400.4	362703.25
SF-179:069	525138.22	363375.43
SF-179:070A	521426.45	363710.33
SF-179:070B	521455.25	363755.5
SF-179:070C	521402.59	363717.83
SF-179:070D	521382.86	363742.68
SF-179:070E	521326.45	363646.03
SF-179:071	525123.03	363540.71
SF-179:072A	521666.29	363504.62
SF-179:072B	521651.5	363500.08
SF-179:072C	521681.08	363513.29
SF-179:072D	521643.61	363557.28
SF-179:072E	521624.28	363578.38
SF-179:072F	521620.73	363563.79
SF-179:072G	521687.98	363565.56
SF-179:072H	521650.51	363526.9
SF-180:001	520539.09	364426.69
SF-180:002	520267.5	364266.14
SF-180:003	520318.58	364432.21
SF-180:004	521487	364342.87
SF-180:005	520300.63	364638.32
SF-180:006	520577.75	364453.51

Samtala	Longitude	Latitude
SF-180:007	520356.84	364707.36
SF-180:008	521010.09	364576.98
SF-180:009	520717	362346.06
SF-180:010A	520582.28	365118.2
SF-180:010B	520564.34	365115.04
SF-180:011	519243.06	364686.05
SF-180:013	521397.26	365775.38
SF-180:014A	520989.77	365932.98
SF-180:014B	520960.19	365919.17
SF-180:014C	520955.06	365906.35
SF-180:014D	521017.58	365922.13
SF-180:014E1	520980.3	365851.71
SF-180:014E2	520999.24	365885.84
SF-180:014E3	520978.33	365822.13
SF-180:014F1	521114.42	365799.25
SF-180:014F1	521066.3	365713.26
SF-180:014F1	521129.22	365881.5
SF-180:014F2	521114.62	365939.68
SF-180:014F3	521061.76	365880.71
SF-180:014F4	521014.43	365818.58
SF-180:014G	521005.16	365787.42
SF-180:014O	520986.42	365881.1
SF-180:014H	520989.77	365785.44
SF-180:014I	520967.09	365779.92
SF-180:014J	520993.52	365756.25
SF-180:014K	520991.55	365731.01
SF-180:014L	520941.84	365714.44
SF-180:014M	520928.83	365718.78
SF-180:014N	520835.14	365821.54
SF-180:014O	521092.73	365646.59
SF-180:014P	520970.64	365981.1
SF-180:014Q	521038.88	365927.26
SF-180:014R	520990.17	365904.97
SF-180:015	520464.53	364603.02
SF-180:016A	519596.9	366708.7
SF-180:016B	519600.64	366757.02
SF-180:017	520494.91	364129.85
SF-180:017B	520695.69	362107.8
SF-180:018	520526.47	364397.3
SF-180:019A	520589.19	364486.85
SF-180:019B	520618.97	364437.74
Vegur		

Samtala	Longitude	Latitude
SF-180:019C	520591.75	364319.39
SF-180:019D	520449.35	364592.76
SF-180:019E	520461.58	364576.59
SF-180:019G	520447.18	364580.93
SF-180:019I	520444.42	364573.24
SF-180:019J	520443.43	364569.69
SF-180:019K	520443.04	364565.94
SF-180:019L	520441.66	364560.42
SF-180:019M	520440.08	364556.27
SF-180:019N	520437.71	364550.95
SF-180:019O	520434.75	364547.79
SF-180:019P	520433.17	364543.65
SF-180:019_F	520448.76	364583.69
SF-180:020A	519579.15	366436.52
SF-180:020B	519592.95	366479.91
SF-180:021	519586.64	366307.72
SF-180:022	519392.56	366900.61
SF-180:023	520556.45	367227.63
SF-180:024A	520541.65	367323.29
SF-180:024B	520555.46	367326.84
SF-180:024C	520591.55	367356.82
SF-180:024D	520589.98	367334.73
SF-180:024E	520589.38	367331.97
SF-180:025	519573.43	366403.38
SF-180:026	521711.26	366568.27
SF-180:027	521613.43	366412.85
SF-180:028	520499.64	364437.74
SF-180:029	520640.86	364290.6
SF-180:030	520391.56	364305.19
SF-180:031	520504.97	364426.49
SF-180:032	520379.13	364430.24
SF-180:033	520432.19	364453.32
SF-180:034	520520.35	364624.12
SF-180:035	520441.66	364351.35
SF-180:036	520422.92	362670.9
SF-180:037	520400.83	364387.05
SF-180:038	520442.64	364630.63
SF-180:039	519831.41	364793.94
SF-180:040	520422.33	364628.86
SF-180:041	520032.98	364547.99
SF-180:042	520448.76	364454.11
SF-180:043	522665.09	366554.07

Samtala	Longitude	Latitude
180109H	520445.4	364576.19
SF-181:001	521908.89	368171.2
SF-181:001K	521892.91	368168.05
SF-181:002	521883.25	366639.08
SF-181:003	522045.57	366738.88
SF-181:004	521919.34	368126.03
SF-181:005	522201.39	367969.82
SF-181:006	521801.99	368240.63
SF-181:007	522010.07	367786.99
SF-181:008	522212.63	367957.79
SF-181:009	520476.76	367694.88
SF-181:010	520423.71	368760.15
SF-181:011	520042.25	369983.99
SF-181:012A	521154.86	373742.31
SF-181:012B	521150.91	373715.09
SF-181:012C	521112.25	373583.14
SF-181:012D	521099.04	373568.15
SF-181:012E	521053.28	373300.89
SF-181:012F	520990.96	372939.56
SF-181:012G	520978.53	372831.28
SF-181:013	520634.75	373425.55
SF-181:014	520702.6	373484.92
SF-181:015	521268.86	373990.82
SF-181:016A	520151.92	376088.42
SF-181:016B	520136.73	376108.54
SF-181:016C	520163.55	376067.91
SF-181:016D	520169.27	376064.16
SF-181:016E	520171.64	376061
SF-181:016F	520173.61	376054.89
SF-181:016G	520178.54	376035.17
SF-181:017	518954.3	371151.03
SF-181:018A	522081.07	368150.89
SF-181:018B	521782.66	368184.61
SF-181:018C	521834.14	368122.68
SF-181:018D	521849.91	368115.58
SF-181:019	521860.76	368178.3
SF-181:020	521939.06	368184.61
SF-181:021	521929.6	368134.12
SF-181:022	521943.21	368092.31
SF-181:023	521884.04	368108.87
SF-181:024	521842.42	368247.73
SF-181:025	521969.64	368218.93

Samtala	Longitude	Latitude
SF-181:026	521991.73	368247.33
SF-181:027	521921.31	368281.26
SF-181:028	522081.67	368389.54
SF-181:029A	521773.98	368041.42
SF-181:029B	521783.84	368026.82
SF-181:029C	521767.08	368014.4
SF-181:029D	521810.07	367993.49
SF-181:030	521843.01	368122.48
SF-181:031	521951.49	368143
SF-181:032	522123.09	368003.35
SF-181:033	521907.51	368210.45
SF-181:034	521737.49	367882.45